

Skólanámskrá Laugarnesskóla



1. Starfsemi Laugarnesskólans frá stofnun, og þróun hans

Laugarnesskóli stendur við Kirkjuteig 24 í Reykjavík og er einsetinn grunnskóli fyrir nemendur í 1.- 6. bekk. Einkunnarorð skólans eru lífsgleði, nám, samvinna, kærleikur. Skólahverfi Laugarnesskóla afmarkast af skólahverfi Háteigsskóla í suðri, Austurbæjar skóla í vestri og Langholtsskóla í austri. Skólinn er í útjaðri Laugardalsins og örstutt er í sundlaugarnar, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Grasagarðinn, Laugardalshöll, Laugardalsvöll, skautasvellið og íþróttasvæði Þróttar/Ármanns. Laugarnes- og Laugalækjarskóli mynda saman grunnskóla Laugarneshverfis, annar starfar á barnastigi og hinn á unglingastigi. Laugarnesskóli er teiknaður af Einari Sveinssyni húsameistara og er einn af elstu skólum Reykjavíkur. Hann tók til starfa 19. október 1935 og fyrsta árið voru tíu kennarar við skólann. Skólann sóttu 214 börn á aldrinum átta til þrettán ára, eitt barn var eldra. Fjöldi nemenda í Laugarnesskóla hefur verið breytilegur á milli ára. Fjölmennastur var skólinn á árunum 1950 og 1954 en þá voru tæplega 1800 nemendur í skólanum. Frá 1969 var hann eingöngu barnaskóli og frá haustinu 2002 fyrir 1. – 6. bekk. Frá því að hann hóf störf hafa ýmsar hefðir orðið til sem eru orðnar fastir liðir í skólastarfinu og margt er það sem skapar honum einstaka sérstöðu meðal grunnskóla Reykjavíkur. Má þar nefna listaverka- og náttúrugripasafn skólans, söng og leiklistarhefðir að ógleymdu Katlagili. Stefna skólans er að viðhalda grónum hefðum og þróa þær með það að leiðarljósi að nemendur skólans þroskist við að taka þátt í þeim. Við Laugarnesskóla starfa kennarar, þroskajálfi og aðrir starfsmenn sem sinna hinum ýmsum störfum í tengslum við skólahaldið. Einnig eru starfandi við skólann skrifstofustjóri, fjármálastjóri, umsjónarmaður, deildarstjórar, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Lögum samkvæmt starfar skólaráð við skólann og er hluti af stjórnkerfi hans.

Lærdómsumhverfi

Í Laugarnesskóla er allt starfsfólk samstíga og vinnur saman að stefnumörkun og forgangsöröðun. Skólastarfið á að vera uppbyggjandi þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir hverjum og einum. Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni þar sem skólinn reynir að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Lögð er áhersla á að auðga list- og verkgreinar og að samþættingu námsgreina. Skólaumhverfi skólans á að vera hlýlegt og aðlaðandi fyrir alla þá sem tengjast skólanum.

Um Katlagil

Skólaselið í Katlagili í Mosfellsdal á sér yfir 50 ára sögu skógræktar, uppbyggingar og útikennslu. Kennarafélag skólans keypti landið árið 1949 fyrir nemendur og kennara skólans. Þangað er farið í dagsferðir að hausti og á vorin, auk þess sem 6. bekkur gistir þar eina nótt að hausti. Unnin eru fjölbreytt verkefni með áherslu á umhverfismennt og skógarfræðslu í samþættu námi. Nemendur læra um vistkerfi, sögu og jarðfræði dalsins og taka þátt í gróðursetningu og grisjun. Bekkir eiga sinn leynistað sem heimsóttur er árlega. Síðustu ár hefur Laugarnesskóli verið þátttakandi í landsverkefni Lesið í skóginn með skólum, þar sem áhersla er lögð á skógarhirðu, nýtingu skógarafurða í skólastarfi og beina þátttöku nemenda í uppbyggingu á svæðinu. Nemendur hafa útbúið göngustíg þar sem grisjað var í gegn um mismunandi trjátegundir og skógarreiti. Nemendur hafa kynnt sér örnefni á svæðinu og útbúið skilti til merkingar. Úr efnivið skógarins hafa nemendur tekið þátt í brúarsmíði, smíðað bekki, o.fl. Nemendur taka virkan þátt í grisjun skógarins, bæði með því að kvista upp og að draga stærri tré út úr skóginum. Einnig hafa nemendur tekið þátt í brauðgerð yfir opnum eldi. Nemendur í 5. og 6. bekk læra tálgun og meðferð tálguhnífa í námsgreininni Lesið í skóginn, sem er hluti af list- og verkgreinakennslu. Til þessara verkefna er notaður ferskur viður úr Katlagili. Síðast en ekki síst fá nemendur tækifæri til að njóta þess sem náttúran og skógurinn hefur upp á að bjóða í leik og starfi. Árlega gróðursetja nemendur um 500 – 1000 trjáplöntur í Katlagili. Katlagilsferðirnar tengjast kennslu í náttúrufræði og umhverfismennt. Ákveðin verkefni eru unnin í hverjum árgangi auk þess sem til er verkefnamappa með tillögum að stærðfræðiverkefnum sem hægt er að vinna úti í Katlagili.

Á jólum eru jólatré sem notuð eru í skólanum sótt í Katlagil og einnig er tekinn viður til notkunar í smíðakennslu úr Katlagilsskóginum.

Gisting 6. bekkja í Katlagili

Að hausti fara 6. bekkingar í sólarhringsferð í Katlagil. Umsjónarkennari og aðstoðarmaður fara með hópinn. Farið er með hópferðarbíl um hádegisbil og komið til baka um svipað leyti daginn eftir. Skólinn greiðir ferðakostnað. Nemendur greiða gistigjald og síðan er það ákvörðun hverju sinni hvort gerð eru sameiginleg innkaup eða hvort hver komi með mat fyrir sig. Farið er yfir umgengnisreglur hússins með nemendum þannig að húsið sé í lagi fyrir þá sem á eftir koma. Foreldrar fá upplýsingar um ferðina viku áður en farið er. Ef nemandi fer ekki með í ferðina er honum séð fyrir verkefnum í skólanum.

Laugarnes á ljúfum nótum

Laugarnesskóli tekur þátt í starfi grasrótarsamtakanna “Laugarnes á ljúfum nótum”. Þar vinna saman leikskólarnir og grunnskólarnir í hverfinu, foreldrafélögin, Laugarneskirkja, Knattspyrnufélagið Þróttur, Íþróttafélagið Ármann, TBR, Skátafélagið Skjöldungar, KFUM og K, Sundfélagið Ægir og félagsmiðstöðin Þróttheimar. Markmið þessara samtaka er að efla hverfisvitund og samkennd barna og fullorðinna í Laugarneshverfi og stuðla að samræmingu á framboði tómstundastarfs og efla skilning á markmiðum og leiðum í starfi þeirra sem koma að starfi með börnunum í Laugarnesi.

Palldagskrá

„Að vera á palli” er það kallað hér í Laugarnesskóla þegar nemandur koma fram á palli eða í sal skólans, undir leiðsögn kennara og flytja undirbúin stutt atriði, s.s. leikþætti, upplestur, söng og tónlist fyrir alla sem eru í skólanum á þeirri stundu. Slík dagskrá er flutt einu sinni í viku. Hver bekkur kemur fram a.m.k. einu sinni á vetri og er reynt að virkja alla nemendur til þátttöku. Markmið palldagskrár eru:

- að nemandur þjálfist í að koma fram fyrir stóran hóp og bera ábyrgð á framkomu sinni
- að auka samkennd í bekknum
- að nemandur læri að setja sig í spor annarra að læra að hlusta og virða framlag annarra
- að glæða listhneigð og auka fjölbreytni í skólastarfi

Náttúrugripasafn

Laugarnesskóla á eitt af stærstu söfnum í grunnskóla hér á landi. Á fyrstu árum skólans eignaðist hann nokkra náttúrugripa. Þeim fór smám saman fjölgandi. Gripunum er komið fyrir í þar til gerðum skápum í sal skólans. Hér er um einstakt safn að ræða sem er notað í náttúrufræðikennslu í skólanum.

Listasafn skólans

Listskreytingar skólans vekja eftirtekt þeirra sem hingað koma. Tveir listamenn koma þar mest við sögu, Ásmundur Sveinsson og Jóhann Briem. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari skreytti forsal skólans með grindverki úr skeifnateini. Þar dregur listamaðurinn upp myndir af nemendum í námi. Við stigagang upp á efstu hæð skólans eru tvær styttur, börn sem halda á ljóskei. Úti á leikvelliðum við skólann er stytta af dreng sem heldur á fiski. Á undirstöðu styttnnar er drykkjarbrunnur. Á göngum skólans er einnig að finna á þriðja tug málverka eftir Jóhann Briem sem var teiknikennari við skólann.

Skólahljómsveit Austurbæjar

Skólahljómsveit Austurbæjar hefur starfsaðstöðu í Laugarnesskóla. Í starfi skólahljómsveitanna er haft að leiðarljósi að auka vísýni og þroska nemenda, rækta listræna hæfileika þeirra og efla sköpunargáfu. Í skólahljómsveitunum er stuðlað að aukinni tónlistariðkun og félagsþroska, stutt við tónlistaruppeldi grunnskólanema og leitast við að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms. Stjórnandi Skólahljómsveitarinnar er Vilborg Jónsdóttir.

Söngur á sal – morgunsöngur

Morgunsöngur var komið á árið 1951 m. a. til þess að koma á góðum aga. Auk þess njóta nemendur þess að syngja saman og læra ljóð og lög sem efla móðurmálskunnáttu. Söngvasafnið hefur verið gefið út á bók og einnig eru til geisladiskar með undirpili söngvanna. Laugarnesskóli á sinn eigin skólasöng sem sunginn er

við hátíðleg tækifæri. Lagið er eftir Báru Grímsdóttur en ljóðið er eftir Iðunni Steinsdóttur en báðar störfuðu þær við skólann.

Skólablaðið

Skólablað Laugarnesskóla kemur út árlega. Í því eru myndir, greinar og ljóð eftir nemendur skólans. Foreldrar eru hvattir til þess að eignast eintak. Hagnaður af sölunni rennur til skólaselsins Katlagils.

2. Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Í 2. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, er markmið grunnskóla skilgreint. Þar segir að hlutverk grunnskóla sé í samvinnu við heimilin sé að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Krafa samfélagsins er að börn fái almenna haldbæra menntun sem nýtist þeim í leik og starfi og að þau verði heilsteypar manneskjur sem geti greint á milli þess hvað er rétt og hvað er rangt. Í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar segir:

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum samfélags á Íslandi jafnframt því að svara þeim öru samfélags- og tæknibreytingum sem kollvarpað hafa hefðbundnum hugmyndum um sköpun og miðlun þekkingar á 21. öldinni. Menntastefnan endurspeglar grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi, í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Frumkvæði, áráðni, þrautseigja, sköpunargleði og sterk tengsl við náttúruna eru verðmæt sérkenni samfélags á Íslandi. Einstök náttúra, ríkulegur menningararfur og árangur á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, menningar, íþróttar, jafnréttis og forvarna skapa fjóan jarðveg fyrir framsækna og framúrskarandi menntun barna og ungmenna í Reykjavík.

Laugarnesskóli:

- Hefur gert sáttmála um tilhögun og uppbyggingu kennslustunda.
- Leiðsagnarnám (leiðsagnarmat) er einkenni á kennsluaðferðum og námsmati.
- Leitast við að vísa til fyrri þekkingar og reynslu nemenda við raunverulegar aðstæður.
- Er réttindaskóli UNICEF.
- Er grænfánaskóli.
- Leggur áherslu á virkt nemendalýðræði
- Hefur gert morgunsönginn að daglegum viðburði
- Leggur áherslu á fjölbreyttar list- og verkgreinar.
- Stuðlar að heilbrigðum lífsstíl og útiveru.

3. Stefna Laugarnesskóla

Hlutverk Laugarnesskóla

Hlutverk Laugarnesskóla er að mennta nemendur með því að skapa þeim fjölbreytt námsumhverfi sem einkennist af samvinnu, lífsgleði og kærleik.

Sérstaða Laugarnesskóla

- Hlýlegt og aðlaðandi umhverfi og gott samstarf við foreldra og grenndarsamfélag
- Fjölbreyttir kennsluhættir og skapandi skólastarf
- Alúð lögð við menningararf skólans
- Umhverfisvitund
- Námsmat sem endurspeglar fjölbreytileika nemenda og styrkir þá í sjálfstæðum vinnubrögðum
- Jákvæð agastjórnun
- Vel menntað starfsfólk

Framtíðarsýn Laugarnesskóla

Í Laugarnesskóla hafa stjórnendur skýra framtíðarsýn og forgangsöröðun. Þeir hafa að leiðarljósi jákvætt viðhorf til starfsmanna sinna, nemenda og foreldra þeirra.

Þeir bera ábyrgð á störfum starfsmanna sinna, sem og nemenda og vinna með þeim að settum markmiðum. Tekið er á hegðun með jákvæðum og kerfisbundnum hætti til að auka félagsfærni. Lögð er áhersla á virkt upplýsingaflæði og að allir sem vinna í skólanum, nemendur og starfsfólk séu upplýstir um hvers konar vinnu og framkomu er vænst af þeim. Skólastefna skólans á að vera í takt við samfélagsþróunina, vera í stöðugri endurskoðun og samkvæmt menntastefnu Menntaráðs.

Starfsfólk Laugarnesskóla:

- verður í fararbroddi í að mæta hverjum einstaklingi á hans forsendum
- leggur áherslu á að nemendur nái árangri, virði reglur, beri ábyrgð og sinni skyldum sínum
- leggur sig fram um að skapa uppbyggjandi starfsumhverfi þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir hverjum og einum
- sinnir símenntun og tekur þátt í starfsþróun
- stendur vörð um sérkenni skólans
- leggur áherslu á samábyrgð heimila og skóla við að mennta nemendur með það að leiðarljósi að nemendur útskrifist með jákvæða sjálfsmynd, læri að axla ábyrgð og nýta tímann vel
- ætlar að auka fjölbreytni í kennsluháttum og þróa námsmat sem endurspeglar fjölbreytileika nemenda og styrkir þá í sjálfstæðum vinnubrögðum

Í Laugarnesskóla er allt starfsfólk samstíga og vinnur saman að stefnumörkun og forgangsöröðun.

Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni þar sem skólinn reynir að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Lögð er áhersla á að auðga list- og verkgreinar og að samþættingu námsgreina. Skólaumhverfi skólans á að vera hlýlegt og aðlaðandi fyrir alla þá sem tengjast skólanum.


Einkunnarorð skólans; lífsgleði, nám, samvinna og kærleikur eru kjarni skólastefnu Laugarnesskóla. Það er framtíðarsýn skólans að leitast við að vera í fararbroddi yngri barnaskóla og veita börnum alhliða menntun og þroska með mannrækt og manngæsku að leiðarljósi.

Í skólanum er unnið markvisst að því að koma á jákvæðum og góðum aga með því að vinna samkvæmt PBS vinnulagi. Nemendum er kennt að leysa ágreiningsmál friðsamlega og á jákvæðan hátt, taka tillit til annarra og skilja að engir tveir einstaklingar eru eins.

Til þess að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsællega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum.

Nemendur eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur.

Ávallt er leitast við að styrkja samkennd og samstarf starfsfólks, nemenda og foreldra. Einnig hefur skólinn þá framtíðarsýn að nýta menningarrætur sínar og halda í heiðri ýmsum hefðum sem hafa unnið sér sess í sögu skólans en um leið skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir. Með markvissum hætti er sífellt reynt að nýta auðinn í grenndarsamfélaginu til að endurnýja og styrkja skólastarfið.



Gildi skólans

Lífsgleði: Að hafa gaman af lífinu í leik og starfi. Vera jákvæður því þá gengur allt betur.

Nám: Nám í víðasta skilningi er bóklegt, verklegt, nám í mannlegum samskiptum og almennri þekkingu. Að tileinka sér nýja reynslu, hegðun, kunnáttu eða færni.

Samvinna: Við erum ein heild. Að hjálpast að á að vera sjálfsagt. Samvinna er lykill að árangri og gerir starfið einfaldara. Við vikjum sjóndeildarhringinn, vinnum hraðar og njótum samvistar með samvinnu.

Kærleikur: Skólinn er gríðastaður þar sem tillitssemi og hlýja ræður ríkjum. Leitumst við að leiðbeina nemendum þannig að þeir rækti með sér samkennd með öllum.

Ósk: Við óskum þess að öll börn fái notið réttinda sinna.

Gildin í bundnu máli

Lífsgleði þína láttu
ljóma eins og sól að vori.
Götu þína gakktu
með geisla í hverju spori.

Nám er næring sálar
nýtist lífið allt.
Þótt gangir götur hálar,
þú getur, vilt og skalt.

Með samvinnu getum við sigrað flest,
sigri er gott með öðrum að njóta.
Eitt finnst þó mörgum allra best,
umbun af góðum verkum hljóta.

Kærleikurinn kveikir eld
í hverju hjarta.
Lýsir eins og ljósið bjarta
lætur hverfa myrkrið svarta.

Höfundur: Ingólfur Karlsson

Uppeldis og kennslufræðileg stefna

Skipulag skólastarfsins

Skipulag kennslu innan árganga og milli árganga er í samstarfi stjórnenda og kennara. Nám og kennsla í Laugarnesskóla tekur mið af þeim lögum og reglugerðum sem um skólann gilda. Einnig er tekið mið af stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er hverju sinni, sem og af sérstöðu skólans. Aðalnámskrá grunnskóla skilgreinir og lýsir sameiginlegum námsmarkmiðum sem Laugarnesskóla ber að stefna að og segir til um þann lágmarkstíma sem skólanum ber að bjóða nemendum í einstökum námsgreinum og námssviðum.

Markmið

Meginmarkmiðið skólastarfs í Laugarnesskóla er að líta á árganginn sem eina heild og kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Markmið eru að:

stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum, fjölbreyttri hópaskiptingu og skólaþróun
bæta árangur nemenda
leggja áherslu á list og verkgreinar
leggja áherslu á íþróttir, sund og útikennslu
skólaárið sé brotið upp með vettvangsferðum og grenndarsamfélagið skoðað
skipulagðir séu útivistardagar að vori og haust

Framkvæmd

Tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla. Í stundaskrárgerð er gert ráð fyrir að í hverjum árgangi séu samliggjandi tímar til að auðvelda skiptingu árgangsins í mismunandi hópa. Sveigjanleiki í stundaskránni gefur möguleika á að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum með hverjum árgangi og einnig verkefnum sem tveir eða fleiri árgangar vinna saman. Verkefni eins og útikennsla, val og árviss þemaverkefni er auðvelt að fella inn í stundaskrána. Þetta fyrirkomulag auðveldar að komið sé til móts við þarfir hvers og eins á fjölbreyttan hátt. Hópar geta því verið misfjölmennir eftir viðfangsefnum.

Skóladagurinn hefst klukkan 8:30 en nemendur geta komið í skólann kl. 8:00 og farið inn í stofur. Frímínútur eru tvisvar á dag og fara nemendur út en hluta skólaársins geta þeir valið að dansa eða spila í frímínútum í stað útiveru. Matarhlé er tuttugu mínútur og nemendur fá heitan mat í hádeginu og nær allir nemendur skólans eru í mataráskrift.

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á að nemendur kynnist nærumhverfi sínu og því fara þeir í lengri og styttri ferðalög með kennurum sínum á hverju skólaári. Skólasetur skólans, Katlagil, er sá staður sem nemendur fara oftast á til að fræðast um náttúruna og til að gróðursetja tré. Útikennsla er fastur liður skólastarfsins. Lögð er áhersla á að kenna nemendum ýmsa útileiki og að þekkja grenndarsamfélagið.

Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn að skipulagi skólans en umsjónarkennarar eiga öðrum fremur að fylgjast með námi og þroska allra nemenda sem þeir hafa umsjón með. Helstu verkefni umsjónarkennara Laugarnesskóla eru að:

- hafa umsjón með og bera ábyrgð á faglegu starfi og framkvæmd kennslu og námsmati í nánu samstarfi og samvinnu við aðra kennara árgangsins
- fylgjast vel með líðan og námsframvindu nemenda og bregðast við ef þurfa þykir
- skipuleggja starf nemenda með gerð námsáætlana, kennsluáætlana og heimavinnuáætlana
- halda utan um starf stuðningsfulltrúa inni í bekk í samstarfi við deildastjóra sérkennslu
- bera ábyrgð á að einstaklingsnámsáætlanir séu gerðar fyrir þá nemendur sem það þurfa
- fylgjast með skólasókn nemenda og skrá reglulega í Mentor.is, mætingar og atburðadagbók
- framkvæma og skrá námsmat, einkunnir og/eða umsagnir í Mentor.is
- veita foreldrum reglulega upplýsingar um það starf sem fram fer
- leita eftir góðu samstarfi og samvinnu við foreldra nemenda og veita þeim upplýsingar um líðan, námsstöðu og framvindu
- taka á öllum agamálum og misklíðarefnum sem upp koma í nemendahópnum og leita sér aðstoðar hjá lausnateymi skólans varðandi meðferð þeirra mála ef þurfa þykir.

Skólaár Laugarnesskóla skiptist í þrjár annir og lýkur hverri önn með foreldraviðtali þar sem nemendur mæta með foreldrum sínum til að fara yfir námsárangur og líðan.

4. Kennsluhættir

Í Laugarnesskóla er kennt samkvæmt grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og áherslum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Kennslan er skipulögð þannig að meginmarkmið og kjarnaefni er það sama fyrir allan bekkinn en einstakir nemendur geti unnið með það á mismunandi hátt, til dæmis hvað varðar hraða, efni og námshætti. Starfsfólk skólans leggur áherslu á, í samvinnu við foreldra, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi með því að stuðla að víðsýni, umhyggju, jafnrétti, virðingu, sáttfýsi lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð. Fjölbreyttir kennsluhættir og skóli án aðgreiningar eru leiðarljós skólans í þeirri vinnu.

Í Laugarnesskóla:

- finna nemendur að kennarar gera raunhæfar kröfur og hafa jákvæðar væntingar um árangur
- finna nemendur að starfsfólk skólans sýnir þeim hlýhug og umhyggju
- vita nemendur um ábyrgð sína og skyldur
- þekkja nemendur reglur um umgengni og vinnubrögð og fara eftir þeim

Markmið með námi og kennslu í Laugarnesskóla er að hver nemandi nái eins miklum árangri og mögulegt er. Til að koma á mótis við ólíkar þarfir nemenda er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsumhverfi þar sem einstaklingarnir geta fengið að njóta sín. Fjölbreyttar kennsluaðferðir koma til móts við nemendur á þann veg að sterkar hliðar hvers nemenda nýtast og fjölbreytt námsumhverfi gefur færi á

að nemendur njóti sín í umhverfi sem hentar mismunandi námsstíl. Lögð er áhersla á að auðga verk- og listgreinar og á samþættingu námsgreina.

Umsjónarkennarar og sérgreinakennarar bera ábyrgð á námi nemenda sinna. Þeir setja markmið með kennslu sinni samkvæmt aðalnámskrá, skilgreina hvernig hún skuli útfærð og hvernig ætlunin sé að meta árangur nemenda.

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á nám við hæfi hvers og eins bæði í framkvæmd kennslunnar og í skólaþróun. Leiðarljósið er fjölbreyttir og skapandi starfshættir þar sem nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði, sjálfstæði í námi og að bæta árangur sinn. Lögð er áhersla á að nemendur læri að skipuleggja nám sitt undir leiðsögn kennara, setji sér markmið, leggi mat á vinnu sína og taki þannig ábyrgð á eigin námi.

Við gerð kennsluáætlana er stuðst við markmið aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein. Út frá þeim eru sett markmið fyrir viðkomandi námshóp og nemendum er gert ljóst hvert er stefnt og hvernig mati er háttað. Námsefnið er valið með tilliti til markmiða og þess gætt að hægt sé að uppfylla viðkomandi markmið Aðalnámskrár. Lögð er áhersla á skapandi starf og rík áhersla lögð á list- og verkgreinar. Mikilvægt er að vekja áhuga og forvitni nemenda til að gera tilraunir og draga ályktanir af þeim.

Misjafnt er hvernig kennsluáðferðir henta nemendum, aldurshópum og námsgreinum og vill skólinn koma til móts við þarfir nemenda með sveigjanleika í vinnuáðferðum. Mikil áhersla er lögð á að nemendur kynnist mismunandi vinnulagi á skólagöngu sinni. Þannig öðlast þeir menntandi reynslu og ættu því að geta gert sér betri grein fyrir því hvaða áðferðir henta þeim hverju sinni.

Gerðar eru kröfur um að nemendur sinni námi sínu vel. Markmið náms og kennslu eiga ávallt að vera nemendum sýnileg og stöðugt á að rifja þau upp. Út frá almennum markmiðum setja nemendur sér markmið í samvinnu við kennara sína og foreldra. Auk þess er gert ráð fyrir að nemendur meti stöðu sína sjálfir með reglubundnu millibili. Þetta eykur ábyrgð þeirra á eigin námi. Þeir nemendur sem víkja frá, hvort sem það eru bráðgerir nemendur eða nemendur sem eiga við námserfiðleika að stríða, vinna eftir einstaklingsáætlunum sem unnar eru fyrir þá. Markmið eru einfölduð eða þau gerð erfiðari. Nemendur eru ólíkir, tileinka sér því nám á mismunandi hátt en námslegar þarfir einstakra nemenda geta þó verið þess eðlis að þörf sé á einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópum um lengri eða skemmri tíma. Þeir nemendur eiga kost á að sækja nám í námsver. Auk þess er atferlismótun í boði fyrir þá nemendur sem þurfa aðhald vegna hegðunar. Börn af erlendum uppruna og börn sem hafa búið lengi erlendis fá kennslu í íslensku og aðstoð við að ná tökum á skólagöngu sinni.

Þetta er í samræmi við ákvæði grunnskólalaga og Aðalnámskrár grunnskóla um að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum um grunnskóla ber skólastjóri endanlega ábyrgð á skipulagi og kennslu nemenda.

Námsgögn

Námsgögnum er gerð skil og þau flokkuð. Námsgögn eru öll þau gögn er afmarka inntak náms. Við val námsgagna er haft að leiðarljósi að þau greiði sem best leiðina að settum markmiðum.

Í sumum tilvikum eru námsgögn notuð í því skyni að þjálfa grundvallarfærni, svo sem notkun ákveðins mælitækis, en önnur námsgögn þjóna þeim tilgangi að skýra mikilvæg hugtök eða þekkingaratriði sem best.

Sem dæmi um námsgögn má nefna námsbækur og kennsluleiðbeiningar, ýmsar handbækur, myndbönd, skyggjur, veggspjöld, líkön, verkefni, og margs konar efni fyrir verklega kennslu og tilraunir.

Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í Laugarnesskóla felast ekki í því að auka aðgreiningu og koma á getuskiptingu heldur einkum og sér í lagi í að aðlaga nám og kennslu að hæfileikum og áhuga hvers og eins. Sveigjanlegt skólastarf, hefðbundin kennsla, uppgötvunarnám, hópastarf og margt fleira eru hugtök sem lýsa kennslunni í Laugarnesskóla.

Önnur námsgögn s.s. stílabækur, ritföng og annað sem þarf til námsins, útvegar skólinn nemendum forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu.

Nám með leiðsögn

Nám með leiðsögn er kennsluaðferð sem segja má að byggi á kennslufræði list- og verkgreina. Sambandi nemanda og kennara má líkja saman við samband iðn- eða handverksmeistara og lærlings eins og það hefur verið í árána rás. Meistarinn (kennarinn) hefur þekkingu á efni og vinnuáðferðum og hefur reynslu af verkinu. Hann útskýrir verkefnið sem framundan er og lýsir viðmiðum um góðan árangur af handverkinu (verkefninu). Meistarinn útskýrir og kennir hefðbundin handbrögð (aðferðir) segir frá sinni reynslu við sams konar vinnu (verkefni) og hvetur nemann til að leita nýrra leiða við lausn verksins (verkefnisins). Á meðan á vinnu stendur leiðbeinir meistarinn nemanum ef hann sér að leiðsagnar er þörf, bendir á það sem vel er gert og hvað má betur fara, ásamt því að hann kemur með tillögur að aðferðum til að ná árangri. Þar sem viðmið eru skýr veit neminn hvenær verki lýkur (hvenær nóg er nóg) og hvernig verkið er af hendi leyst í heildina miðað við upphaflegu viðmiðin um frágang verks.

Í hnotskurn er aðferðin fólgin í þessu sem að ofan greinir en hér á eftir fer hin hefðbundna lýsing leiðsagnarnáms/mats samkvæmt Black og William.

Kjarninn í leiðsagnarmati er að nemandinn fái (stöðuga) endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig (ráðgjöf, leiðsögn) Sjálfsmat og jafningjamat eru mikilvægir þættir í leiðsagnarmati en meginatriði er að nemendur skilji til hvers er af þeim ætlast (skilji markmiðin) Kennslufræði leiðsagnarmats, líkt og kennslufræði verkgreina felst í að útskýra markmið fyrir nemendum, spyrja markvissra spurninga, gefa leiðbeinandi endurgjöf (umsagnir), virkja nemendur til sjálfsmats eða jafningjamats og jafningjakennsla.

Innleiðing kennsluhátta leiðsagnarnáms hófst árið 2010 með samvinnu Laugarnesskóla og nokkurra annarra Reykjavíkurskóla við Ardleigh Green Junior School í Englandi. Afrakstur þess samstarfs er sáttmáli um kennsluhætti og skólabrag. Skólinn hefur einnig veitt kennurum þjálfun með þátttöku í þróunarverkefninu Nám með leiðsögn.

Þróun og innleiðing þessara kennsluhátta stendur enn yfir og má segja að því verki verði aldrei lokið, skóli þarf að vera í stöðugri þróun í sífellt breytilegu samfélagi.

Samstarf við Ardleigh Green Junior School

Ekki eru mörg ár síðan langflestum nemendum var kennt sem einum einsleitum hópi. Kennarinn var í hlutverki fræðarans sem einnig kannaði þekkingu nemendanna. Mikil áhersla var lögð á utanbókarnám og nemendur unnu að mestu einstaklingsverkefni í vinnubækur. Það er svokölluð bekkjakennsluáðferð.

Bekkjarkennsluáðferðin ein og sér er ekki talin búa nemendur undir það flókna samfélag sem þau lifa í. Almennt er nú talið að auk góðrar undirstöðu í móðumáli, bókmenntum, stærðfræði, listum, tækni og vísindum sé önnur færni einkar dýrmæt, eins og sjálfsagi, aðlögunarhæfni, hæfileikinn til að hugsa óhlutbundið, samstarf, samhygð, sköpunarkraftur og færni til finna nýjar lausnir.

Skólinn leitar stöðugt leiða til að mæta breyttum þörfum samfélagsins og um leið fjölbreyttum þörfum nemenda.

Fjölgreindakenning Gardners gengur út frá því að mannleg greind skiptist í eftirfarandi sjö greindir:

- Málgreind
- Rök – og stærðfræðigreind
- Rýmisgreind
- Tónlistargreind
- Líkams- og hreyfigreind
- Samskiptagreind
- Sjálfsþekkingargreind

- Hann bætti síðar við þeirri áttundu, umhverfisgreind.

Kennsluaðferðir sem taka mið af fjölgreindarkenningu leggja áherslu á að allir hafi sérstaka hæfileika og kennslan tekur með af ólíkum greindum nemenda.

5. Sáttmáli LNSK um skólastarf

Sagt hefur verið að ef nemendur læra ekki af þeim kennsluháttum sem við notum þá ættum við ef til vill að nota kennsluhætti sem nemendur læra af. Með þetta að leiðarljósi var tekin ákvörðun um að innleiða breytta kennsluhætti í Laugarnesskólanum árið 2010.

Á árunum 2010 til 2016 átti skólinn, í samvinnu við nokkra aðra skóla í Reykjavík, í samstarfi við Ardleigh Green Junior School um þróunarverkefni um breytta og bætta kennsluhætti. Afurð þessa verkefnis er sáttmáli sem allir aðilar í skólanum, nemendur, kennarar og annað starfsfólk gerðu með sér um hvernig nám og kennsla eigi að vera í skólanum undir kjörorðunum: *Svona gerum við*. Markmiðið var að gera kennsluna árangursríkari, nemendur virkari og koma breyttu og bættu skipulagi á allt skólastarfið.

Skipulag og undirbúningur skólastarf

Samvinna-skipulag-upplýsingar

- Kennarar vinna í góðri samvinnu við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við Aðalnámskrá, stefnu og sérstöðu skólans.
- Í upphafi skólaárs hafa allir kennarar lokið við uppfærslu námsvísa þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd kennslunnar í samræmi við Aðalnámskrá, stefnu og sérstöðu skólans.
- Menntun nemenda er samvinnuverkefni kennara og í skólanum er lögð áhersla á góða samvinnu við undirbúning kennslu. Kennarateymi ræða saman um kennsluhætti til sýna stöðuga viðleitni til að læra meira og gera betur.
- Umsjónakennari tekur öðrum starfsmönnum fremur ábyrgð á námi, líðan og velferð nemenda sinna. Hann gengir lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla.
- Kennarar kynna sér persónumöppur nemenda sem þurfa sértækan stuðning til að tryggja að kennslan sé aðlöguð að þörfum þeirra.
- Vikuáætlun hvers kennara er aðgengileg fyrir forfallakennarar og aðra þá sem eru til aðstoðar í skólastofunni. Í henni kemur fram markmið kennslustundarinnar, hvaða námsgögn eigi að styðjast við, framkvæmd og hvernig mat/samantekt fer fram.
- Kennarar sjá til þess að heimanám nemenda sé við hæfi hvers og eins og að vinnudagur nemenda verði ekki of langur. Heimanám nemenda tengist meðal annars námsefni vikunnar í skólanum en er jafnframt til að þjálfra grunnatriði námsefnisins.
- Virk upplýsingagjöf til foreldra er ein af forsendum fyrir árangursríku skólastarfi. Kennarar skrá í Mentor námsframvindan nemenda, ástundun, hegðun og líðan og starfsanda í bekk.
- Samráðsfundir árganga eru að vori þar sem kennarar leggja mat á námsvísa og framkvæmd kennslu liðins skólaárs til að leggja grunninn að nýju skólaári. Sýnishorn verkefna í hverjum árgangi og námsgreinum eru gerð aðgengileg og flokkuð í þar til gerðar möppur á sameign tölvukerfis.
- Allt starfsfólk gæti fyllstu þagmælsku og trúnaðar um hagi nemenda og foreldra þeirra.

Nám, kennsla og námsmat

Fjölbreytt – örvandi - samfellt

- Nemendur vita til hvers er ætlast af þeim og allar kennslustundir eru vel undirbúnar, vel skipulagðar og byrja og enda stundvíslega.
- Námsmarkmið og árangursviðmið kennslustundarinnar/verkefna liggja ljós fyrir og hægt er að vísa til þeirra. Skýr tenging er á milli markmiða og námsmats.
- Kennarar leggja áherslu á heildstætt námsmat og meta ekki einungis námsmarkmið heldur líka aðra þætti til að stuðla að jákvæðu og jöfnu námsmati. Námsmatið hefur skýran tilgang, skýr viðmið, byggir á traustu skipulag og á þátttöku nemenda.

- Kennarar velja kennsluaðferðir í samræmi við nemendahópinn og viðfangsefni. Leiðarljósið er fjölbreyttir kennsluhættir til að geta mætt ólíkum einstaklingum og nemendahópum.
- Námskveikjur og innlagnir eru fjölbreyttar til að höfða til mismunandi einstaklinga.
- Verkefni eru krefjandi, áhugavekjandi og fjölbreytt til að vekja áhuga nemenda. Nærumhverfið og náttúran eru hluti af námsumhverfi nemenda.
- Kennarar kanna þekkingu nemenda á námsefninu áður en ný þekking er lögð inn og rifjar upp fyrri þekkingu nemenda á efninu
- Kennarar kenna nemendum að nýta sér margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og að nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnan hátt. Nemendur öðlast hæfni til að tjá hugsanir sínar, skoðanir og þekkingu með ýmsum miðlum
- Kennarar hvetja nemendur til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu með viðeigandi hvatningu og endurgjöf.
- Lögð er áhersla á samfellu í námi og námsmati í öllum námsgreinum og stíganda á milli árganga

Skólastofan

Aðlaðandi – skipulögð – hvetjandi

- Kennari notar jákvæða styrkingu til að skapa góðan bekkjarbrag og vinni eftir gildum skólans **nám, samvinna, lífsgleði, kærleikur og ósk**
- Námsmarkmið eru sýnileg nemendum og dæmi um góð verkefni („gullið“) eru sett á áberandi staði og skipt út reglulega.
- Lærdómsveggir og „bjargir“ í íslensku og stærðfræði eru í umsjónarstofum til stuðnings námi og kennslu.
- Skólastofan er snyrtileg, vel skipulögð og öll gögn aðgengileg.
- Öll gögn í skólastofunni eru vel merkt og flokkuð.
- Allar upplýsingar er varðar skipulag kennslunnar, stundatöflur, flóttaleiðir, hópaskiptingar eru á áberandi stað í skólastofunni.
- Reglur um viðeigandi hegðun eru í hverri stofu.
- Gullakistur eru geymdar þar sem nemendur hafa gott aðgengi að þeim.

Skólasamfélagið

Vellíðan-virðing-umburðarlyndi

- Góð samskipti sem einkennast af alúð, heiðarleika, gagnkvæmri virðingu, nærgætni, trausti og jafnræði eru viðhöfð.
- Starfsfólk og nemendur vinna sameiginlega að því að framfylgja markmiðum og stefnu skólans.
- Nemendur og starfsfólk bera ábyrgð á vinnu sinni og framkomu og leggja sig fram um að gera ávallt sitt besta.
- Nemendur og starfsfólk temja sér umburðarlyndi hvert gagnvart öðru.
- Hegðun nemenda og framkoma er samstarfsverkefni allra í skólasamfélaginu.
- Starfsfólk og nemendur eru reiðubúin að takast á við áskoranir og eru opin fyrir nýjungum.

- Jákvæðni er leiðarljósið í öllu starfi og hrós er hluti af daglegu starfi.
- Nemendalýðræði er virkt með þátttöku nemenda á vikulegum bekkjafundum, Hugmyndaráði, Réttindaráði og skólaráði.
- Mikilvægar upplýsingar er varðar líðan og hegðun nemenda berast til allra er koma að þeim.
- Allir ganga vel um skólann, eigur hans og skólalóðina.

Skipulag skólastarf

Nám, kennsla og námsmat

Samvinna-skipulag-upplýsingar

Fjölbreytt – örvandi - samfellt

- ✓ Vikuáætlun hvers kennara er aðgengileg fyrir forfallakennarar og aðra þá sem eru til aðstoðar í skólastofunni. Í henni koma fram markmið kennslustundarinnar, hvaða námsgögn eigi að styðjast við, framkvæmd og hvernig mat/samantekt fer fram
- ✓ Kennarar sjá til þess að heimanám nemenda sé við hæfi hvers og eins og að vinnudagur nemenda verði ekki of langur. Heimanám nemenda tengist námsefni vikunnar í skólanum en sé jafnframt til að þjálfa grunnatriði námsefnisins
- ✓ Virk upplýsingagjöf til foreldra er ein af forsendumárangursríks skólastarfs. Kennarar skrá í Mentor námsframvindu nemenda, ástundun, hegðun og líðan og starfsanda í bekk
- ✓ Nemendur vita til hvers er ætlast af þeim og allar kennslustundir eru vel undirbúnar, vel skipulagðar og byrji og endi stundvíslega
- ✓ Námsmarkmið og árangursviðmið kennslustundarinnar/verkefna liggja ljós fyrir og hægt er að vísa til þeirra. Skýr tenging eru á milli markmiða og námsmats
- ✓ Námskveikjur og innlagnir eru fjölbreyttar til að höfða til mismunandi einstaklinga
- ✓ Verkefni eru krefjandi og fjölbreytt til að vekja áhuga nemenda
- ✓ Kennarar kanna og rifja upp þekkingu nemenda á námsefninu áður en ný þekking er lögð inn
- ✓ Kennarar kenna nemendum að nýta sér margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og að nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt
- ✓ Kennarar hvetja nemendur til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu með viðeigandi hvatningu og endurgjöf
- ✓ Einstaklingsáætlun er til staðar fyrir þá nemendur sem þurfa þess að halda

Skólastofan

Skólasamfélagið

Aðlaðandi – skipulögð – hvetjandi

Vellíðan-virðing-umburðarlyndi

- ✓ Kennari notar jákvæða styrkingu til að skapa góðan bekkjarbrag og unnið sé eftir gildum skólans **nám, samvinna, lífsgleði og kærleikur**
- ✓ Nauðsynleg námsgögn eru til staðar áður en kennslustund hefst
- ✓ Námsmarkmið eru sýnileg nemendum og dæmi um góð verkefni („gullið“) eru sett á áberandi staði og skipt út reglulega
- ✓ Lærdómsveggir og „bjargir“ eru í kennslustofum til stuðnings námi og kennslu
- ✓ Verk nemenda sem eru til sýnis eru vönduð og skrifuð með „spariskrift“ og þeim er skipt reglulega út
- ✓ Skólastofan er alltaf aðlaðandi, snyrtileg, vel skipulögð og öll gögn eru aðgengileg, vel merkt og flokkuð
- ✓ Allar upplýsingar er varðar skipulag kennslunnar, stundatöflur og hópaskiptingar eru á áberandi stað í skólastofunni
- ✓ Reglur um viðeigandi hegðun eru í hverri stofu.
- ✓ Rýmingaráætlun er til staðar og upplýsingar um flóttaleiðir á áberandi stað
- ✓ Jákvæðni er leiðarljósið í öllu starfi og við erum dugleg að hrósa
- ✓ Nemendalýðræði er virkt með þátttöku nemenda á vikulegum bekkjafundum
- ✓ Mikilvægar upplýsingar er varðar líðan og hegðun nemenda berist til allra er koma að þeim
- ✓ Allir ganga vel um skólalóðina, skólann og eigur hans

Tuttugu atriði sem einkenna framúrskarandi kennara í Laugarnesskóla.

Kennarar í Laugarnesskóla:

- nær fram því besta í hverjum nemanda
- sér til þess að allir hafi námsefni við hæfi
- kemur til móts við alla nemendur
- er vel undirbúinn og skipulagður
- er sveigjanlegur
- er með skýr skilaboð
- hrósar
- sýnir umhyggju og er kærleiksríkur
- kann að hlusta og er þolinmóður
- man eftir „gleymdu“ börnunum
- notar fjölbreyttar kennsluaðferðir

- er réttssýnn
- hæfilega strangur
- kynnist nemendum sínum
- hugsar í lausnum
- er samkvæmur sjálfum sér
- hlustar
- er staðfastur
- nýtur þess að kenna
- hugsar um sjálfan sig til að vera góð fyrirmynd

Nemandinn	
Væntingar okkar til nemenda	Hvað þurfum við að gera?
Við viljum að nemendur:	Við ætlum að:
• séu námsfúsir • séu umburðarlyndir • séu jákvæðir • séu sjálfstæðir • sýni frumkvæði • líði vel í skólanum • séu áhugasamir/virkir • séu ábyrgir • sýni framfarir • kunni að hlusta og tjá sig	• hrósa • vera skipulögð • nota fjölbreyttar kennsluaðferðir • sýna umhyggju/kærleika/virðingu • vera góðar fyrirmyndir • hafa markmið skýr og sýnileg nemendum • hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir • skapa örvandi námsumhverfi • sýna fagmennsku • hafa aga

6. Jöfn tækifæri til náms

Öll börn eiga rétt á skólagöngu í hverfissskóla burt séð frá líkamlegu eða andlegu atgervi. Auk þess eiga foreldrar val um skóla í öðrum hverfum, sérúrræði eða sérskóla. Þetta á jafnt við um nemendur af erlendum uppruna sem aðra nemendur. Í Laugarnesskóla er unnið með viðhorf og lífsgildi út frá fjölbreytileika samfélagsins. Allir eru einstakir og allir hafa eitthvað fram að færa. Sérstaðan felst ekki einungis í hörundslit, þjóðerni eða tungumáli heldur í öllum þáttum mannlegrar fjölbreytni.

Öll börn eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í Laugarnesskóla, það á jafnt við um börn sem hafa annað móðurmál en íslensku sem önnur börn. Skólinn er með sérstaka móttökuáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Nám í skóla án aðgreiningar

Með skóla án aðgreiningar er átt við að allir nemendur eigi kost á að sækja hverfissskóla sinn þar sem þeir fá kennslu við sitt hæfi. Þetta merkir m.a. að foreldrar barna með alvarlegar fatlanir geta valið um það hvort börn þeirra sækja hverfissskóla, sérskóla eða sérdeildir. Er þetta í samræmi við 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Sú grein byggir m.a. á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var á Íslandi 1992 og Salamanca- yfirlýsingunni frá 1994.

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Markmið með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Sérfræðiþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Markmið með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Sérfræðiþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á. félagslegt réttlæti að leiðarljósi – (Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla)

Laugarnesskóli vinnur samkvæmt stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar. Í skóla án aðgreiningar er sérhverju barni mætt í námi og félagsstarfi óháð atgervi þess og stöðu. Fullgild og virk þátttaka allra barna og virðing fyrir réttindum þeirra er leiðarljós reykvískra grunnskóla.

7. Útfærsla Laugarnesskóla á grunnþáttum menntunar

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna.

Laugarnesskóli hefur mótað sér stefnu um nálgun við grunnþætti menntunar

Læsi

Í nýrri Aðalnámskrá er læsi einn af sex grunnþáttum menntunar og meginmarkmið þess er að „nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn,, (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Stefna Laugarnesskóla í lestri og ritun

Markmið lestrarstefnu Laugarnesskóla er að skólinn hlúi sem best að góðri færni allra nemenda í læsi, enda byggir annað nám á góðri lestrarfærni og leikni í að tjá sig í rituðu máli. Góð lestrarfærni stuðlar að virkri þátttöku í samfélaginu og hlutdeild í heimi upplýsingatækni. Jafnframt styrkir góð lestrarkunnátta sjálfsmynd nemenda og stuðlar að auknu valdi á orðaforða og betra valdi á tungumálinu. Því er mikið í húfi að vel takist til í náminu þar sem lestur er undirstaða almennrar menntunar og þess að njóta bókmennta.

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og sveigjanleika í námsaðstæðum nemenda. Skólinn er þátttakandi í þremur heildstæðum verkefnum, Byrjendalæsi í yngstu bekkjunum, Orð af orði í 5. og 6. bekk, K PALS í fyrsta bekk og PALS í 2.-6. bekk.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð ætluð til lestrarkennslu sem nær til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld inn í eina heild undir hatti læsis. Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Helsti kostur aðferðarinnar er að nemendur læra skilvirka tækni til að lesa stöðugt ný orð sem koma fyrir í texta. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Í stafainnlögn er áherslan á hljóðaaðferð. Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu.

Orð af orði

Markmið Orðs af orði er að nemendur efli orðvitund sína, orðaforða og hæfni til að ráða í merkingu orða; að þeir geti nýtt orðaforða sinn á fjölbreyttan hátt og efli skilning sinn í tengslum við mál, lestur og nám. Stefnt er að því að nemendur efli lesskilning og færni í að nota orðaforða sinn á markvissan hátt til að eiga auðveldara með að skilja námstexta, að tjá sig, að greina frá þekkingu sinni og skoðunum með blæbrigðaríku máli. Orðaforðakennslu er fléttað við aðra kennslu og nemendur læra ýmsar orða- og námsaðferðir til að beita í vinnu sinni með námsefni. Nemendur fá þjálfun við greiningu og sundurgreiningu orða og læra að nýta sér vísbendingar í samhengi texta til að ráða í merkingu orða. Orðaforðakennslu er fléttað saman við gagnvirkan lestur og gerð hugarkorta. Jafnframt er aukið við yndislestur heima og í skóla til að styrkja orðaforða og lesskilning nemenda.

PALS

PALS kennsluaðferðin (Peer-Assisted Learning Strategies) hefur fengið íslenska heitið Pör að læra saman. Hún er margþætt og var þróuð til að bæta lesskilning nemenda á yngsta- og miðstigi grunnskóla þar sem jafningjaaðstoð er lykilatriði. PALS beinist að því að kenna nemendum ákveðna aðferð til að vinna með lesskilning til að hjálpa þeim að skilja alla texta sem þeir lesa.


Lesfimi

Til að ná markmiði Þjóðarsáttmála um læsi hefur Menntamálastofnun sett ný viðmið í lestri fyrir alla grunnskóla landsins. Viðmiðin eru kölluð lesfimiviðmið og markmið þeirra er að stuðla að bættu læsi barna og ungmenna í íslensku skólakerfi. Viðmið um læsi eru verkfæri fyrir nemendur, kennara og foreldra til að fylgjast með framförum, styðja við læsi og auka þannig líkurnar á því að sem flestir geti aflað sér menntunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi.


Lesfimiviðmiðin eru mæld sem rétt lesin orð á mínútu og eru sett þannig fram að þau sýna stígandi í færni nemenda frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspegla þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms. Þrepunum er ætlað að hjálpa kennurum að staðsetja nemendur, fylgjast með framförum þeirra og tryggja þeim kennslu við hæfi.

Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimipróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.


Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210



- **Viðmið 1:** Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu.



- **Viðmið 2:** Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiðinu.



- **Viðmið 3:** Stefnt er að því að 25% nemenda nái viðmiðinu.

Lestrarsprettir

Í Laugarnesskóla eru lestrarsprettir þrisvar á ári, einu sinni á hverri önn. Nemendur eiga að lesa sem mest bæði í skólanum og heima. Markmiðið er að nemendur auki bæði leshraða og lesskilning og lesi meira en þeir eru vanir dags daglega.

Um heimalestur - samskipti við heimili

Niðurstöður rannsókna sýna að þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur ótvíræð jákvæð áhrif á gengi barna í námi almennt, en þó alveg sérstaklega varðandi læsi (Rósa Eggertsdóttir, 2008).

Vegna þessa er mikilvægt að foreldrar og þeir sem annast börn séu meðvitaðir um það lið sem þeir geta lagt börnum sínum varðandi nám þeirra.

Með örvandi umhverfi varðandi mál, lestur og ritun og stuðning við markmið skólans ná börnin frekar árangri. Það skiptir miklu fyrir börn að sjá foreldra sína lesa og að lestur sé hluti af daglegu heimilislífi. Ef fjölbreytt lesefni er sýnilegt á heimili og börn sjá foreldra taka sér lesefni í hönd hefur það áhrif. Jafnframt er afar mikilvægt að börn lesi í fríum því ef börn lesa ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við börn sem stríða við lestrarörðugleika en það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni og áður en þau fóru í frí.

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima á hverjum degi í 10-15 mínútur, fimm sinnum í viku undir handleiðslu fullorðinna. Gott er að hafa reglu á heimalestrinum þannig að lesturinn verði hluti af daglegum venjum og að skapa frið og ró í kringum lestrarstundina.

Ráð til foreldra

- Byggja upp sjálfstraust og finna sterkar hliðar barnsins og leggja áherslu á þær
- Hrósa þegar tilefni gefst til og stuðlar að því að læsinnám barna verði árangursríkt og gefandi.
- Láta barnið lesa á hverjum degi
- Velja lesefni við hæfi, alls ekki of þungt í byrjun
- Taka tíma og skrá niður og leyfa barninu að fylgjast með framförunum
- Lesa fyrir barnið og ræða innihald textans
- Nota tölvuforrit svo sem Krakkasíður á nams.is
- Lesa til skiptis við barnið
- Láta barnið endurtaka lesturinn eða láta það hafa texta með mikilli endurtekningu
- Öll ritun í tengslum við lestur eykur lestrarargetuna
- Tryggja það að börnin hafi gott aðgengi að lesefni og vera læsisfyrirmyndir barnanna.
- Ef grunur leikur á að barn sé með lestrarerfiðleika er best að byrja á að tala við umsjónarkennara sem þá hefur samband við sérkennara sem athugar barnið nánar
- Foreldrar geta einnig leitað beint til sérkennara

Að greiningu lokinni eru foreldrar kallaðir á fund sérkennara ásamt umsjónarkennara þar sem niðurstöður og tillögur að námsfyrirkomulagi í kjölfar greiningarinnar eru kynntar og farið yfir möguleika á samvinnu og hvernig best sé að styðja við bakið á barninu

Markmið – leiðir - námsmat

Stefnumörkun fyrir 1. bekk

	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni / leikni	Nemandinn: Les aldurssvarandi texta Les upphátt með áherslum og stoppar við punkt við upplestur	Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis Heimalestur 5x í viku Lestrarsprettir Upplestur	Stafa- og hljóðakannanir Leið til læsis í október	Stöðluð viðmið

	Þekkir bókstafi og hljóð þeirra Áttar sig á hljóðgreiningu, fremst – í miðju - og aftast í orði Getur lesið algengar orðmyndir Byrjar að leiðrétta sig við villur í lestri Nær samhengi í texta þó að hann þekki ekki öll orðin Spáir fyrir um framhald sögu Þjálfast í flutningi á texta á leikrænan hátt		Lesfimiþróf og þróf í sjónrænum orðaforða í janúar og maí Nefnuhraðþróf í janúar Hliðarþróf eftir þörfum Framsagnarkönnun Læsi 2. hefti 3. hefti	Orð á mínútu í lesfimiþrófum (stöðluð þróf) M 75 eða fleiri G 55 - 74 S 20 - 54 Þ 0 - 19 Framsagnarviðmið Læsisviðmið
Skilningur og viðhorf	Nemandinn: Velur sér lesefni og bækur við hæfi, getu og áhuga Les sér til ánægju og gagns Getur sagt frá upphafi, miðju og endi Þekkir bókmenntahugtökin sögupersóna, söguþráður og boðskapur Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni	Samtengjandi og sundurgreinandi verkefni Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis		

Stefnumörkun fyrir 2. bekk

	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni / leikni	Nemandinn: Les aldurssvarandi texta Les upphátt með áherslum og tekur mið af punkti og spurningarmerki við upplestur Getur flutt margvíslegan texta fyrir framan hóp	Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis Heimalestur 5x í viku Lestrarsprettir Upplestur	Læsi 1.hefti 2. hefti Lesmál frá HA Lesfimiþróf og þróf í sjónrænum orðaforða í september, janúar og maí	Orð á mínútu í lesfimiþrófum (stöðluð þróf) M 100 eða fleiri G 85 - 99 S 40 - 84 Þ 0 - 39

	Þjálfast í flutningi á texta á leikrænan hátt Getur lesið í hljóði í 10 -15 mín Eykur orðaforða Getur leiðrétt sig í lestri Fylgir skriflegum fyrirætlum		Hliðarpróf eftir þörfum Framsagnarkönnun	Framsagnarviðmið
Skilningur og viðhorf	Nemandinn: Kynnist mismunandi bókmenntum svo sem skáldsögum, myndasögur, þjóðsögum, ævintýrum, ljóðum, o.s.frv Les sér til ánægju, gagns og klárar lesefnið Getur gagnrýnt bókmenntir Getur endursagt sögu Getur borið saman persónur og atburði í sögu Þekkir bókmenntahugtökin aðalpersóna, aukapersóna, söguþráður og sögusvið Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni	Samtengjandi og sundurgreinandi verkefni Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis		

Stefnumörkun fyrir 3. bekk

	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni / leikni	Nemandinn: Les aldurssvarandi texta Getur lesið skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp Les upphátt með mismunandi	Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis Heimalestur 5x í viku Lestrarsprettir Uppllestur	Lesfímipróf og próf í sjónrænum orðaforða í september, janúar og maí Hliðarpróf eftir þörfum	Orð á mínútu í lesfímiprófum (stöðluð próf) M 120 eða fleiri G 100 - 119 S 55 - 99 Þ 0 - 54

	áherslum og tekur mið af punkti, kommu, spurningarmerki og upphrópunarmerki Eykur við leshraða og liðleika Þekkir skáldsögur, myndasögur, þjóðsögur, ævintýri, ljóð, o.s.frv Les í hljóði í 15 - 30 mínútur Eykur orðaforða sinn Leiðréttir sig sjálfur við lestur Fylgir skriflegum fyrirmælum Velur sér bækur við hæfi Þjálfast í flutningi á texta á leikrænan hátt		LH 60 - lestrarhæfnipróf Framsagnarkönnun í janúar og maí	Stöðluð viðmið LH 60 Framsagnarviðmið
Skilningur og viðhorf	Nemandinn: Velur, les og lýkur við margvíslegt lesefni við hæfi Les sér til ánægju og gagns Hefur skoðanir á því sem hann les og getur tjáð sig um það Getur endursagt sögu í réttri röð Ber saman líkar og ólíkar persónur og atburði í sögu Spyr og getur svarað spurningum út frá lesefni Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni	Samtengjandi og sundurgreinandi verkefni Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis	Lesskilningspróf – Orðarún í september, febrúar og maí	Stöðluð viðmið

Stefnumörkun fyrir 4. bekk

	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni / leikni	Nemandinn: Les aldurssvarandi texta	Unnið eftir aðferðum	Samræmd próf	

	Eykur við leshraða og liðleika Les með mismunandi áherslum og tekur mið af punkti, kommu, spurningarmerki og upphrópunarmerki Æfir upplestur og þjálfist í flutningi á texta með leikrænum tilburðum Beitir hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap Aflar sér upplýsinga úr bókum og á rafrænu formi Beitir fáeinum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu Nýtir góðan orðaforða við að skilja texta	Byrjendalæsis og Orð af orði Heimalestur 5x í viku Lestrarsprettir Upplestur	Lesfimiþróf í september, janúar og maí Hliðarþróf eftir þörfum LH 40 - lestrarhæfniþróf Framsagnarkönnun í janúar og maí	Orð á mínútu í lesfimiþrófum (stöðluð þróf) M 145 eða fleiri G 120 - 144 S 80 - 119 P 0 - 79 Stöðluð viðmið LH 40 Framsagnarviðmið
Skilningur og viðhorf	Nemandinn: Les sér til ánægju og gagns Hefur skoðanir á því sem hann les og getur tjáð sig um það Les fyrirmæli Notar skólasafnið til að afla sér upplýsinga Vinnur út frá eigin áhugasviði Spyr og getur svarað spurningum út frá lesefni Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni	Les mismunandi texta Gagnvirkur lestur Umræður Endursögn Hugarkort Flutningur á eigin texta	Orðaforðaþróf – Orðalykill í september og maí Lesskilningsþróf – Orðarún í janúar og maí	Stöðluð viðmið Stöðluð viðmið

Stefnumörkun fyrir 5. bekk

	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
--	---------	-----------------	----------	-------------------

Tækni / leikni	Nemandinn: Les aldurssvarandi texta Les fjölbreyttan texta svo sem ljóð, sögur, ævintýri, þjóðsögur, dæmisögur og skopsögur Eykur við leshraða og liðleika Les með mismunandi áherslum og tekur mið af punkti, kommu, spurningarmerki og upphrópunarmerki Æfi upplestur Getur beitt hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap Aflar sér upplýsinga úr bókum og rafrænu efni, vinnur úr þeim og nýtir við lausn verkefna Getur greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta	Unnið er eftir aðferðinni Orð af orði Heimalestur 5x í viku Lestrarsprettir Upplestur	Lesfímipróf í september, janúar og maí Hliðarpróf eftir þörfum Framsagnarkönnun í janúar og maí	Orð á mínútu í lesfímiprófum (stöðluð próf) M 160 eða fleiri G 140 - 159 S 90 - 139 P 0 - 89 Framsagnarviðmið
Skilningur og viðhorf	Nemandinn: Getur valið fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju Hefur skoðanir á því sem hann les og getur tjáð sig um það Les fyrirmæli Notar skólasafnið til að afla sér upplýsinga Vinnur út frá eigin áhugasviði Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni	Gagnvirkur lestur Endursögn Les mismunandi texta Hugarkort Krossglíma Orð dagsins Finnur aðalatriði og dregur ályktanir af texta Rithöfundur í heimsókn	Orðaforðapróf – Orðalykill í september og maí Lesskilningspróf – Orðarún í september, febrúar og maí	Stöðluð viðmið Stöðluð viðmið

Stefnumörkun fyrir 6. bekk

	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni / leikni	Nemandinn: Nær góðum leshraða, les af öryggi og skilur almennan texta Gerir sér grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu í upplýsingasamfélaginu Les nokkuð flókin fyrirmæli og fer eftir þeim Getur lesið margvíslegan texta og unnið á fjölbreyttan hátt með hann Þjálfist í nákvæmnis- yfirlits- og leitarlestri Getur beitt hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap Getur greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta	Stefnt er að því að vinna eftir aðferðinni Orð af orði Heimalestur 5x í viku Lestrarsprettir Upplestur	Lesfimiþróf í september, janúar og maí Hliðarþróf eftir þörfum Framsagnarkönnun janúar og maí	Orð á mínútu í lesfimiþrófum (stöðluð þróf) M 175 eða fleiri G 155 - 174 S 105 - 154 Þ 0 - 104 Framsagnarviðmið
Skilningur og viðhorf	Nemandinn: Getur unnið útdrætti, munnlega og skriflega Getur aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, margmiðlunarefni og unnið úr þeim Getur lesið úr töflum og myndum Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni	Gagnvirkur lestur Endursögn Les mismunandi texta Hugarkort Finnur aðalatriði og dregur ályktanir af texta Rithöfundur í heimsókn	Orðaforðapróf – Orðalykill í september og maí Lesskilningspróf – Orðarún í september, janúar og maí	Stöðluð viðmið Stöðluð viðmið

Ritun

Í heildstæðri ritunarkennslu er ritun er samofin lestri og samtvinnar einingar móðurmálsnáms. Í Laugarnesskóla er ritun kennd sem ferli þar sem stefnt er að því að nemendur þekki ritunarferlið, frá hugmynd til birtingar. Lögð er áhersla á að gera nemendur ábyrgari í ritun, hæfari til að greina eigin ritun og að þeir fái þekkingu á þeim þáttum sem eru kenndir á hverju aldurstigi. Í ritun er

jöfnum höndum verið að fást við stafsetningu, lestur, skrift, frágang, málfræði og ritleikni. Nemendur eru þjálfaðir í skipulögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Einnig er ýtt undir notkun handbóka, orðabóka og annarra upplýsingamiðla. Þannig er texti nemandans í senn uppspretta og driffjöldur náms. Lögð er áhersla á að verkefni nemenda séu fjölbreytt og fangi áhuga nemenda á ritun. Hlutverk kennarans er að veita nemendum leiðbeiningar, ráð og aðstoð meðan á rituninni stendur og það gera þeir með því að:

- Veita nemendum tíma til að rita, helst daglega.
- Kenna nemendum ólík ritunarform.
- Skipuleggja námsumhverfið þannig að það sé örvandi til ritunar og annars náms.
- Veita nemendum næði og tíma til að ræða um ritun sína.
- Sjá til þess að nemandinn öðlist getu, vilja og löngun til að tjá sig í rituðu máli.
- Nemandinn öðlist næga þekkingu á ritun svo hann geti metið verk annarra að verðleikum.
- Í lok 6. bekkjar Laugarnesskóla er stefnt að nemendur:
 - Geti beitt sköpunargáfu og frásagnargleði við textagerð.
 - Geti samið texta sem ætlað er að höfða til ólíkra lesenda.
 - Hafi hæfni til að setja fram rökstuddar skoðanir í rituðu máli og draga ályktanir af ólíkum forsendum.
 - Kunni að nota heimildir, túlka þær og koma skýrri hugsun á gott mál.
 - Kunni að setja upp ritgerðir og ganga frá þeim.
 - Hafi á valdi sínu á að skrifa frumsamin texta og almennt samfellt mál með viðurkenndri stafsetningu.
 - Hafi áferðarfallega rithönd sem þolir jafnframt nokkurn skriftarhraða.
 - Hafi tilfinningu fyrir skipulegri uppsetningu og góðum frágangi ritaðs máls,
 - Þekki, skilji og geti beitt mismunandi ritunarstílum.

Áherslur Laugarnesskóla í ritun

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur
Frásögn Atburðabók Ferðasaga/Katlagil Bangsinn heim Frásögn frá sumri Skáldaritun Hugarkort Söguuppbygging Sögugerð Ljóð Fræðitexti Umferðapema Komdu og skoðaðu líkamann, KVL Spæjarabók (umhverfið) Rökræðutexti Gullakista-val á verkefnum Sjálfsmat nemenda	Frásögn Atburðabók Ferðasaga/Katlagil Bangsinn heim Frásögn frá sumri og áramótum Uppsetning á sendibréfi Skáldaritun Sögugerð Söguuppbygging Ljóð Hugarkort Teiknimyndasaga Stærðfræðisögur Fræðitexti Umferðapema KVL-risaeðlur Kynning á risaeðlum Rikka og töfrahringurinn/heimildarvinna Land og þjóð Heimildarvinna á bókasafni Sannfæringartexti Auglýsing/Blómin á þakinu Útskýringar Rifja upp verkefni og skrifa niður texta/ Rökræðutexti Gullakista-val á verkefnum Sjálfsmat nemenda	Frásögn Sendibréf Dagbók Póstkort Katlagil/Ferðasaga Draumaferðalag Skáldaritun Ljóð-ferskeytla Hugarkort Sögugerð Útdráttur Bókagagnrýni Teiknimyndasaga-Lubbi lundi Fræðitexti Skilgreiningar í reglubókina í stærðfæði Húsdýrin Trúarbrögð KVL-Lubbi lundi Leiðbeiningar Uppskriftir Tilraunaskýrsla Veggspjöld í hverju Iðnir krakkar/dagblaðabókin mín Rökræðutexti Gullakista-val á verkefnum Sjálfsmat nemenda

4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur
Frásögn Bréf Ferðasaga Tungldagbók Skáldaritun Ljóð-tvívíla, fimma, ferskeytla Hugarkort Sögugerð Útdráttur Bókagagnrýni Fræðitexti Himingeimurinn Skilgreiningar í regludagbók í stærðfræði Bók um krumma Leiðbeiningar Mannkynssaga Útskýringar Formáli Verklýsingar í verk-og listgreinum Rökræðutexti Gullakista-val á verkefnum Rökstuðningur í prófum og ýmsum verkefnum Sjálfsmat nemenda	Frásögn Bréf í Leif heppna Dagbók í Leif Katlagilsferðasaga Bókarýni Skáldaritun Sögugerð Bréf í tengslum við ævintýri Ljóðagerð Endursögn Bókmenntaverkefni úr Benjamín dúfu Ritun í tengslum við skólablaðið Leikritasmíð Fræðitexti Heimildarvinna um Ísland Heimildaröflun um ýmsa rithöfunda Viðtöl í skólablaðið Orð dagsins Tilraunir í náttúrufræði Sannfæringartexti Veggspjald um fallega staði á Íslandi Leiðbeiningarum hvað? Veggspjald um Ísland Dæmi í stærðfræði-fyrirmæli. Auglýsing fyrir foreldrakynningu Uppskriftir í skólablaðið Útskýringar	Frásögn Endurminning Snorra Katlagilsferðasaga Bládagrein Frétt Bréf Skáldaritun Skáldsaga Ljóðagerð Endursögn Teiknimyndasaga (myndmennt) Fræðitexti Heimildarvinna Bæklingar Tímaritartexti Sannfæringartexti Ferðabæklingur um Norðurlönd Auglýsingar Veggspjöld/dreifildi Rökræðutexti Ritgerð í bókmenntum Sjálfsmat og mat á önninni Leiðbeiningar Handbækur Veggspjöld Tilraunir Leiðbeiningar

	Umfjöllun í náttúrufræði Fæðingavottorð bangsa-textil Verklýsingar í verk-og listgreinum Rökræðutexti Gullakista-val á verkefnum Rökstuðningur í prófum og ýmsum verkefnum Sjálfsmat í Leif heppna	Boðskort í heimilisfræði Útskýringar Verklýsingar í verk-og listgreinum Rökræðutexti Gullakista-val á verkefnum Rökstuðningur í prófum og ýmsum verkefnum Sjálfsmat nemenda
--	--	---

Áherslur Laugarnesskóla í stafsetningu

1. stig	2. stig	3. stig
sérhljóðar/samhljóðar sérnöfn byrja á stórum staf málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti almenn stafsetning eftir upplestri	sérhljóðar/samhljóðar sérnöfn stór stafur í sérnöfnum málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti almenn stafsetning eftir upplestri einfaldur/tvöfaldur samhljóði	sérhljóðar/samhljóðar sérnöfn stór stafur í sérnöfnum málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti almenn stafsetning eftir upplestri einfaldur/tvöfaldur samhljóði n og nn regluna
4. stig	5. stig	6. stig
sérhljóðar/samhljóðar sérnöfn stór stafur í sérnöfnum málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti almenn stafsetning eftir upplestri einfaldur/tvöfaldur samhljóði ng og nk reglan hv og kv í upphafi orða sóknarskrift með áherslu á sjónminni	sérhljóðar/samhljóðar sérnöfn stór stafur í sérnöfnum málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti almenn stafsetning eftir upplestri í orðabók ng og nk reglan einfaldur/tvöfaldur samhljóði ákveðin greini læri reglur um greinamerki (hvaða greinamerki?) skiptingu milli lína n og nn í lýsingarorðum læri reglur um y, ý og ey og hv og kv í upphafi orða læri að nýta sér stofn orða við réttitun geti notað reglur úr málfræði við réttitun (er hægt að tiltaka þær?)	sérhljóðar/samhljóðar sérnöfn stór stafur í sérnöfnum málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti almenn stafsetning eftir upplestri í orðabók ng og nk reglan læri reglur um einfaldan og tvöfaldan samhljóða greini læri reglur um greinamerki (hvaða greinamerki?) skiptingu milli lína n og nn í lýsingarorðum læri reglur um y, ý og ey og hv og kv í upphafi orða læri að nýta sér stofn orða við réttitun Um Y, ý og ey Um kvenkyns orð sem enda á – unn Um karlkyns orð sem enda á – ann, -unn og -inn Um stafavíxl í sagnorðum Um j á eftir g og k

Áherslur Laugarnesskóla í skrift og frágangi

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur
Skrifi í rétta átt Dregur rétt til stafs Byrjað að tengja eftir áramót Allt sem er hengt á vegg skólans er skrifað með „spariskrift“ og allur frágangur vandaður Allur texti er skrifaður í tvær línur Breidd á spássíu miðast við tvo fingur	Skrifi í rétta átt Dregur rétt til stafs og tengir Allt sem er hengt á vegg skólans er skrifað með „spariskrift“ og allur frágangur vandaður Allur texti er skrifaður í tvær línur Breidd á spássíu miðast við tvo fingur	Dregur rétt til stafs og tengir Allt sem er hengt á vegg skólans er skrifað með „spariskrift“ og allur frágangur vandaður Allur texti er skrifaður í eina línu Breidd á spássíu miðast við tvo fingur
4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur
Dregur rétt til stafs og tengir Allt sem er hengt á vegg er skrifað með „spariskrift“ og allur frágangur vandaður Breidd á spássíu miðast við tvo fingur	Dregur rétt til stafs og tengir Allt sem er hengt á vegg er skrifað með „spariskrift“ og allur frágangur vandaður Breidd á spássíu miðast við tvo fingur?	Dregur rétt til stafs og tengir Allt sem er hengt á vegg er skrifað með „spariskrift“ og allur frágangur vandaður Breidd á spássíu miðast við tvo fingur?

Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur. Því er skilningur á þeim takmörkum, ásamt ferlum, lögmálum og hringrásum í náttúrunni, mikilvægur grundvöllur þess að okkur takist að vinna eftir hugmyndafræði sjálfberrar þróunar. Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið. Umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki eru dæmi um úrlausnarefni. Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um sjálfbærni um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Í margbreytileika felst styrkur sem getur unnið bug á fátækt, stuðlað að friði og tryggt lífsskilyrði og lífsgæði fyrir alla hvar í heiminum sem þeir búa. Að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra er forsenda sjálfberrar þróunar.

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmenntin taki þátt í samfélaginu.

Grænfáninn

Skólar á grænni grein (Eco-Schools) eru alþjóðlegt verkefni sem menntar milljónir nemenda í 67 löndum víðsvegar um heim í sjálfbærni og umhverfisvernd. Verkefnið byggir á lýðræðismenntun og getu til aðgerða. Skólar á grænni grein fylgja sjö skrefa ferli sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Ef skólinn nær markmiðum sínum fær hann að flagga Grænfánanum til tveggja ára og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Verkefnið hefur víðtæk áhrif og taka skólar ábyrga afstöðu í málum sem snerta umhverfið. Með því að innleiða raunhæfar aðgerðir og vinna á markvissan hátt að sjálfbærni í skólanum sýnir reynslan að skólar geta sparað talsvert í rekstri.

Markmið Skóla á grænni grein eru að;

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.

Skólar á grænni grein eru stærsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum í dag. Á þessari síðu má finna námsefni sem tengist þeim verkefnisins á einhvern hátt. Í Skólum á grænni grein á Íslandi leynist mikill mannauður og deilum við hugmyndum sem reynst hafa vel í skólum um allt land.

Laugarnesskóli hefur frá árinu 2010 verið handhafi Grænfánans.

Katlagil

Skólaselið í Katlagili í Mosfellsdal á sér yfir 50 ára sögu skógræktar, uppbyggingar og útikennslu. Kennarafélag skólans keypti landið árið 1949 fyrir nemendur og kennara skólans. Þangað er farið í dagsferðir að hausti og á vorin, auk þess sem 6. bekkur gistir þar eina nótt að hausti. Unnin eru fjölbreytt verkefni með áherslu á umhverfismennt og skógarfræðslu í samþættu námi. Nemendur læra um vistkerfi, sögu og jarðfræði dalsins og taka þátt í gróðursetningu og grisjun. Bekkir eiga sinn leynistað sem heimsóttur er árlega. Síðustu ár hefur Laugarnesskóli verið þátttakandi í landsverkefninu Lesið í skóginn með skólum, þar sem áhersla er lögð á skógarhirðu, nýtingu skógarafurða í skólastarfi og beina þátttöku nemenda í uppbyggingu á svæðinu. Nemendur hafa útbúið göngustíg þar sem grisjað var í gegn um mismunandi trjategundir og skógarreiti. Nemendur hafa kynnt sér örnefni á svæðinu og útbúið skilti til merkingar. Úr efnivið skógarins hafa nemendur tekið þátt í brúarsmíði, smíðað bekki, o.fl. Nemendur taka virkan þátt í grisjun skógarins, bæði með því að kvista upp og að draga stærri tré út úr skóginum. Einnig hafa nemendur tekið þátt í brauðgerð yfir opnum eldi. Nemendur í 5. og 6. bekk læra tálgun og meðferð tálguhnifa í námsgreininni Lesið í skóginn, sem er hluti af list- og verkgreinakennslu. Til þessara verkefna er notaður ferskur viður úr Katlagili. Síðast en ekki síst fá tækifæri til að njóta þess sem náttúran og skógurinn hefur upp á að bjóða í leik og starfi. Árlega gróðursetja nemendur um 500 – 1000 trjáplöntur í Katlagili. Katlagilsferðirnar tengjast kennslu í náttúrufræði og umhverfismennt. Ákveðin verkefni eru unnin í hverjum árgangi auk þess sem til er verkefnaþappa með tillögum að stærðfræðiverkefnum sem hægt er að vinna úti í Katlagili.

Á jólum eru jólatré sem notuð eru í skólanum sótt í Katlagil og einnig er tekinn viður til notkunar í smíðakennslu úr Katlagilsskóginum.

Heilbrigði og velferð

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla (2011) er *Heilbrigði og velferð* nú einn af sex grunnþáttum menntunar. Laugarnesskóli er þátttakandi í verkefni Landlæknisembættisins Heilsuefandi grunnskóli. Þátttaka í Heilsuefandi grunnskóla styður skóla í að innleiða þennan grunnþátt í öllu sínu starfi.

Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsuefningu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar koma sér upp heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild.

Heilsueflandi grunnskóli er afurð þróunarstarfs sem var unnið í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila. Við mótun Heilsueflandi grunnskóla var stuðst við efni frá Samtökum heilsueflandi skóla í Evrópu (*Schools for Health in Europe, SHE*). Egilsstaðaskóli var forystuskóli í þeirri vinnu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið hafa stutt við mótun Heilsueflandi grunnskóla en einnig eiga Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli, skólaheilsugæslan, háskólasamfélagið, Menntamálastofnun og skóla- og frístundasvið Reykjavíkur fulltrúa í ráðgefandi faghópi Heilsueflandi grunnskóla.



Hjá Embætti landlæknis er verið að vinna að gerð leiðbeininga fyrir Heilsueflandi grunnskóla um hvernig best er að standa að innleiðingu og hafa umsjón með starfinu. Hægt er að nálgast drög að leiðbeiningunum með því að senda póst á netfangið hgs@landlaeknir.is

Handbók með fræðilegum inngangi og gátlistum fyrir hvern áhersluþátt Heilsueflandi grunnskóla er hægt að skoða með því að smela á myndina hér til vinstri

Áhersluþættir Heilsueflandi grunnskóla eru átta og hér að neðan má sjá merkin sem notuð eru fyrir einstaka þætti. Í reit til hægri eru hlekkir á upplýsingar um hvern þátt og verkfærakistur þeim tengdar. Þegar smellt er á myndirnar opnast bæklingur um hvern áhersluþátt.



Hugmyndin um Heilsueflandi grunnskóla er byggð á Ottawa-sáttmála Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um heilsuefningu, en þar eru talin upp sex grundvallaratriði:

- Stefnuviðmið um Heilsueflandi grunnskóla
- Skólaumhverfið
- Félagslegt umhverfi skólanna
- Heilsuvitund nemenda og geta þeirra til breytinga
- Samfélagstengsl
- Heilbrigðisþjónusta

Jafnrétti

Laugarnesskóli vinnur eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Hana má finna á https://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_reykjavikurborgar_4.pdf

Jafnréttisstefna Laugarnesskóla

Laugarnesskóli er Réttindaskóli UNICEF. Það þýðir að skólinn hefur Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu starfi og stefnumótun en samkvæmt 3. grein Barnasáttmálans eiga allar ákvarðanir byggjast á því sem er börnum fyrir bestu. Leiðarljós Laugarnesskóla er að styrkja jákvæða kynímynd og varast að líta svo á að allir séu eins. Allt skólastarfið á að taka mið af viðhorfum jafnréttis og stuðla að jákvæðu viðhorfi til allra starfa. Starfsandinn sé góður og laus við fordóma. Laugarnesskóli vill vera til fyrirmyndar á sviðum jafnréttis og nýta þau tækifæri sem felast í jafnréttisstefnu skólans.

- Orðið jafnrétti merkir:
- jöfn tækifæri til gæða lífsins
- jöfn tækifæri til að koma skoðunum sínum og hugsjónum í framkvæmd
- jöfn tækifæri til að nýta reynslu sína, þekkingu og menntun
- jafnrétti eru mannréttindi.

Nemendur

Í lögum um grunnskóla er sérstaklega kveðið á um að veita skuli fræðslu um jafnréttismál meðal annars með því að búa bæði kynin undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Samkvæmt 2. grein Barnasáttmálans á að koma til móts við alla nemendur óháð kynferði, kynhneigð, kynþáttar, litarháttar, ætternis, tungu, fötlunar, trúar- eða stjórnmálaskoðana eða félagslegrar stöðu. Mikilvægt er að veita nemendum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti. Í öllu skólastarfi þarf að gæta þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku nemenda og jafna hlut nemenda við hvert tækifæri þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans. Nemendur eiga ekki að þurfa að þola áreitni sem er niðurlægjandi fyrir annað eða bæði kynin. Styrkja þarf sjálfsmynd nemenda og vinna gegn stöðluðum kynímyndum og vinna þannig gegn hefðbundnum hugmyndum um karla- og kvennastörf.

Nám og kennsla

Náms- og kennsluhættir í Laugarnesskóla taki mið af því samfélagi sem við búum í. Stefnt er að þróa leiðir og stuðla að góðum náms og kennsluháttum í átt að bættum námsárangri og taka mið af báðum kynjum. Í Laugarnesskóla er áhersla á fjölbreytta námshætti, að verkefni séu fjölbreytt og að nemendur sjái tilgang með þeim. Fanga sem best áhuga nemenda og næmni til náms. Þannig er líklegra að bæði kynin fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og lífsýn fái að njóta sín. Vinna með sérstökum „jafnréttisglæraugum“ í raungreinum, heimilisfræði og íþróttum gegn ríkjandi kynímyndum. Efla frumkvæði og nýsköpun sem hefur jafnrétti og mannréttindi að leiðarljósi. Stefnt er að því að fletta jafnréttisfræðslu inn í lífsleikni með ýmsum verkefnum sem geta komið til móts við mismunandi þarfir nemenda. Marka stefnu í kennslu um lífsleikni, varnir gegn fordómum, áföll og einelti. Í námsmati á að kanna sérstaklega hvort ósamræmi er á orðavali í vitnisburði/námsmati milli kynja. Stefnt er að því að námsefni mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi mannréttindi allra hópa að leiðarljósi. Náms efni skólans verður að skoða og meta út frá jafnréttissjónarmiðum og er á ábyrgð allra kennara. Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja. Náms efni lýsi alltaf fjölbreytileika mannlífsins þegar því verður við komið. Efla getu nemenda til að greina á milli ólíkra texta og auka meðvitund um orðaval. Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing borin fyrir ólíkum skoðunum. Starfsmenn gæta að orðræðunni þegar talað er við kynin.

Starfsmenn

Þess skal gætt að í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja og að á hvorugt kynið halli.

Í starfsauglýsingum verði vitnað til jafnréttisáætlunar skólans og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar. Við nýráðningar verði leitast við að öðru jöfnu að jafna kynjahlutfallið. Skal það kyn sem er í minnihluta í starfi því sem auglýst er eftir að öðru jöfnu ganga fyrir ef um jafnhæfa einstaklinga er að ræða sem uppfylla skilyrði starfsins.

Starfsþróun og símenntun sé aðgengileg báðum kynjum. Starfsmenn fái fræðslu um nýjungar á sviði jafnréttismála, taki þátt í umræðu og kynni sér rannsóknir og skóla sem náð hafa árangri.

Samræming starfs og einkalífs

Reynt að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er þannig að bæði karlar og konur geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Gæta skal jafnræðis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum. Möguleikar til tekjuöflunar skulu vera jafnir. Allir starfsmenn eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum. Huga skal að viðhorfum til þeirra karla sem í skólanum vinna og viðhorfum þeirra sjálfra.

Kynferðisleg áreitni og einelti

Leiðbeiningar Reykjavíkurborgar um kynferðislega áreitni og einelti verði aðgengilegar öllu starfsfólki. Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin. Með kynferðislegri áreitni er átt við hegðun sem er ósanngjörn og eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé til kynna að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Ef áreitni á sér stað er Vinnueftirlitið með sérstaka viðbragðsáætlun varðandi einelti á vinnustað og er kynferðisleg áreitni þar með talin. Alvarleg eða endurtekin áreitni getur varðað fyrirvaralausan brottrekstur geranda úr starfi.

Réttindaskóli UNICEF

Á sama tíma og Réttindaskólaverkefnið gengur út á að skapa lýðræðislegt umhverfi styður það einnig við ferla sem þegar eru til staðar innan skóla- og frístundastarfs, sem byggja m.a. á lögum um grunnskóla, aðalnámskrá, skólanámskrá, stefnumótun í æskulýðsmálum, skóla-og jafnréttisstefnum.

Samkvæmt íslenskum grunnskólalögum (nr. 92/2008) og nýrri aðalnámskrá (2011/2013), bera skólar ekki einungis ábyrgð á því að tryggja að börn á Íslandi fái þá menntun sem þeim ber, heldur eiga þeir jafnframt að vera uppspretta þekkingar um mannréttindi. Í lögnum segir meðal annars að hver sá sem starfi innan skóla eigi að efla, miðla og tryggja virðingu fyrir mannréttindum og að menntun eigi að taka mið af þessum réttindum.

Í almennum hluta nýrrar aðalnámskrár er í fyrsta sinn gerð grein fyrir sex grunnþáttum íslenskrar menntunar (læsi, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni og jafnrétti). Einn umræddra þátta, lýðræði og mannréttindi, undirstrikar þá áherslu sem lögð er á mannréttindafræðslu og að skólarnir búi börn undir að verða virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

Þó að grunnþættirnir séu settir fram sem sex ólíkir þættir, tengjast þeir innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Sem dæmi má nefna að ekki getur orðið virkt lýðræði án þess að stuðlað sé að jafnrétti í þjóðfélaginu; mannréttindi verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð, í sjálfbærni felst virðing fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðislegum vinnubrögðum og jafnrétti. Það má því segja að með innleiðingu hugmyndafræði Réttindaskóla felist tækifæri til að vefa grunnþætti námskrárinnar inn í skólann og styrkja þannig samspil á milli aðalnámskrárinnar og skólastarfs.

Réttindaskólar byggja á eftirfarandi forsendum

Þekking á réttindum barna - 42. grein Barnasáttmálans.

Allir innan skólans og í frístundastarfi, hvort sem það eru skólastjórnendur, starfsmenn, börn eða foreldrar hafa þekkingu á grundvallarforsendum Barnasáttmálans og skilja hvernig þær tengjast skólastarfinu.

Barna- og ungmennalýðræði – 12. grein Barnasáttmálans.

Börnum og ungmennum eru gefin reglubundin tækifæri til að taka þátt í þróun skóla- og frístundastarfs, segja skoðun sína og láta í sér heyra í tengslum við málefni er þau varða. Þeir starfsmenn sem taka ákvarðanir innan skólans og frístundastarfsins taka tillit til skoðana barnanna og gefa þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

Eldmóður fyrir réttindum barna – 2., 4., 12. og 29. greinar Barnasáttmálans

Börn og ungmenni fá reglubundin tækifæri, þvert á kennslufög, til að læra um eigin réttindi á sama tíma og þau læra að öll börn eigi sömu réttindi. Í réttindaskóla þjálfast börn og ungmenni einnig í að beita réttindum sínum. Þau eru hvött til að beita sér innan skóla- og frístundastarfs og samfélagsins í víðari skilningi.

Barnasáttmállinn er rauður þráður í skólastarfinu í Laugarnesskóla. Stjórnendur vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmálann að viðmiði í stjórnsýslu skólastarfinu. Forsendur sáttmálans eru grunnurinn að daglegum samskiptum barna, ungmenna, kennara og frístundaráðgjafa. Forsendurnar eru einnig notaðar sem viðmið þegar skólinn og frístundamiðstöðvar móta stefnur og reglur starfsins.

Samstarf – 2., 3. og 6. grein Barnasáttmálans.

Skóli, frístundamiðstöð og skyldar stofnanir eiga í nánú samstarfi með hliðsjón af réttindum barna. Samstarfið er þróað með það að markmiði að deila reynslu og efla réttindastarfið. Mikilvægt er að skapa sameiginlegan ramma utan um börnin hvort sem það er á skólatíma eða í frístundum. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að styðja við bakið á þeim börnum sem hafa þörf fyrir sérstakan stuðning innan skólans eða frístundastarfsins.

Laugarnesskóli hefur, annar tveggja skóla á Íslandi, verið Réttindaskóli UNICEF frá nóvember 2017.

Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Breski kennslufræðingurinn Ken Robinson hefur í áranna rás gagnrýnt skólakerfi harðlega. Hann bendir á að hefðbundni skólinn þjóni ekki sköpunarþörf nemenda heldur þvert á móti dregi hann sköpunarkraft nemenda í dróma. Hann telur skólakerfið vinna að því að þjálfa nemendur í því að verða góðan vinnukraft í stað þess að gera þá að skapandi hugsuðum. Hinn skapandi skóli leysi úr læðingi óhemju sköpunarkraft barna og unglinga. Hann vill sjá meiri áherslu á skapandi vinnu í skólum, börnum og veröldinni allri til heilla.

Í Laugarnesskóla er hlustað á rödd Robinson. Í skólanum er lögð áhersla á skapandi starf og verklegt nám. Margar smíðjur eru starfandi allt frá sirkus til fjölmiðla auk hinna hefðbundnu list- og verkgreina heimilisfræði, textíl, hönnunar og smíði, myndmenntar, leiklistar og tónmenntar. Í skólanum er starfandi kór sem syngur við hin ýmsu tækifæri. Í öllum þessum greinum er lögð áhersla á sjálfstæða sköpun og gagnrýna hugsun nemenda. Einnig hafa nemendur aðgang að stafrænum tækjum til listsköpunar í listasmiðjum.

Skólablað Laugarnesskóla kemur út einu sinni á ári. Í því eru myndir, greinar og ljóð eftir nemendur skólans.

Lýðræði og mannréttindi

Réttindaráðið

Réttindaráð er skipað í tengslum við réttindaskólaverkefnið. Í réttindaráðinu sitja tveir nemendur úr hverjum árgangi í 2. – 6. bekk, einn drengur og ein stúlka. Skólastjóri, verkefnastjóri verkefnisins, fulltrúar kennara og annarra starfsmanna, frístundamiðstöðvanna Laugarsels og Dalheima og einn fulltrúi foreldra sitja einnig í ráðinu. Börn eru í meirihluta í ráðinu. Réttindaráðið fundar reglulega. Það fer yfir

niðurstöður kannanna, fylgir eftir umbótaráætlun og skipuleggur áherslur vetrarins í réttindaskólaverkefninu.

Hugmyndaráð

Lög um grunnskóla 2008 nr. 91 12. júní kveða á um stofnun nemendafélags

10. gr. Nemendafélag

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Þrátt fyrir að nemendur séu í 1. -6. bekk (5-12 ára) hefur skólinn á að skipa nemendafélagi.

Nemendafélagi Laugarnesskóla var gefið nafnið Hugmyndaráð Laugarnesskóla á fyrsta starfsári sínu, 2007-2008. Nemendur hvers bekkjar velja sér bekkjarfulltrúa og varamann hans í byrjun hausts. Bekkjarfulltrúi situr í nemendafélaginu og er talsmaður síns bekkjar ásamt því að vera umsjónarkennara og stjórnendum til ráðuneytis um innri mál bekkjarins.

Hugmyndaráðið skipa bekkjarfulltrúar úr 2. – 6. bekk. Hugmyndaráð skólans stjórnar og skipuleggur félagsstarf, íþróttaviðburði, árlega viðhorfakönnun nemenda og aðrar upptækur í skólanum í samvinnu við félagsstarfskennara, stjórnendur og aðra nemendur skólans. Tveir fulltrúar úr nemendafélaginu, nemendur úr 4.- 6. bekk, eru kosnir til að sitja í skólaráði.

Hugmyndaráð gerir könnun á hverju ári þar sem kannað er viðhorf nemenda til ýmissa mála er þá varðar. Fulltrúar Hugmyndaráðs kynna niðurstöður könnunarinnar fyrir bekkjum, kennurum og skólaráði.

Niðurstöður könnunar Hugmyndaráðs er meðal þeirra gagna sem notuð eru við mat á skólastarfi ár hvert.

Nemendafélagið – Reglur og starfsemi


- Fundar 3-4 sinnum í mánuði.
- Fundum stjórnar fullorðinn einstaklingur.
- Fundir eru oftast á sama tíma í hverri viku og eru fulltrúar minntir á fundinn samdægurs.
- Fulltrúar skiptast á að vera ritarar og rita fundargerðir.
- Fulltrúar koma með hugmyndir að upptækum og hvað sé hægt að bæta í skólanum þeirra.
- Fulltrúar lesa og ræða einu sinni í mánuði hugmyndir og ábendingar úr hugmyndakassa sem staðsettur er á bókasafni.
- Hver fulltrúi kemur einu sinni á skólaárinu fram á palli fyrir hönd nemendafélagsins.
- Sé bekkjarfulltrúi ekki í skólanum á varafulltrúinn að sitja [fundur](#) í hans stað.
- Verði fulltrúar uppvísir af ósæmilegri hegðun á fundum eða sinna starfi sínu ekki sem bekkjarfulltrúar geta þeir misst rétt til setu í nemendafélagi skólans.

Fundarsköp

- Fulltrúar tilkynna fundarstjóra þegar þeir vilja taka til máls.
- Fulltrúar hlusta ávallt á mál sem borin eru upp.
- Frammíköll eru ekki leyfð á fundum

8. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla 2007 skal námsmat vera fjölbreytt og gefa glögga mynd af stöðu nemenda. Laugarnesskóli hefur markað sér námsmatsstefnu í samræmi við það ákvæði. Leiðarljós stefnunnar er að mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats Laugarnesskóla er að skapa forsendur til að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná markmiðum Aðalnámskrár, skólanámskrár og eigin námsmarkmiðum. Námsmat á að stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, vinnubrögð og framfarir.



Námsmat þarf að taka mið af síbreytilegu umhverfi skólans. Breytingarnar felast í nýjum áherslum í Aðalnámskrá sem endurspeglast í skólanámskránni, breytilegum áherslum samfélagsins og stöðugum breytingum á nemendahópnum. Því er nauðsynlegt að námsmatsaðferðir séu í stöðugri endurskoðun og þróun. Ferlinu er best lýst með **mynd 1** þar sem sést að ferlið er einskonar hringferli án eiginlegs upphafs eða enda.

Þekking, leikni, viðhorf og hæfni eru lykilhugtök í Aðalnámskrá grunnskóla. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hugtakið hæfni felur í sér þekkingu, leikni og siðferðileg viðhorf. Tekið skal mið af aldri og þroska nemenda og markmiðum menntunar.

Mismunandi er hvaða aðferð hentar hverju sinni og

því nauðsynlegt að geta beitt fjölbreyttum aðferðum við matið. Lykilhæfni er ekki bara að nemandi hafi tileinkað sér þekkingu heldur að hann geti beitt skilningi og færni í athöfnum. Áhersla á að vera á námið en ekki bara á kennsluna. Hæfni má öðlast víða, einnig utan skólastofunnar og hana má nýta víða. Áhersla er á afrakstur námsins og hæfni nemenda til að nýta sér þekkingu sína. Við gerð skólanámskrár er því mikilvægt að þar komi fram hvaða aðferðir eru vænlegar til námsmats.

Námsmat í Laugarnesskóla


Námsmat Laugarnesskóla er bæði formlegt og óformlegt. Formlegt námsmat felur í sér samræmd próf í 4. bekk, könnunarpróf, stöðupróf, ritgerðir og mismunandi verkefni sem skilað er á ýmsu formi í samræmi við viðfangsefni nemenda hverju sinni. Nemendur í 4. bekk taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður úr prófunum eru sendar heim með nemendum.

Óformlegt mat er samofið kennslunni og markmið þess er að leggja mat á vinnubrögð, bæði í skólanum og heima. Matið er samofið námi og kennslu og notað til að leiðbeina nemandanum um hvað vel er gert og hvað má betur fara. Til þess eru notaðar [gullakistur](#), [verkmöppur](#), gátlistar, dagbækur, samtöl við nemendur, jafningjamat og virkniathuganir. Ljóst er að sumir þættir námsmatsins eru og verða alltaf huglægari en aðrir. Vægi hvers þáttar er háð aldri, viðfangsefni og aðstæðum einstaklingsins.

Námsmat Laugarnesskóla á að vera byggt á námsmarkmiðum viðkomandi greinar og taka mið af aldri og þroska hvers og eins. Þar sem ekki er rétt né sanngjarnt að meta alla með sömu mælistikunni er nauðsynlegt að áherslunum sé í mismunandi námsgreinum og árgöngum þrátt fyrir að megináðferðirnar séu hinar sömu fyrir alla nemendur skólans. Markvisst námsmat á að koma nemanda, foreldrum og kennurum til góða við frekara skipulag náms. Skólaárinu í Laugarnesskóla er skipt í þrjár annir og í lok hvernar annar fá foreldrar og nemendur yfirlit yfir stöðu nemandans.

Náms- og kennsluáætlanir

Í skólanámskrá Laugarnesskóla hefur skólinn markað sér heildarstefnu í flestum kennslugreinum til að fram komi hvað einkenni skólastarfið. Í henni kemur jafnframt fram hvernig skólinn skipuleggur kennsluna, hvaða kennsluaðferðum er beitt og hvernig staðið er að námsmati á hverju námsári. Skipulagi hvernar námsgreinar er lýst með markmiðum; inntaki, kennsluskipan, námsgögnum og námsmati.



Mynd 2. Skipulag náms og kennslu í Laugarnesskóla

Á mynd 2 sést skipulag náms og kennslu í Laugarnesskóla.

Heildstætt námsmat

Í Laugarnesskóla er verið að þróa heildstætt námsmat með það að leiðarljósi að hafa matið sem fjölbreyttast og að það taki til sem flestra þátta í starfi nemandans. Leitast er við að greina mikilvæga þætti í fari einstaklinga í því augnamiði að styrkja jákvæða og sterka þætti og hlúa að veikum þáttum í þeim tilgangi að bæta sjálfsmynd nemenda.

Markmið námsmats af því tagi er að gefa sem skýrasta mynd af stöðu nemenda, bæði námslega og félagslega. Til að fá sem besta yfirsýn yfir færni og viðhorf nemandans er nauðsynlegt að kanna marga ólíka þætti:

- kunnáttu, þekkingu, minni; hvort nemandinn þekkir heiti, staðreyndir, lýsingar, reglur
- beitingu þekkingar; hvernig nemandinn beitir hugtökum, aðferðum og reglum
- leikni, hvort nemandinn geti leikið eftir atferli, náð tökum á verki
- skilning; hvort nemandinn nær að tengja, lesa úr upplýsingum, útskýra, túlka, draga ályktanir
- greiningu; hvort nemandinn nær að greina mismunandi eiginleika
- skapandi hugsun; hvort nemandinn nýti þekkingu til að setja fram eigin hugmyndir, skapa
- gagnrýna hugsun; hvort nemandinn leggi rökstutt mat á álitamál eða verknað
- viðhorf og tilfinningar; hvort nemandinn sýni athygli, alúð, ábyrgð, skoðanir, samhygð
- samstarf, samvinnu; hvernig nemandi sýnir samskiptagreind sína í verki

Matið á að fela í sér leiðsögn fyrir nemendur og kennara og vera endurgjöf á kennslu og nám. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir

læra og til hvers er ætlast af þeim. Matið gefur kennurum einnig færi á að skoða áhrif kennslunnar og þróa vinnubrögð sín. Það gefur kennara einnig færi á að meta áhrif nýs kennsluskipulags á nemendur og árangur þeirra í námi.

Leiðsagnarmat

Kjarninn í leiðsagnarmati er að nemandinn fái stöðuga endurgjöf um nám sitt (mat á stöðu) ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig (ráðgjöf, leiðsögn).

Sjálfsmat og jafningjamat eru mikilvægir þættir í leiðsagnarmati en meginatriði er að nemendur skilji til hvers er af þeim ætlast (skilji markmiðin) (Black og Wiliam 1998: Inside the Black Box)

Leiðsagnarmat byggir á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Lykilatriði er að matið byggir á skýrum markmiðum og matsviðmiðum til að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim.

Til þess að leiðsagnarmat beri góðan árangur þarf það að ná til margra ólíkra þátta. Kennarar verða því að:

- Skýra námsmarkmiðin og gera þau sýnileg og skiljanleg öllum
- Nota dæmi eða sýnishorn af góðum verkefnum
- Gefa lýsandi endurgjöf reglulega
- Kenna nemendum að meta eigið nám og að setja sér markmið og hvernig þeir ná markmiðunum
- Beina matinu að einum eða fáum þáttum í einu
- Kenna nemendum að rifja skipulega upp

Hvetja nemendur til ígrundunar, til að hafa skipulag á því sem þeir læra og deila því með öðrum

Leiðsagnarmatið getur verið með ýmsu móti. Hér að neðan eru taldir upp þær aðferðir sem kennarar Laugarnesskóla styðjast við.

Sjálfsmat nemenda

Rannsóknir sýna að sjálfsmat getur bætt námsárangur. Leiðin til þess er að nemendur setja sér markmið í upphafi og keppast við að ná þeim. Við það öðlast þeir ákveðna yfirsýn yfir verkefnið og möguleika á að stjórna eigin vinnu. Til þess að nemendur geti metið hvernig til tókst verður að kenna þeim aðferðir til þess og eru matslistar þá góð hjálpartæki. Þannig geta nemendur lagt mælistiku á eigið nám og fá tækifæri til að læra hvað hefur tekist vel og hvað má betur fara næst. Með sjálfsmati leggja nemendur mat á eigin frammistöðu og getu. Einnig eiga þeir að meta hvort þeir hafi gert sitt besta við lausn verkefnis. Þýðing sjálfsmats fyrir nemendur er sú helst að það virkjar þá til ábyrgðar á námi sínu og líkur eru á að þeir skilji betur tilgang námsins auk þess að vera mikilvæg þjálfun í sjálfsskoðun. Sjálfsmat nemenda hefur einnig þýðingu fyrir kennara þar sem þeir fá mikilvægar upplýsingar um viðhorf og skoðanir nemenda.

Jafningjamat nemenda

Jafningjamat er það kallað þegar nemendur meta framlag, frammistöðu eða verk hvers annars og getur það verið hvort heldur í einstaklingsvinnu eða hópavinnu. Matið er leiðsagnarmat, nemendur fá leiðsögn um hvernig megi laga og bæta tiltekin atriði á meðan nám fer fram. Þeir fá þá tækifæri til að skiptast á skoðunum um verkefni og úrlausnir, taka gagnrýni og vinna úr henni og þiggja hjálp við úrlausn hugsanlegra vandamála. Það gerir nemendum kleift að átta sig betur á veikum og sterkum hliðum sínum og er matið þannig mikilvægur þáttur í lærdómsferlinu.

Kostir jafningjamats eru að:

- það virkjar nemendur til þátttöku og ábyrgðar
- það eflir skilning nemenda á markmiðum námsins
- það bætir endurgjöfina, hún verður fyllri - fleiri sjónarhorn
- nemendur taka ábendingum nemenda oft betur en ábendingum kennara

- nemendur leggja sig oft meira fram ef þeir vita að félagar þeirra taka þátt í mati
- það veitir mikilvæga þjálfun, m.a. í tjáningu, samstarfi, jafningjastuðningi, og nemendur læra að gagnrýna uppbyggilega

Verkmöppur

Í skólanum hefur verið ákveðið að byggja námsmat m.a. á verkmöppum nemenda með það að leiðarljósi að nemendur fái stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um hvernig þeir geti lagt mat á eigin vinnu og bætt sig. Í kjölfarið setja þeir sér markmið fyrir næstu námslotu. Nemendur safna verkum sínum í möppur yfir allt skólaárið sem auðveldar þeim, foreldrum og kennurum að fá yfirsýn yfir vinnuna og framfarir.

Í annarlök velja nemendur verk í möppuna og í skólalök safna nemendur saman bestu verkum sínum í svokallaða gullakistu og færa rök fyrir vali á verkum í hana. Í lok skólaárs boða nemendur foreldra í viðtal sem þeir leiða og stjórna. Í viðtalinu skoða nemendur gullakistuna með foreldrum og öðrum gestum. Gullakistur nemenda eiga að endurspegla að einstaklingar eru mismunandi. Það er skylda skólans að koma til móts við og viðurkenna mismunandi þroska, getu og hæfileika. Með því að meta viðleitni nemenda og framfarir er oft hægt að hvetja nemendur til dádá. Gullakisturnar eru geymdar í skólanum milli ára til að nemendur geti skoðað framfarir sínar yfir nokkur ár.

Önnur próf og skimanir

Tími	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur
sept	Boehm R-C					
okt./nó v	Talkennari athugar alla nemendur Læsi lestraraskimun 1.hefti	Læsi lestraraskimu n 1. hefti	Talnalykill	Samræmt könnunarpróf í íslensku og stærðfræði	Stafsetningarhlut í Aston Index	Stafsetningarhlut í Aston Index
janúar			LH-60 lestrarhæfni-prófi	Stafsetningarhlut í Aston Index	LH-40 lestrarhæfni-prófi	
febrúar	Læsi lestraraskimun 2. hefti					
apríl		Læsi lestraraskimu n 2. hefti Lesmál H.A.	Aston Index stafsetningarhlut í		Yfirlitspróf í lestri og skrift fyrir 5. bekk höf. C. T. Carlsten	
maí	Boehm R-D (47atriði) Læsi /lestraraskimu n f. 1. bekk,3.hefti,					

Auk þess eru lögð fleiri próf fyrir nemendur einstaklingslega ef þörf krefur svo sem Told-málþroskapróf og greining á dyslexíu og öðrum lestrarörðugleikum.

Birtingarform námsmats

Vitnisburði er ætlað að styðja nemendur í námi og því mikilvægt að setja hann fram á jákvæðan hátt. Í lok haustannar er farið yfir námsframvindu með nemanda og foreldrum í viðtali. Í lok hverrar annar fá nemendur og foreldrar vitnisburð um námsstöðu í Mentor. Í lok vorannar fá nemendur jafnframt vitnisburðarblað með lokamati skólaársins.

Ef nemandi hefur fengið lengri tíma til próftöku, tekið sérpróf eða fengið aðra sértæka aðstoð vegna sérstöðu sinnar kemur það fram í umsögn á vitnisburðarblaði. Ef nemandi hefur tekið miklum framförum á tímabilinu er þess líka getið með umsögn.

Öllum nemendum er gefinn vitnisburður í bókstöfum. Í lestri eru viðmið um árangur samkvæmt læsisstefnu skólans.

Skýringar við vitnisburð.

Matsþáttur	Mjög gott	Gott	Sæmilegt	Þarf að bæta
Virgni í tímum / vinnusemi	Nemandi vinnur ávallt af áhuga og samviseusemi og gerir sitt besta	Nemandi vinnur oftast af áhuga og samviseusemi og gerir sitt besta	Nemandi vinnur stundum af áhuga og samviseusemi og gerir sitt besta	Nemandi þyrfti að vinna oft af áhuga og samviseusemi
Færni / leikni	Nemandi hefur náð mjög góðri leikni í beitingu aðferða og áhalda samkvæmt námsmarkmiðum	Nemandi hefur náð góðri leikni í beitingu aðferða og áhalda samkvæmt námsmarkmiðum	Nemandi hefur náð sæmilegri leikni í beitingu aðferða og v áhalda samkvæmt námsmarkmiðum	Nemandi hefur ekki náð leikni í beitingu aðferða og áhalda samkvæmt námsmarkmiðum
Fagþekking	Nemandi kann mjög góð skil á þeim þekkingarmarkmiðum sem námskrá gerir ráð fyrir	Nemandi kann góð skil á þeim þekkingarmarkmiðum sem námskrá gerir ráð fyrir	Nemandi kann sæmileg skil á þeim þekkingarmarkmiðum sem námskrá gerir ráð fyrir	Nemandi kann ekki skil á þeim þekkingarmarkmiðum sem námskrá gerir ráð fyrir
Hegðun og framkoma	Nemandi sýnir samferðafólki sínu ávallt kurteis og tillitssemi	Nemandi sýnir samferðafólki sínu oftast kurteis og tillitssemi	Nemandi sýnir samferðafólki sínu stundum kurteis og tillitssemi	Nemandi sýnir samferðafólki sínu sjaldan kurteis og tillitssemi
Verkmappa	Nemandi stendur mjög góð skil á verkmöppu og innihaldi hennar samkvæmt námsvísi	Nemandi stendur góð skil á verkmöppu og innihaldi hennar samkvæmt námsvísi	Nemandi stendur sæmileg skil á verkmöppu og innihaldi hennar samkvæmt námsvísi	Nemandi stendur ekki skil á verkmöppu og innihaldi hennar samkvæmt námsvísi
Formlegt próf	Einkunn 8,5 - 10	Einkunn 6,5 - 8,4	Einkunn 4,0 - 6,4	Einkunn 1- 3,9
Lokaafurð metin / vinnubrögð	Nemandi hefur lagt mikla rækt við verkefni og leyst það af bestu getu	Nemandi hefur lagt góða rækt við verkefni og leyst það af bestu getu	Nemandi hefur lagt sæmilega rækt við verkefni og ekki leyst það af bestu getu	Nemandi hefur lagt litla rækt við verkefni og leyst það á ófullnægjandi hátt
Umgengni um vinnusvæði	Nemandi sýnir að hann fer ávallt eftir skólareglum og	Nemandi sýnir að hann fer oftast eftir skólareglum og	Nemandi sýnir að hann fer stundum eftir skólareglum og	Nemandi sýnir að hann þarf að fara oft eftir skólareglum og

	viðurkenndum umgengnisháttum	viðurkenndum umgengnisháttum	viðurkenndum umgengnisháttum	viðurkenndum umgengnisháttum[is4]
--	---------------------------------	---------------------------------	---------------------------------	--------------------------------------

Virkni Færni / leikni felur í sér að nemandi hafi tileinkað sér þá færniþætti sem kveðið er á um í hverri námsgrein.

Fagþekking felur í sér að nemandi hafi tileinkað sér þá þekkingarþætti sem kveðið er á um, þ.m.t. þekking á staðreyndum og vinnuaðferðum, og geti gert grein fyrir þeim.

Vinnubrögð felur í sér að nemandinn geri sitt besta og leggi alúð við verkefni sín og skili þeim af sér samkvæmt þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni.

Hegðun / framkoma felur í sér að nemandi sýni öðrum kurteisi og tillitssemi og fylgi skólareglum.

Umgengni felur í sér að nemandi gangi snyrtilega og af samviskusemi um vinnusvæði, hirði vel um áhöld og skilji við vinnusvæði í sama ástandi og hann tók við því.

Sjálfsmat felst í því að nemandi leggur mat á eigin vinnu og frammistöðu.

Lokaafurð metin felur í sér frammistöðumat, mat kennara á lokaafurð. Það felur í sér mat á frágangi og vinnubrögðum miðað við hefðbundin vinnubrögð nemenda en ekki fagurfræðilegt mat.

Námsviðmið

Mjög gott	Vinnubrögð mjög góð, öllum verkefnum skilað. Þátttaka í umræðum og virkni í kennslustundum er mjög góð. Markmiðum áfangans er náð.
Gott	Vinnubrögð góð, flest öllum verkefnum skilað. Þátttaka í umræðum og virkni í kennslustundum er góð. Flestum markmiðum áfangans er náð.
Sæmilegt	Vinnubrögð þarf að bæta, verkefnaskil undir meðallagi. Þátttaka í umræðum og virkni í kennslustundum undir meðallagi. Um helmingi markmiða áfangans er náð.
Þarf að bæta	Vinnubrögð þarf að bæta. Nemandi þarf að vera miklu virkari þátttakandi í umræðum kennslustundum.. Nemandi nær tökum á um þriðjung markmiða áfangans.

9. Innra mat

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- 1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,*
- 2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,*
- 3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- 4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

Matsteymi skipa Sigríður Heiða Bragadóttir og Björn Gunnlaugsson.

Birting matsskýrslu

Sjálfsmatsskýrsla Laugarnesskóla er skoðun á árangri af þeim umbótum sem settar voru fram í umbótaáætlun fyrir skólaárið. Þar eru settir fram þeir þættir sem unnið er með til umbóta í skólastarfinu hverju sinni. Á fundi skólaráðs Laugarnesskóla er umbótaáætlun skólans til umfjöllunar og í framhaldinu kynnt starfsmönnum og birt á heimasíðu skólans. Í matsskýrslu er fjallað um þá þætti umbótatáætlunar sem unnið hefur verið með og er fjallað um hvern þátt um sig, gerð úttekt á þeirri vinnu sem lögð var í umbótaþættina og lagt mat á árangur af þeim.

Gögn

Gögn við mat á skólastarfinu eru af ýmsum toga en eftirtalin gögn eru algengustu matstækin:

Ársskýrslur kennara

Á hverju vori gefa kennarateymi skýrslu um hvernig skólastarfið hefur gengið að þeirra mati. Að auki er kennurum gefið færi á að koma ábendingum og tilmælum á framfæri um ýmislegt sem þeim finnst um skólastarfið. Hér að neðan er sýnishorn af því hvernig kennarar gera grein fyrir uppgjöri í einni námsgrein.

Starfsmannasamtöl

Hefðbundin starfsmannasamtöl fara fram á vorönn. Til undirbúnings samtalinu er rafræn könnun lögð fyrir starfsfólkið um starf og líðan. Það er gert til þess að samtalið sé vel undirbúið og hægt sé að ræða það sem vekur athygli í könnuninni. Einnig er ætlunin að starfsmenn ígrundi þá þætti sem stjórnendur óska upplýsinga um í samtalinu.

Nemendakönnun Hugmyndaráðs (nemendafélags)

Hugmyndaráð er heitið á nemendafélagi skólans. Hver bekkur á tvo fulltrúa í ráðinu sem stýrt er af kennara og sér hann um að halda fundi og rita fundargerðir. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu skólans.

Könnun sem hugmyndaráð leggur fyrir í nemendahópnum er unnin þannig að spurt er nokkurra spurninga og nemendur beðnir um að gefa álit sitt á kostum og göllum. Það sem spurt er um er eftirfarandi:

1. Félagslíf og samskipti
2. Matur
3. Kennsla og nám
4. Frímínútur og skólalóð

Könnunin er tvískipt, annars vegar svara nemendur 2.-4. bekkja og hins vegar 5.-6. bekkur

Skólapúlsinn

Laugarnesskóli gerir könnun meðal 6. bekkjarnemenda sinna tvisvar á ári haust og vor. Er það gert til þess að skoða ýmsa þætti í skólastarfinu og ráða í niðurstöður hvar má greina vanda og hvar má gera betur. Kannaðir eru átta matsþættir. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda eru ekki tekin með í landsmeðaltalið.

Niðurstöður samræmdra prófa

Rýnt er í niðurstöður samræmdra prófa þegar niðurstöður berast. Þó að nemendur skólans séu ekki í 7. bekk eru niðurstöður úr þeirra prófum einnig skoðaðar því þær gefa vísbendingar um starfið í skólanum þar sem nemendurnir fara á milli skóla eftir 6. bekk.

Læsi

Skólinn kennir samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis og er í samstarfi við Háskólann á Akureyri vegna þess. Læsi skimunarpróf eru hluti af því samstarfi.

Læsi skimunarpróf fyrir 1. og 2. bekk samanstendur af þremur prófum. Fyrsta prófið var lagt fyrir nemendur í nóvember 2015, annað prófið var lagt fyrir í febrúar 2016 og það þriðja í apríl.

Niðurstöður prófsins eru kynntar á eftirfarandi hátt:

1. Árangur tiltekins skóla í samanburði við aðra skóla sem kenna eftir Byrjendalæsi.
2. Árangur stelpna og stráka tiltekins skóla í samanburði við aðra skóla sem kenna eftir Byrjendalæsi.

Stærðfræðiskimun

Skimunarprófið Talnalykill er staðlað og töluverð reynsla komin á notkun þess og er það líklega eina tækið hérlandis þar sem skimunaraðferð hefur verið þróuð sérstaklega og eiginleikar hennar og árangur rannsakaðir. Talnalykill tekur ekki mið af ákveðnu námsefni í stærðfræði. Fjögur aðalmarkmið prófsins eru að gefa kost á: a) samanburði við aðra nemendur, b) samanburði á kunnáttusviðum fyrir einstaka nemendur, c) greiningu á þeirri sérstöku færni sem einstakir nemendur hafa eða skortir og birtist í frammistöðu á einstökum verkefnum og d) leit að slökum nemendum.

Nýting mats

Niðurstöður úr sjálfsmati skólans eru grundvöllur nýrrar umbótaáætlaða sem gerðar eru árlega. Matið leiðir í ljós styrkleika veikleika og tækifæri til framsóknar í skólastarfinu. Það eru afar mikilvæg gögn til að byggja umbóta þætti á.

10. Umbóta- og þróunarstarf

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Laugarnesskóli framkvæmir mat á skólastarfinu árlega og eru skýrslur birtar á heimasíðu hans.

Laugarnesskóli leggur áherslu á að skólastarfið sé í sífelldri endurskoðun og þróun. Leiðir til þróunar eru með ýmsu móti. Skólinn tekur gjarnan þátt í ýmsum átaksverkefnum sem stýrt er utan skóla, sett eru upp þróunarverkefni innan skólans eða þá að unnið er með umbótaþætti samkvæmt umbótaáætlunum.

Umbótaáætlanir eru gerðar í kjölfar innra eða ytra mats og taka umbæturnar á þeim þáttum skólastarfsins sem betur mega fara eða þörf er talin á að breyta.

11. Samstarf við aðila utan skóla

Laugarnesskóli á í samstarfi við ýmsa aðila utan skóla. Það eru einkum þeir sem koma að nemendum að einhverju leyti eða eru hluti af samfélaginu í skólahverfinu.

Samstarf heimila og skóla

Leiðarljós samstarfsáætlunar skólans er að árangursríkt samstarf foreldra og skóla skilar betri námsárangri og líðan nemenda. Í áætluninni er gerð grein fyrir hlutdeild foreldra í fjölbreyttu starfi skólans og hún er samofin stefnu og starfsáætlun Laugarnesskóla.

Samstarf sem skilar betri árangri og líðan nemenda

Stefna Laugarnesskóla um foreldrasamstarf

Formáli

Nú hefur áætlun Laugarnesskóla um foreldrasamstarf litið dagsins ljós. Áætlunina unnu eftirtaldir aðilar: Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri, Kristinn Svavarsson, aðstoðarskólastjóri, Hafdís G. Hilmarsdóttir, umsjónarkennari, Elsa Lyng Magnúsdóttir, skólaráðsfulltrúi og Sigrún Theodórsdóttir, fyrrverandi formaður foreldrafélags skólans. Alda Sigurðardóttir, foreldri og stjórnendabjálfi, handleiddi hópinn í gegnum þessa vinnu og stýrði vinnufundum með kennurum og bekkjarfulltrúum.

Aðdragandinn að mótun þessarar áætlunar er að skólaárið, 2011-2012, voru haldnir tveir fræðslufundir fyrir foreldra um mikilvægi farsæls foreldrasamstarfs varðandi líðan og námsárangur nemenda. Þar gafst foreldrum tækifæri til að koma með ábendingar og hugmyndir um hvernig þeir vildu sjá samstarf milli Laugarnesskóla og foreldra. Einnig voru tveir vinnufundir með öllu starfsfólki skólans og bekkjarfulltrúum þar sem unnið var með hugmyndir að enn betra samstarfi. Komu þar fram margar þarfar og góðar hugmyndir sem nefndin notaði í vinnu sinni.

Samstarf sem skilar betri árangri og líðan nemenda

Leiðarljós Laugarnesskóla í samstarfi við fjölskyldur er að stuðla að jákvæðu og farsælu samstarfi við nám og líðan barna með umhyggju og virðingu að leiðarljósi. Menntun barna er sameiginleg ábyrgð skóla og heimila og ef báðir aðilar stefna í sömu átt aukast líkur á góðum námsárangri og aukinni vellíðan barnanna. Ný reglugerðnr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum undirstrikar þessa ábyrgð.

Sjá: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

Í kafla 7.7 í almennum hluta Aðalnámskrár 2011 segir:

„Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.“

Markmið Laugarnesskóla til að ná betri árangri og líðan nemenda

Til að stuðla að lífsgleði leggur skólinn áherslu á:

- Jákvætt viðhorf í samstarfi við foreldra.
- Gagnkvæma virðingu milli foreldra og starfsmanna skólans.
- Að allir starfsmenn taki vel á móti foreldrum þegar þeir koma í skólann.

Til að efla góðan árangur í námi þá leggur skólinn áherslu á:

- Að skapa traust milli foreldra og kennara og að þeir séu einlægir og óhræddir við að ræða saman um líðan nemenda í skólanum.
- Að nemendur séu áhugasamir og jákvæðir og líði vel í skólanum.
- Að foreldrar leggi sig fram um aðstoða börnin sín í náminu og sýni því áhuga.
- Að foreldrar fái upplýsingar um framfarir barnsins og vinnu þess.
- Að skólinn fái upplýsingar um breyttar heimilisaðstæður.

Til að stuðla að góðri samvinnu leggur skólinn áherslu á:

- Að umsjónarkennari og foreldrar séu í góðu sambandi.
- Að sameiginleg ábyrgð sé á velferð og líðan barna í skólanum.
- Að barnið finni að foreldrarnir hafi áhuga á námi þess.
- Að skóli og foreldrar standi saman að því að hjálpa nemendum að vera sjálfstæðir og ábyrgir í námi.
- Að skóli og foreldrar standi saman að því að leiðbeina nemendum um góð samskipti og taki ábyrgð á námi sínu og hegðun.
- Samábyrgð sé um nám, hegðun og góð samskipti nemenda.

Til að ýta undir kærleik leggur skólinn áherslu á:

- Að allir sýni umburðarlyndi og skilning gagnvart ólíkum skoðunum og menningu.

Samstarfsverkefni sem skilar betri líðan og árangri nemenda

Hlutverk kennara í foreldrasamstarfi

Kennarar skólans leita markvisst leiða til að gera öllum foreldrum kleift að eiga virka hlutdeild í námi og starfi barna sinna og í starfi skólans. Kennarinn lítur á foreldra/forráðamenn sem lykilpersónur í velferð barna þeirra og nýtir faglega þekkingu sína til að aðstoða þá við menntun barnanna og uppleði.

Upplýsingamiðlun

Laugarnesskóli notar fjölbreyttar leiðir til að upplýsa foreldra um starfið í skólanum og er áhersla lögð á gott upplýsingastreymi milli heimila og skóla. Foreldrar/forráðamenn eru velkomnir í skólann og geta haft samband við kennara og skólastjórnendur á starfstíma skólans. Foreldrar/forráðamenn fá að vita um allar breytingar á skólastarfi með góðum fyrirvara og fá allir foreldrar/forráðamenn, sem eru með virkt netfang, upplýsingar rafrænt. Aðrir fá upplýsingar í töskupósti eða með símtali. Allir kennarar eru með vikulegan viðtalstíma sem foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að nýta sér. Allir starfsmenn skólans eru með virk netföng og er fyrirspurnum og erindum svarað eins fljótt og unnt er. Þá er auk þess lögð áhersla á að foreldrar/forráðamenn geti talað við skólastjórnendur þegar þess gerist þörf. Foreldraviðtöl eru þrisvar sinnum á skólaárinu; fyrsta viðtalið er um líðan nemenda í skólanum, næsta er um námslega stöðu og hið síðasta er um árangur starfsins. Kennarar og stjórnendur senda reglulega upplýsingar til foreldra í gegnum vefsíðuna: www.mentor.is Markmiðið er að nota Mentor til upplýsingamiðlunar til foreldra/forráðamanna um málefni er viðkoma einstökum nemendum, t.d. upplýsingar um ástundun, heimanám, námsáætlanir, námsárangur og hegðun

Reykjavíkurborg er með foreldravef: http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4536/7796_view-4719/ þar sem er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra. Vefurinn er á mörgum tungumálum.

Heimasíða Laugarnesskóla

Heimasíðan er bæði skólanámskrá og starfsáætlun skólans þar sem fram koma allar upplýsingar um skólann og skólastarfið. Á heimasíðunni eru einnig tengingar á ýmsa vefi sem tengjast skólanum á einhvern hátt. Veglegan sess skipa svo fréttir og myndir úr skólastarfinu. Stefnt er að því að heimasíðan sé endurbætt og uppfærð reglulega og gefi sem gleggsta mynd af daglegu skólastarfi svo foreldrar/forráðamenn heimsæki síðuna sem oftast og nýti sér þær upplýsingar sem þar er að finna.

Markmið og tilgangur virkrar upplýsingamiðlunar á heimasíðu er:

- Að veita almennar upplýsingar um skólastarfið.
- Vera foreldrum og aðstandendum nemenda brunnur upplýsinga um allt er viðkemur skólastarfinu.
- Vekja athygli á því sem fram fer innan veggja skólans.

Upplýsingakerfið Mentor

Upplýsingagjöf til foreldra um starfið í skólanum og einstaka bekkjum fer fram í gegnum vefsíðuna: www.mentor.is

Mentor er vefkerfi sem er notað í flestum grunnskólum landsins. Á vefnum birtast upplýsingar varðandi nemendur svo sem ástundun, staða í námi, heimanám og námsmat.

Námskynningar

Námskynningar eru í upphafi skólaárs í samráði við bekkjarfulltrúa. Á námskynningum kynnir kennari starf vetrarins, væntingar og skipulag. Bekkjarfulltrúar kynna foreldrasamstarfið og nýir fulltrúar eru kosnir. Allir foreldrar eiga að mæta á námskynningar þar sem hornsteinn að starfi vetrarins er lagður.

Foreldraviðtöl

Leiðarljós foreldraviðtala er að foreldrar/forráðamenn og kennari myndi teymi sem vinnur að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og eiga foreldraviðtöl að tryggja að allir foreldrar/forráðamenn eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna. Nemendur eiga einnig að læra að taka ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja það í samráði við kennara og foreldra/forráðamenn. Foreldraviðtöl eru þrisvar á vetri og er tímasetning þeirra á skóladagatali skólans. Að jafnaði eru viðtölin um 15-20 mínútna löng og umsjónarkennari boðar til viðtals og sendir gátlista með fundarboði. Þar gefst foreldrum tækifæri á að tilgreina efni sem þeir vilja ræða sérstaklega í viðtalinu.

Haustviðtal

Fyrir foreldraviðtalið er verkefnabók nemenda birt foreldrum/forráðamönnum á vefsíðunni www.mentor.is þar sem hægt er að skoða stöðu nemanda í námi. Allir nemendur fá sendan heim gátlista um líðan í skólanum sem þeir fylla út með foreldrum. Umsjónarkennari fyllir út samsvarandi blað og nemandinn. Jafnframt setur nemandinn sér markmið og gerir drög að námsáætlun með foreldrum sínum. Í viðtalinu er líðan nemanda rædd, farið yfir þau markmið sem nemandinn hefur sett sér og rætt um stöðu nemandans í námi. Umsjónarkennari tekur svo saman upplýsingar um líðan nemendahópsins og upplýsir foreldra.

Miðannarviðtal

Fyrir foreldraviðtalið er verkefnabók nemenda birt foreldrum/forráðamönnum á vefsíðunni www.mentor.is

þar sem hægt er að skoða stöðu þeirra í námi. Fyrir viðtalið fá allir nemendur sent heim blaðið „3 stjórnur og ein ósk“ þar sem þeir meta hvað gekk vel frá haustviðtalinu. Umsjónarkennari fyllir út samsvarandi blað og nemandinn. Nemandinn metur einnig með foreldrum/forráðamönnum markmið haustannar og setur sér ný markmið. Farið er yfir stöðu nemanda í námi.

Vorviðtal/Gullakistuviðtal

Í lok skólaárs boða nemendur foreldra/forráðamenn í viðtal sem þeir leiða og stjórna. Í viðtalinu skoða nemendur með foreldrum/forráðamönnum sem og öðrum gestum „gullakistuna“ en í hana hafa nemendur valið bestu verk sín yfir veturinn og færa fram rök fyrir vali á verkum í kistuna. Gullakistur nemenda eiga að endurspeglar mismun einstaklinga. Það er skylda skólans að koma til móts við og viðurkenna mismunandi þroska, getu og hæfileika nemenda. Með því að meta viðleitni nemenda og framfarir er oft hægt að hvetja nemendur til dæða. Gullakisturnar eru geymdar í skólanum milli ára til að nemendur geti skoðað framfarir sínar yfir nokkur ár. Í viðtalinu fá nemendur vitnisburðarblað þar sem lagt er mat á þekkingu, leikni og virkni nemenda í námi. Jafnframt fá þeir afhend öll próf og kannanir vetrarins.

Stöndum saman um jákvæða hegðun og segjum NEI við einelti

Með jákvæðni að leiðarljósi og fullvissu um að hrós og uppörvun hvetji til góðrar hegðunar og líðan, vinnur skólinn samkvæmt PBS kerfinu sem er heildstæður stuðningur innan skóla við jákvæða hegðun. Öflugasta forvörnin gegn einelti felst í því að börn læri með

skipulögðum hætti að vera saman í leik og starfi þar sem lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru höfð að leiðarljósi. Nemendum líður vel þar sem samskiptin helgast af virðingu, samábyrgð, umhyggju og ábyrgri hegðun.

Laugarnesskóli er þátttakandi í verkefninu „Stöndum saman“ sem er forvörn gegn einelti. Nemendum er kennt að besta leiðin til að koma í veg fyrir og stöðva óæskilega hegðun sé að veita henni ekki athygli. Þar með er lögð áhersla á að þolendur og áhorfendur læri að bregðast við óæskilegri hegðun með viðeigandi hætti en ekki eingöngu leitast við að draga úr óæskilegri hegðun geranda. Góð samvinna foreldra og skóla um líðan barns í skóla er því mjög mikilvægur þáttur í að koma í veg fyrir einelti.

Skilgreining á einelti

- Einelti felur í sér að barn/einstaklingur er tekinn fyrir af einum eða fleiri börnum/einstaklingum með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum, sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.
- Einelti getur einnig birst í samskiptum í netmiðlum. Það er hlutverk fullorðna fólksins að sjá til þess að börn umgangist Netið af ábyrgð.

Foreldrar/forráðamenn þurfa alltaf að taka alvarlega grun um að barn þeirra verði fyrir einelti í skólanum eða ef upplýsingar berast frá skólanum um að barn þeirra sæti einelti. Góð samskipti og upplýsingaflæði milli foreldra/forráðamanna og skóla um líðan barna í skólanum getur því verið mikilvægur þáttur í að gripið sé inn í og komið í veg fyrir einelti.

Allir skólar í borginni hafa eineltisáætlun sem þeir starfa eftir til að fyrirbyggja og uppræta einelti þegar grunur vaknar um slíkt. Áætlun Laugarnesskóla og góð ráð til foreldra/forráðamanna er að finna á heimasíðu skólans:

http://www.laugarnesskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=71&Itemid=168

Heimanám

Heimanámi er ætlað að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með hvernig börnum þeirra gengur að takast á við nám og hvaða viðfangsefni verið er að fjalla um í skólanum. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram að foreldrar/forráðamenn beri frumábyrgð á uppeldi barna sinna en jafnframt stendur þar að þeir hópar sem mynda skólasamfélagið eigi að vinna vel saman. Einn þáttur þessarar samvinnu milli foreldra/forráðamanna og skólans er heimanám.

Markmið heimanáms í Laugarnesskóla er að:

- Æfa lestur.
- Nemendur þjálfir enn frekar og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum.
- Lesa og kynna sér námsefni til undirbúnings.

- Nemendur læri að taka ábyrgð á verkum.
- Auka og dýpka skilning á námsefninu.
- Venja nemendur við ákveðin vinnubrögð og ögun í námi.
- Vinna upp það sem ekki náðist að klára í kennslustundum.
- Nemendur öðlist smátt og smátt færni í að undirbúa sig fyrir skólann.
- Veita foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna.

Vikuáætlanir

Í Laugarnesskóla fá allir nemendur vikuáætlun í heimanámi. Vikuáætlanir eru settar inn á vefsíðuna: www.mentor.is. Þar kemur fram áætluð heimavinna nemenda, ýmsar upplýsingar og tilkynningar. Þetta er gert til að nemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra geti skipulagt heimanámið.

Hlutverk foreldra í heimanámi

Mikilvægasta hlutverk forráðamanna er að skapa námsumhverfi heima. Þeir þurfa því að aðstoða börn sín við skipulagningu og sýna inntaki námsins áhuga. Því er afar mikilvægt að foreldrar leiðbeini, örvi og hvetji börnin, allt eftir því hvað við á í hverju tilfelli. Áhugi, aðstoð og hvatning frá foreldrum/forráðamönnum ber alltaf árangur. Nemendur þurfa gott næði og góðar aðstæður til að geta sinnt heimanáminu vel. Vel skipulagður fastur tími, helst fyrir kvöldmat, hentar flestum nemendum best til að vinna heimanámið. Þannig má koma í veg fyrir að vinnunni sé frestað fram á síðustu stundu. Foreldrar/forráðamenn þurfa að fylgjast vel með því að heimanámið sé unnið.

Hlutverk nemenda í heimanámi

Nemendur skipuleggja heimavinnuna með foreldrum, gefa því forgang og skila því á réttum tíma. Vinnuramminn er ein vika nema samið sé um annað. Áætlunargerðin er mjög mikilvæg og kennir barninu að skipuleggja vinnu sína. Allar áætlanir geta breyst og það er eins með heimavinnuáætlunina.

Hlutverk kennara í heimanámi

- Gefur greinargóðar upplýsingar um heimanámið í vikuáætlun.
- Sér til þess að nemendur viti hvernig á að leysa verkefni og þekki markmiðin.
- Gerir kröfur um vönduð vinnubrögð.
- Fer yfir heimanámið.
- Hefur samband við foreldra/forráðamenn ef þörf er á.

Móttaka nýrra nemenda

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Foreldrar/forráðamenn og nemandi eru boðuð í skólann til kynningar áður en kennsla hefst. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri leiðir nemandann og foreldra/forráðamenn um skólann og kynna þeim húsnæði skólans og skólastarfið. Ef tök eru á kynni hann einnig nemandann fyrir verðandi umsjónarkennara. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá einum eða nokkrum nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og að vera með í frímínútum. Þegar tekið er á móti beiðni um skólavist fyrir barn fá foreldrar/forráðamenn í hendur [upplýsingabækling](#) fyrir forráðamenn nýrra nemenda. Deildarstjóri sérkennslu veitir [nýbúum](#) auk þess sérstaka umsjón ef þess gerist þörf.

Skólaheimsóknir foreldra

Heimsóknirnar eru skipulagðar í samráði við bekkjarfulltrúa og fyrirkomulag þeirra er breytilegt. Foreldrar koma í heimsókn í umsjónarbekk barns síns og eru þar að öllu jafnaði eina kennslustund. Markmið skólaheimsókna foreldra er að treysta samband heimila og skóla. Í eldri bekkjum segja foreldrar frá starfi, tómstundum og/eða áhugamálum eða aðstoða í þemaverkefnum.

Samstarf við foreldra í 1. bekk

Þegar nýr einstaklingur hefur skólagöngu í grunnskóla hefst samstarf milli foreldra/forráðamanna og Laugarnesskóla. Til að leggja grunn að góðri samvinnu sem byggir á gagnkvæmu trausti, þekkingu og skilningi á hlutverki allra þátttakenda skólasamfélagsins er forráðamönnum skylt að mæta á tvo kynningarfundum, að vori og hausti. Markmið fundanna er:

- Að skapa vettvang fyrir foreldra/forráðamenn til að kynnst starfsfólki skólans og að kynnst innbyrðis.
- Að kynna foreldrum þær væntingar sem starfsfólk skólans hefur til þeirra og hvaða hlutverk forráðamönnum er ætlað af hálfu skólans.
- Að gera foreldra meðvitaða um hag og þörf barna fyrir farsælli samvinnu heimila og skóla og þörf þeirra fyrir áhuga foreldra á skólastarfinu.
- Vekja vitund forráðamanna á þeirri ábyrgð sem þeir bera á skólagöngu barna sinna.
- Að gera foreldra meðvitaða um þau áhrif sem forráðamenn geta haft á skólastarfið með starfsemi í skólaráði, foreldrafélagi og sem bekkjarfulltrúar.
- Upplýsa foreldra um að æskilegt sé að hvert foreldri sinni starfi bekkjarfulltrúa að minnsta kosti einu sinni á skólagöngu barnsins.

Skólaráð

Samkvæmt grunnskólalögum sem voru samþykkt 12. júní 2008 á að vera starfandi skólaráð við hvern skóla. Í greininni segir:

„Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.“

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.“

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði og eru fundargerðir birtar á heimasíðu skólans.

Umhverfisteymi

Í Laugarnesskóla er starfandi umhverfisteymi og í því eru fulltrúar foreldra, kennara og nemenda. Stefna Laugarnesskóla í umhverfismálum er að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsfólks. Markmið Laugarnesskóla í umhverfismálum eru að:

- Spara orku eins og hægt er t.d. með því að slökkva ljós þegar þeirra er ekki þörf, slökkva á tækjum sem eru ekki í notkun og nota vatn sparlega.
- Minnka allan óflokkaðan úrgang eins og hægt er t.d. með því að flokka allan pappír, plast og lífrænan úrgang.
- Bæta umgengni og nýtingu á verðmætum skólans meðal annars með aukinni fræðslu.
- Nemendur og starfsfólk tileinki sér jákvætt viðhorf til alls lífs og umhverfis. Þetta er gert með því að vanda umgengni við dýr og plöntur og njóta náttúrunnar með sem fjölbreyttustum hætti t.d. með því að hjóla eða ganga í skólann.

Foreldrafélag Laugarnesskóla

Allir foreldrar/forráðamenn nemenda í Laugarnesskóla eru félagar í foreldrafélagi Laugarnesskóla. Félagið hefur aðstöðu í skólanum til fundahalda og annarrar starfsemi. Stjórn foreldrafélagsins samanstendur af sjö aðalmönnum sem kosnir eru til 2 ára í senn og tveimur varamönnum sem kosnir eru til eins árs, á aðalfundi félagsins.

Verkefni Foreldrafélagsins eru margvísleg. Félagið kemur að námskeiðinu „Skólafærni“ ásamt skólanum sem haldið er í byrjun skólaárs fyrir foreldra barna sem eru að hefja nám í 1. bekk. Einnig stendur félagið fyrir jólafundum eða jólaskemmtun, páskabingói, heilsuviku og leikhúsförum. Í samstarfi við Laugarneskirkju og Laugarsel er haldin öskudagsskemmtun og dótadagur í salarkynnum safnaðarheimilis kirkjunnar. Hverfishátíðin „Laugarnes á ljúfum nótum“ er vorhátíð sem allar stofnanir og félagasamtök hverfisins standa að og kemur foreldrafélag skólans að undirbúningsvinnu og veitingasölu.

Foreldrafélagið kemur einnig að verkefninu „Tíu ára í tjaldi“ sem er samvinnuverkefni foreldrafélagsins, kirkjunnar og skátanna þar sem öllum börnum í 4. bekk er boðið í tjaldferð að vori í eina nótt upp í Katlagil. Það er landskiki uppi í Mosfellsdal sem kennarafélag Laugarnesskóla á og Laugarnesskóli hefur fengið afnot af.

Á heimasíðu skólans er að finna dagskrá foreldrafélagsins og fundargerðir auk þess sem foreldrum eru sendar upplýsingar í gegnum vefsíðuna www.mentor.is

Félagið á fulltrúa í SAMFOK, samtökum foreldrafélaga og skólaráða í Reykjavík. Um frekari upplýsingar vísast til vefsíðu SAMFOK www.samfok.net. Foreldrar eru hvattir til að vera virkir í foreldrastarfi skólans, þannig verður góður skóli enn farsælli og árangur og líðan barna okkar enn betri.

Bekkjarfulltrúar

Á námskynningu sem umsjónarkennari heldur fyrir foreldra eru bekkjarfulltrúar kosnir, 2-4 í hverjum bekk. Stjórn foreldrafélagsins heldur fund með öllum bekkjarfulltrúum tvisvar á ári og er þeim innan handar varðandi skipulagningu og upplýsingar.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að:

- Vera tengiliðir og verkstjórar í foreldrasamstarfinu.
- Taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs.
- Skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist, kynnist og eigi ánægjulega stund saman.
- Skipuleggja vinahópa.
- Skipuleggja heimsóknir foreldra í bekki einu sinni á skólaári í samráði við kennara.
- Skapa vettvang fyrir foreldra til að hittast og kynnast.
- Mæta á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn er í byrjun skólaárs.

Eftirtaldir árgangar koma að vetrarstarfi foreldrafélagsins í samvinnu við stjórn þess

Árgangur	Verkefni
1. bekkur	Skipuleggur kökubasar á jólaföndrinu, sér um sölu og allir foreldrar bekkjarins koma með köku á basarinn.
2. bekkur	Aðstoðar á öskudagshátíð/dótadegi sem haldinn er í safnaðarheimilinu í samstarfi foreldrafélags, Laugarsels og kirkjunnar.
3. bekkur	Stjórnar páskabingó og hjálpar til við að safna vinningum fyrir bingóíð.
4. bekkur	Sér um veitingasölu (pylsur/vöfflur) á hverfishátíðinni Laugarnes á ljúfum nótum.
5. bekkur	Sér um sölu föndurvöru og aðstoðar á jólaföndri foreldrafélagsins.
6. bekkur	Sér um veitingasölu í jólaföndrinu og virkjar börnin í 6.bekk með sér í það.

Vinahópar

Sterk samkennd og góð tengsl barna og foreldra hefur áhrif á vellíðan og sjálfsmynd barna og þannig getum við stuðlað að farsælli skólagöngu þeirra. Markmið vinahópa er að styrkja vináttubönd innan bekkjarins eða árgangsins. Reynslan sýnir að þeir eru mjög mikilvæg forvörn gegn einelti og stuðla að auknum skilningi foreldra/forráðamanna og barna. Bekkjarfulltrúar skipuleggja vinahópana í samvinnu við umsjónarkennara. Til að hægt sé að koma þessu í kring er nauðsynlegt að skipulagið sé vel kynnt fyrir foreldrum og að allir séu þessu samþykkir og komi sér saman um hvernig standa eigi að heimsóknunum. Kostnaður við vinahópa á helst ekki að vera neinn og eru þeir hugsaðir sem samverustund til að kynnast börnunum og foreldrum.

Hugmyndabanki fyrir vinahópa:

- Almennir leikir/hópleikir innandyra/utandyra.
- Spila bingó, á spil.
- Baka köku/böku.
- Skreyta piparkökur.

- Búa til snjóhús.
- Gönguferð að Þvottalaugum og ormi í Laugardalnum.
- Fjöruferð í Laugarnesinu.
- Hjólreiðatúr um útivistarsvæði hverfisins.
- Sund í Laugardalslauginni.
- Nota leikvelli hverfisins.

Vinafjölskyldur

Markmið

- Að stuðla að virkni erlendra fjölskyldna og barna þeirra í skólasamfélagi Laugarnesskóla sem og íslensku samfélagi og minnka þannig líkur á að einangrun eigi sér stað.
- Að búa til skólabrag sem byggir á virðingu, samkennd og samvinnu.
- Að mynda gagnvirk tengsl íslenskra fjölskyldna við erlendar fjölskyldur (þar sem höfð er að leiðarljósi virðing, umhyggja og stuðningur).

Vinafjölskyldur – framkvæmd

- Fjölskyldur í sama bekk/árgangi myndi tengsl með tilstuðlan umsjónarkennara og bekkjarfulltrúa. Þar er leitast við að tengja börn sem hafa nú þegar myndað einhver vinatengsl eða eiga sameiginleg áhugamál.
- Opna boðleiðir þannig að íslenska fjölskyldan sýni frumkvæði með því að upplýsa þær erlendu um bekkjarskemmtanir og annað sem fram fer í skólanum. Mjög góð leið er að bjóðast til að sækja og verða samferða á upptöku skólans.
- Kynna íþrótt- og tómstundastörf hverfisins fyrir börnunum og fjölskyldum þeirra.
- Bjóða börnunum heim stöku sinnum og hjálpa með íslenskulestur.
- Bjóða heim í kaffi og létt spjall.

Samstarf við leikskóla

Laugarnesskóli er í samstarfi við leikskóla hverfisins. Markmiðið með því samstarfi er að auka upplýsingastreymi milli skólastiganna og fá sameiginlega sýn á þroska og færni barna á mótum leikskóla og grunnskóla. Á vorin koma tilvonandi 6 ára nemendur Laugarnesskóla þrisvar sinnum í heimsókn. Í fyrstu heimsókn koma nemendur og hitta skólastjórnendur. Þeir fá leiðsögn um skólann og merki hans að gjöf. Síðar koma þeir í litlum hópum úr hverjum leikskóla inn í bekk og eru þar tvær kennslustundir, drekka nesti og fara út í frímínútur. Nemendur sem ekki eru í leikskólum hverfisins koma einnig í samskonar heimsókn en í fylgd foreldra. Í síðustu heimsókn koma nemendur með foreldrum og hitta kennara sína. Einnig koma leikskólakennarar í skólann með aðra nemendur til að sýna þeim náttúrugripasafnið og annað sem markvert er.

Samstarf við Laugalækjarskóla

Laugarnesskóli á gott samstarf við Laugalækjarskóla sem tekur við nemendum þegar þeir fara í 7. bekk. Stjórnendur skólanna funda reglulega um sameiginleg málefni og hafa samráð um ýmsa þætti er snúa að skólastarfinu. Skólarnir hafa gert með sér samning um aðgang Laugarnesskóla að námsráðgjafa Laugalækjarskóla og þjónar hann nemendum skólans eftir þörfum. Aðstoðarskólastjórar skólanna fara yfir niðurstöður samræmdra prófa og greina veika og sterka þætti í skólastarfinu út frá þeim.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Laugarnesskóli tekur þátt í starfi grasrótarsamtakanna „Laugarnes á ljúfum nótum“. Þar vinna saman leikskólarnir og grunnskólarnir í hverfinu, foreldrafélögin, Laugarneskirkja, Knattspyrnufélagið Þróttur,

Íþróttafélagið Ármann, TBR, Skátafélagið Skjöldungar, KFUM og K, Sundfélagið Ægir og félagsmiðstöðin Þróttheimar. Markmið þessara samtaka er að efla hverfisvitund og samkennd barna og fullorðinna í Laugarneshverfi og stuðla að samræmi á framboði tómstundastarfs og efla skilning á markmiðum og leiðum í starfi þeirra sem koma að starfi með börnunum í Laugarnesi.

Mat á árangri

Árlega er lögð fyrir foreldrakönnun og niðurstöður hennar eru skoðaðar til að meta samstarfsverkefnið. Í starfsmannasamtölum er rætt um framkvæmd á foreldrasamstarfi í hverjum bekk og árgangi.

Innleiðing verkefna sem skila betri líðan og árangri nemenda

hi	
Kennarar funda með bekkjarfulltrúum í upphafi skólaárs	harkennarar
Kennarar senda jákvæðar fréttir af hverju barni	tar
Skólastjórnendur hringja í foreldra þegar barn þeirra hefur staðið sig mjög vel	ndur
Umsjónarkennarar senda mánaðarlega fréttir af starfi bekkjarins	harkennarar
Heimakynning nemenda þar sem nemendur kynna fyrir foreldrum sínum ákveðið verkefni eða námsbók. Foreldrar kvitti fyrir kynninguna og geta jafnvel skrifað umsögn	harkennarar
Námskynningar í október og nemendur senda foreldrum boðsbréf	harkennarar
Bekkjarfulltrúar valdir í upphafi skólaárs rafrænt fyrir utan 1. bekk	rafélagið
Umsjónarkennarar skipuleggja eitt bekkjarkvöld á ári. Árgangar geta líka skipulagt eitt sameiginlegt bekkjarkvöld	harkennarar
Foreldrum boðin þátttaka í vettvangsferðum nemenda	harkennarar
Foreldrakaffi fyrir palldagskrá	harkennarar
Virkja foreldra sem eiga annað móðurmál en íslenskuna með fjölbreyttum leiðum	harkennarar
Árlega er öllum foreldrum boðið í foreldraheimsóknir og mikilvægt að gefa foreldrum líka kost á að skoða kennslu í sérgreinum.	harkennari í samstarfi við sérgreinakennara og bekkjarfulltrúa
Umsjónarkennarar leggja mat á foreldrasamstarfið í starfsmannasamtali	ndur

Samstarf við Kringlumýri, Laugó, Dalheima og Laugarsel

Laugarsel er frístundaheimili fyrir börn í 1. og 2. bekk í Laugarnesskóla. Frístundaheimilið Laugarsel er eitt af átta frístundaheimilum sem tilheyra Kringlumýri, sem er frístundamiðstöð Laugardals og Háaleitis. Kringlumýri sér einnig um rekstur fimm félagsmiðstöðva og frítímastarfs fatlaðra.

Dalheimar er frístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk Langholtsskóla og Laugarnesskóla. Þegar frí er í skólanum á virkum dögum er opið í Laugarseli og Dalheimum frá klukkan 8:00 um morguninn og til 17:00.

Laugarnesskóli hefur frá hausti 2015 unnið í góðu samstarfi við Laugarsel og Vöndu Sigurgeirsdóttur að verkefni sem kallast Vináttufærni. Verkefnið miðar að því að starfsfólk Laugarsels sé meðvitað um félagslega stöðu allra barna í frístundaheimilinu og vinni að því markvisst að aðstoða þau börn sem þurfa aðstoð í að finna sér félagskap og eignast vini.

Laugó er félagsmiðstöð á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, starfrækt af Frístundamiðstöðinni Kringlumýri.

Markhópurinn eru börn og unglingar í 5. – 10. bekk.

Á miðvikudögum er boðið uppá opið hús og smíðjur fyrir börn í 7. bekk og 5. og 6. bekk á mánudögum.

Félagsmiðstöðinn Laugó tekur þátt í verkefninu Réttindaskólar Unicef, ásamt frístundaheimilunum Laugarseli og Dalheimum í samvinnu við Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla, og Flataskóla. Réttindaskólar miða að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda ásamt því skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu með Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna að leiðarljósi.

12. Áætlanir

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku

Þegar tekið er á móti beiðni um skólavist fyrir erlent barn fá foreldrar í hendur upplýsingabækling fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna, innritunarblöð og grunnupplýsingar um skólann. [Meira hér.](#) Skólastjórnendur og deildarstjóri sérkennslu bera ábyrgð á innritun erlendra nemenda. Deildarstjóri sérkennslu veitir nýbúum auk þess sérstaka umsjón ef þess gerist þörf.

Íslenska sem annað tungumál

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við nemendur af íslenskum sem erlendum uppruna. Námsgreinin íslenska sem annað mál nær til allra námsgreina. Nemendurnir geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er og með mismunandi íslenskukunnáttu og menntunarbakgrunn.

Í kennslunni er lögð áhersla á talmál, skilning, hlustun, lestur, ritun, menningarfærni, skólamál og námsfærni. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og tekið er mið af aldri og stöðu nemendanna hverju sinni. Markmið kennslunnar er að nemandi verði fær um að nota íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum og sem grunn undir frekara nám. Enn fremur að nemandi:

- noti íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilji aðra
- noti íslensku til að taka þátt í samræðum og leikjum og taka tillit til viðmælenda
- hafi þroskað með sér menningarfærni sem auðveldar samskipti við önnur börn og fullorðna
- geti leikið sér með málið og prófað tilgátur um mál og málnotkun
- geti lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju og tjáð sig um þá í töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenskar málvenjur, aldur og þroska

Forvarnaráætlun um áfengis og vímuvarnir

Forvarnarstefna er hluti af skólanámskrá Laugarnesskóla og tekur mið af aldri nemenda. Með forvörnum er átt við aðgerðir sem byggðar eru á áætlun til að koma í veg fyrir að einstaklingar heltist úr samfélaginu eða einangrist. Forvarnarstefna Laugarnesskóla samanstendur af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla, stefnumörkun Menntasviðs Reykjavíkur og stefnu Laugarnesskóla. Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og Aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best.

Tilgangur forvarnarstefnunnar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, efla sjálfsvirðingu þeirra og virðingu gagnvart öðrum og umhverfi sínu.

Leiðarljós skólans með forvarnarstefnu er að:

- Þjálfar nemendur í að tjá hugsanir sínar, skoðanir og tilfinningar á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
- Efla sjálfsþekkingu nemenda og aðstoða þá við að byggja upp skýra og jákvæða sjálfsmynd.
- Nemendur læri að efla samskiptahæfni sína og læri að leysa ágreining.
- Nemendur séu fræddir um gildismat, ábyrgð og gagnkvæma virðingu.
- Nemendur tileinki sér lífsmynstur og lífshætti sem samræmist grundvallar siðferðisgildum samfélagsins.

Meginþættir forvarnarstefnu Laugarnesskóla

Skólinn er einn þeirra sem þátt taka í PBS sem er heildstætt vinnulag sem styður skóla við að koma á góðum og jákvæðum aga. Tilgangurinn með PBS er í fyrst lagi að auka félagsfærni og nám með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun.

Í öðru lagi er tilgangurinn að draga úr óæskilegri hegðun með því að búa til skýrar og fyrirsjáanlegar reglur um afleiðingar óæskilegrar hegðunar. Í þriðja lagi að samræma aðgerðir starfsfólks skóla til þess að auka

æskilega hegðun og koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegri hegðun. Kerfið miðar að því að allir stafsmenn skóla komi að mótun og viðhaldi æskilegrar hegðunar í skóla. Ásamt PBS er forvörnum hér skipt í fjóra meginþætti sem snúa sérstaklega að nemendum, samstarfi innan og utan skólans og forvörnum sem hluta af námi.

Lausnateymi og samstarf við Þjónustumiðstöð

Lausnateymi er starfandi fyrir kennara vegna nemenda með námserfiðleika, hegðunar- og samskiptaörðugleika. Deildarstjóri sérkennslu stjórnar teyminu og hlutverk þess er að veita kennurum ráðgjöf vegna námserfiðleika, samskipta- og hegðunarerfiðleika nemenda sem upp kunna að koma í kennslu.

Sálfræðiþjónusta við Laugarnesskóla er rekin af Þjónustumiðstöð Laugardals og Háleitis. Kennarar vísa nemendum alltaf til sálfræðideildar í samráði við foreldra með formlegri tilvísun. Foreldrar geta þó einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði. Allar tilvísanir og beiðnir um aðstoð eru kynntar og ræddar á fundum nemendaverndarráðs sem forgangsraðar verkefnum. Aðrir ráðgjafar sem standa skólanum til boða eru félagsráðgjafi og kennsluráðgjafi.

Áætlun gegn einelti og viðbrögð við því

Allir skólar í borginni hafa eineltisáætlun sem þeir starfa eftir til að fyrirbyggja og uppræta einelti þegar grunur vaknar um slíkt. Áætlun Laugarnesskóla og góð ráð til foreldra/forráðamanna er að finna á heimasíðu skólans:

http://www.laugarnesskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=71&Itemid=168

Skilgreining á einelti

Einelti er áreiti sem gerist nokkrum sinnum í viku og yfir nokkurn tíma. Sé um einelti að ræða gerist þetta oft og mörgum sinnum og sá sem verður fyrir því á erfitt með að verja sig. Ef nemenda er strítt aftur og aftur á óþægilegan og meiðandi hátt er það líka einelti. Þar er oft misvægi á valdi og sá kraftmeiri ræðst á þann kraftminni. Í eineltismálum geta gerendur verið einn eða fleiri. Það er ekki einelti þegar einhverjum er strítt á góðlátlegan og vingjarnlega hátt. Það er heldur ekki einelti fyrr en þolandi upplifir aðstæður sem ógnandi og/eða niðurlægjandi á einhvern hátt. Of fer einelti leynt því jafnvel þolandiinn getur þagað yfir því. En um leið og grunur vaknar hjá foreldrum og starfsfólki skóla er mikilvægt að hinir fullorðnu taki höndum saman til að stöðva ástandið.

Einelti felur í sér að barn/einstaklingur er tekinn fyrir af einum eða fleiri börnum/einstaklingum með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum, sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.

Einelti getur einnig birst í samskipum í netmiðlum. Það er hlutverk fullorðna fólksins að sjá til þess að börn umgangist Netið af ábyrgð.

Foreldrar/forráðamenn þurfa alltaf að taka alvarlega grun um að barn þeirra verði fyrir einelti í skólanum eða ef upplýsingar berast frá skólanum um að barn þeirra sæti einelti. Góð samskipti og upplýsingaflæði milli foreldra/forráðamanna og skóla um líðan barna í skólanum getur því verið mikilvægur þáttur í að gripað sé inn í og komið í veg fyrir einelti.

Meðferð eineltismála

Um leið og grunur leikur á að nemandi sé lagður í einelti þarf umsjónarkennari að afla nánari upplýsinga um málið og fylgist sérstaklega með þeim nemendum sem eiga hlut að máli.

- Hann kannar hjá samstarfsfólki hvort það hafi tekið eftir einhverju sérstöku með viðkomandi nemenda.
- Ef umsjónarkennari metur að um einelti sé að ræða sem nær út fyrir umsjónarþekk, vísar hann málinu til lausnateymis sem boðar til fundar.

- Umsjónarkennari gerir tengslakönnun meðal nemenda til að safna upplýsingum og ræðir einstaklingslega við nemendur til að fá skýrari mynd.
- Umsjónarkennari tekur viðtöl við gerendur til að uppræta eineltið.
- Umsjónarkennari ræðir við þolanda til að upplýsa hann um hvaða aðgerðir eru í gangi.
- Umsjónarkennari ásamt deildarstjóra hefur samband við hlutaðeignandi foreldra og óskar eftir stuðningi þeirra við að uppræta eineltið.
- Umsjónarkennari og deildastjórar upplýsa starfsmenn um málið.
- Viðkomandi nemendur og foreldrar þeirra fá að vita að málinu verður fylgt eftir með fundi eftir 3-4 vikur til að kanna hvort allt sé eins og það á að vera.
- Takist ekki að stöðva eineltið með þessum aðgerðum er litið svo á að málinu sé formlega vísað til skólastjóra.

Hlutverk starfsmanna skólans

Hlutverk allra starfsmanna skólans er að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Mikilvægt er að hver sá sem telur að um einelti sé að ræða komi þeirri vitneskju sem allra fyrst til umsjónarkennara.

Hlutverk nemenda skólans

Að koma vitneskju um einelti til kennara, skólastjórnar, hjúkrunarfræðings, sálfræðings eða annarra starfsmanna.

Hlutverk foreldra

Foreldrar eru bestu kennarar barna sinna og grunnur að góðum samskiptum er lagður á unga aldri. Foreldrar eru hvattir til að ræða um líðan og samskipti við börnin. Mikilvægt er að hafa strax samband við umsjónarkennara til að ræða áhyggjur af líðan barnsins í skólanum eða ef grunur vaknar um að einelti sé í gangi í félagahópnum. Gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla er forsenda þess að vel gangi að sporna við einelti.

Helstu forvarnir gegn einelti

Laugarnesskóli er með heildstæðan stuðningur við jákvæða hegðun, PBS, sem felur í sér áhrifaríkar aðferðir til að taka á hegðun fyrir skólann í heild. Stuðningurinn felur einnig í sér aðgerðir til að taka á áhættuhegðun og fyrir einstaka nemendur skóla sem sýna erfiða hegðun. Þessi samhæfða nálgun hefur sýnt fram á ágæti sitt þótt það sé stutt síðan hún var almennt tekin upp í skólum og skólakerfum. Rannsóknir hafa sýnt að þar sem heildstæður stuðningur er notaður í skólum hefur dregið verulega úr andfélagslegri hegðun nemenda, skemmdarverkum, árásargirni, afbrotum síðar meir og neyslu áfengis og annarra vímuefna. Ef inngrip eiga að hrífa verður að leggja höfuðáherslu á að koma í veg fyrir óviðeigandi hegðun.

Þetta módel er byggt á víðtækum rannsóknum á mismunandi börnum og þörfum þeirra. Þriggja þrepa módelið sýnir hvernig skólinn þarf að taka á agamálum út frá þremur hópum nemenda. Markmiðið er að tengja sérhvern þessara hópa mismunandi againngripum – alhliða inngrip fyrir alla nemendur, valin inngrip



fyrir suma nemendur og sértæk inngrip fyrir fáa nemendur. Ein aðferð í agamálum, sem á að henta öllum nemendum, dugar ekki.

Aðrar forvarnir eru að:

- Stuðla að samvinnu heimilis og skóla
- Koma á fræðslu um einelti fyrir foreldra
- Vera með virka gæsla í frímínútum, íþróttahúsum og ferðalögum á vegum skólans
- Umsjónarkennari hafi reglulega umræðu um líðan,

samskipti og hegðun

- Umsjónarkennari setji reglur í bekknum gegn ofbeldi og einelti
- Umsjónarkennari hvetji til þess að forráðamenn setji reglur varðandi afmælisboð og aðrar samkomur innan bekkjar
- Foreldrar hittist reglulega með börnum sínum
- Nemendur þjálfast í að vinna í hóp og sýni hverjir öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi

Stöndum saman um jákvæða hegðun og segjum NEI við einelti

Með jákvæðni að leiðarljósi og fullvissu um að hrós og uppörvun hvetji til góðrar hegðunar og líðan, vinnur skólinn samkvæmt PBS kerfinu sem er heildstæður stuðningur innan skóla við jákvæða hegðun. Öflugasta forvörnin gegn einelti felst í því að börn læri með skipulögðum hætti að vera saman í leik og starfi þar sem lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru höfð að leiðarljósi. Nemendum líður vel þar sem samskiptin helgast af virðingu, samábyrgð, umhyggju og ábyrgri hegðun.

Öryggis- og slysavarnaráætlun

Laugarnesskóli hefur eins og aðrir vinnustaðir öryggisnefnd. Nefndarmenn eru öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn. Öryggistrúnaðarmenn eru kosnir af starfsmönnum til tveggja ára í senn. Öryggisverðir eru skipaðir af skólastjóra til tveggja ára í senn.

Verkefni öryggisnefndar.

Öryggisnefnd tekur til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í skólanum.

Nefndin kys sér sjálf formann og ritara og skulu þeir til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Öryggisnefndin heldur fundi eins oft og hún sjálf telur þörf á en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Helstu verkefni öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða eru að;

- taka þátt í gerð áhættumats og fylgja því eftir ásamt atvinnurekanda
- kynna starfsmönnum þá áhættu, sem er á vinnustaðnum að því er varðar

- öryggi þeirra og heilsu, og sjá til þess að þeir fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun
- fylgiast með að ekki viðgangist einelti á vinnustaðnum
- vélar og tæknibúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu
- gæta þess að persónuhlífar séu til staðar, í góðu ástandi og notaðar í samræmi við reglur
- fylgiast með að skráningu slysa, óhappa og atvinnusjúkdóma sé sinnt.

Slys á nemendum í skóla

Fyrstu viðbrögð skólans eru að koma í veg fyrir frekari slys eða meiðsli með almennri skyndihjálp. Ef hjúkrunarfræðingur er í skólanum þá er leitað til hans, annars eru meiðsli skoðuð af starfsfólki skólans. Þegar meiðsli hafa verið könnuð er ákvörðun um hvort og hvernig nemandi er færður á heilsugæslu skólans, í Lág múla eða á bráðamóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss. Þegar ákvörðun hefur verið tekin er haft samband við foreldra/forráðamenn og þeim tilkynnt hvað hafi gerst og hvert nemandi hefur verið færður þ.e. á heilsugæslu skólans, í Lág múla eða slysadeild. Jafnan er beðið um að foreldrar/forráðamenn vitji nemandans, ef aðstæður þeirra leyfa. Þegar foreldrar/forráðamenn eru komnir á staðinn getur starfsmaður skólans yfirgefið vettvang.

Ef nemandi er færður á slysadeild eða Heilsugæsluna í Lág múla skal fylla út viðeigandi eyðublað og láta fylgja viðkomandi. Flutningur með sjúkrabíl skal greiddur af skólanum. Ef meiðsli verða utan skólahúss skal fylgja eftir sömu reglum. Kennari hefur samband við skólann og biður um aðstoð við að flytja eða færa nemenda undir læknishendur.

Ef slys er alvarlegt og nemandi verður frá skóla um lengri tíma skulu skólastjórnendur ræða við bekkjarfélaga og fjalla um slysið og færa þeim þau skilaboð sem æskileg eru. Skólinn lætur í té alla þá aðstoð við nám nemandans sem hann hugsanlega getur veitt. Tilkynna þarf þeim kennurum/starfsfólki sem kenna/sinna bekknum um hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málinu.

Slys á nemendum utan skólatíma

Hlutverk skólans við slíkar aðstæður verður að vera í samvinnu við foreldra/forráðamenn.

Skólinn hefur samband við heimili og leitar eftir upplýsingum og getur ef óskað er flutt öðrum nemendum skólans skilaboð og upplýsingar. Mikilvægt er að allar heimildir um atvik og líðan séu öruggar. Skólinn lætur í té alla þá aðstoð við nám nemandans sem hann hugsanlega getur veitt. Við langverandi fjarvistir nemanda á hann rétt á sjúkrakennslu samkvæmt reglum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.

Við stærri slys

Leitað er til Miðstöðvar áfallahjálpar Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Sjálfhótanir nemenda skal alltaf taka alvarlega. Umsjónarkennara ber alltaf að láta skólastjórnendur vita. Foreldrar skulu alltaf vera látnir vita.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlanir

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#). Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt. Að auki mun skólinn í samræmi við 22. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun skólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar verður árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Leiðarljós

Leiðarljós Laugarnesskóla er að styrkja jákvæða kynímynd og varast að líta svo á að allir séu eins. Allt skólastarfið á að taka mið af viðhorfum jafnréttis og stuðla að jákvæðu viðhorfi til allra starfa. Starfsandinn verður góður og laus við fordóma. Laugarnesskóli vill vera til fyrirmyndar á sviðum jafnréttis og nýta þau tækifæri sem felast í jafnréttisstefnu skólans. Orðið jafnrétti merkir:

- jöfn tækifæri til gæða lífsins
- jöfn tækifæri til að koma skoðunum sínum og hugsjónum í framkvæmd
- jöfn tækifæri til að nýta reynslu sína, þekkingu og menntun
- jafnrétti eru mannréttindi

Nemendur

Í lögum um grunnskóla er sérstaklega kveðið á um að veita skuli fræðslu um jafnréttismál til að búa bæði kynin undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað og komið sé til móts við þarfir allra nemenda óháð kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðunum.

Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu. Nemendur eiga ekki að þurfa að þola áreitni sem er niðurlægjandi. Styrkja þarf sjálfsmynd nemenda og vinna gegn stöðluðum kynímyndum og hefðbundnum hugmyndum um karla- og kvennastörf. Kanna þarf líðan og sjálfsmynd nemenda og bregðast við sé munur milli kynja. Í öllu skólastarfi þarf að gæta þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku í starfinu og jafna hlut nemenda þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans.

Mikilvægt er að veita nemendum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti.

Áætlun	Hvar	Ábyrgð	Hvenær
Leitast skal við að vinna eftir grunnþáttum Aðalnámskrár grunnskóla 2013 og þemaheftum um grunnþætti menntunar „Lýðræði og mannréttindi og Jafnrétti“ http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/themahefti-menntunar/	Fléttað inn í allt nám nemenda (sjá Aðalnámskrá grunnskóla 2013 bls. 19 og 20).	Allir starfsmenn skólans.	Alltaf þegar kostur er.
Gæta skal þess að námsgögn halli ekki á neinn hvort sem það er vegna kynferðis, trúar eða annarra ómálefnaþátta.	Kennarar leitist við að velja námsefni sem mismunar ekki.	Kennarar.	Þegar námsefni er valið.
Allir nemendur skulu fá kynningu á fjölbreytilegum störfum í lýðræðissamfélagi. Hvetja skal nemendur til að ráðast gegn hefðbundnum staðalímyndum.	Í lífsleikni og á bekkjarfundum er markvisst unnið gegn staðalímyndum kynjanna.	Allir starfsmenn skólans.	Hvenær sem tækifæri gefst.
Í skólanum er komið fram af virðingu og jafnræðis gætt óháð trúar- og stjórnmálaskoðunum nemenda. Nemendur eiga ekki að vera settir í þá	Í öllu skólastarfi. Reglur um samskipti séu aðgengilegar á heimasíðu skólans	Allir starfsmenn skólans.	Alltaf.

aðstöðu að þurfa að gefa upp trúar-
eða stjórnmálaskoðanir sínar.
Nemendur eiga að vera lausir við
innrætingu trúar- eða
stjórnmálaskoðana. Sjá reglur sem
Reykjavíkurborg hefur gefið út.
Reglur um samskipti skóla og trúar-
og lífsskoðunarfélaga.

http://laugarnesskoli.is/images/stories/files/log-reglur/reglur_samtykktar_4_10_2011.pdf.

Stuðla skal að bættu námi og líðan
nemenda í skólanum.

Markmiði að kortleggja
hvernig skólinn getur
stutt drengi í námi og
starfi og hvernig unnið
verði með kvíða stúlkna.

Skólastjórne
ndur og
kennaratey
mi.

Endurskoðað
árlega í tengslum
við sjálfsmat og
umbótaáætlun
skólans.

Vinna að því að nemendur virði
jafnréttissjónarmið í öllum samskiptum
o viti

Lífsleiknikennsla verði
endurskipulögð og efld.
Sérstök áhersla verði á að
nýta bekkjarfundi til
jafnréttisfræðslu og með
Barnasáttmálann

Umsjónarke
nnarar.

Byrjað verði að
vinna eftir nýju
skipulagi á
haustönn 2015.

Nemendur fái fræðslu um
kynferðislega áreitni og kynferðislegt
ofbeldi. Umræðu skal halda lifandi og
nemendum skal ljóst hvert þeir geti
leitað ef slík mál koma upp.

Fræðsla um kynþroska
og siðferði í samskiptum
kynjanna verði
samkvæmt aðalnámskrá
og lögum.

Lífsleiknike
nnarar,
jafningjafræ
ðslan og
skólahjúkru
narfræðingu
r.

Í kennslu í
lífsleikni og
umsjónartímum
.

Starfsmenn

Allir starfsmenn skólans eiga að njóta sambærilegra tækifæra til starfsþróunar og símenntunar. Allir starfsmenn skulu bera ábyrgð á að skapa andrúmsloft laust við fordóma af hvaða tagi sem er. Virða ber rétt starfsmanna til að tjá sig ekki um persónuleg málefni, s.s. trúarskoðanir, stjórnmálaskoðanir, kynhneigð eða heilsufar. Þess skal gætt við ráðningar, uppsögn og ákvarðanir um kjör starfsmanna skólans að ómálefnalegum ástæðum sé ekki beitt sem rökum gegn starfsmanni, sbr. grein 1.2 í starfsmannastefnu borgarinnar.

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja og að á hvorugt kynið halli.

Áætlun	Hvar	Ábyrgð	Hvenær
Í starfsauglýsingum verði vitnað til jafnréttisáætlunar skólans og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar.	Skv. starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar.	Skólastjóri.	Þegar við á.
Við nýráðningar verði leitast við að öðru jöfnu að jafna kynjahlutfallið.	Gerð verði samantekt á kynjahlutfalli. Eins og er eru karlmenn	Stjórnenndur.	Fyrst haustið 2014 og svo þriðja hvert ár eftir það.

	23% starfsmanna en konur 77%.		
Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiði og vinna að því að jafna laun kynjanna komi launamunur í ljós.	Gerð verði úttekt þar sem skoðuð verða grunnlaun, yfirvinnugreiðslur o.s.frv. eftir kyni og starfsheitum.	Reykjavíkurborg.	Samkvæmt ákvörðunum Reykjavíkurborgar.
Kynferðisleg áreitni og önnur áreitni er með öllu óheimil í skólanum. Vísað er til 2. gr. jafnréttislaga um skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Einelti er algerlega bannað í skólanum. Tilkynningar um einelti eða kynferðislegt áreiti eru teknar alvarlega, þær rannsakaðar gaumgæfilega og brugðist við samkvæmt viðbragðsáætlunum skólans. Stuðst er við skilgreiningu Reykjavíkurborgar á einelti.	Leiðbeiningar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.	Skólastjóri.	A.m.k. árlega (í kringum niðurstöður starfsmannakannana borgarinnar) er minnt á heimasíðuna og málin rædd.
Öllum sem vinna sambærileg störf í skólanum skal standa til boða til jafns, starfsþjálfun og endurmenntun sbr. 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.	Við gerð endurmenntunaráætlunar skal þess jafnan gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað á nokkurn hátt.	Skólastjóri.	Við gerð endurmenntunar áætlunar skólans.
Starfsmenn raðast eftir aldri, reynslu og menntun í launaflokka og þrep. Með launum er átt við hvers konar þóknun, beina og óbeina svo og hlunnindagreiðslur. Sama gildir um lífeyris-, orlofs- og veikindarétt sem og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin eru. (Sjá jafnréttislög 2008, 19. gr.) Allar launaákvarðanir skulu vera gagnsæjar og málefnalegar.	Skoðaðar eru launagreiðslur til allra starfsmanna og kannað hvort jafnræðis sé gætt.	Skólastjóri.	Árlega.
Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til að sinna skyldum sínum jafnt í einkalífi sem starfi og gott jafnvægi sé þar á milli. Reynt er að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í starfi. Sjá starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar	Beiðnir um sveigjanleika eru skoðaðar hver um sig og metnar eftir aðstæðum.	Skólastjóri.	Þegar við á.

Í skólanum er komið fram af virðingu og jafnræðis gætt óháð trúar- og stjórnmálaskoðunum. Ástundun trúarbragða og stjórnmála má ekki trufla starfsemi á vinnustað.

Leiðbeiningar eru að finna á heimasíðu Kennarasamband Íslands
<http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?ite mid=8143>.

Skólastjóri.

Í upphafi skólaárs.

Áfallaáætlun

Mikilvægt er að starfsmenn séu vel undir það búinir að takast á við erfiðleika sem fylgja hinum ýmsu áföllum. Nauðsynlegt er að samkomulag og skýr vitneskja sé um hvernig bregðast skuli við áföllum. Í skólanum er starfandi áfallateymi. Hlutverk þess er að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við þegar áföll hafa orðið, svo sem bráð veikindi, alvarlegt slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Áfallateymi sér einnig um:

- Upplýsingaflæði til allra innan skólans sem tengjast nemandanum.
- Stuðning við kennara.
- Að fylgjast með að nemandinn fái allan þann stuðning sem mögulegt er að veita innan skólans eins lengi og hann þarfnast.
- Aðgengilegt fræðsluefni fyrir kennara og starfsmenn um viðbrögð við áföllum og alvarlegum veikindum.
- Bókalista fyrir nemendur og kennara yfir barnabækur þar sem sorgin er meðhöndluð.

Áfallateymi

Í áfallateymi skólans sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, hjúkrunarfræðingur og prestur.

Áfallateymið fundar að hausti og kannar hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla, skilnaða, kynferðisofbeldis eða annar áfalla. Lykilatriðið er að mótuð verði skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun, til dæmis um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig bregðast eigi við einstökum tilvikum. Mikilvægt er að huga vel og vandlega að óskum þeirra sem eiga í hlut hverju sinni. Fumleysi, kærleikur og umhyggja er það sem skiptir mestu máli þegar sorgin ber að dyrum.

Vegna andláts nemanda

- Skólastjóri leita staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum.
- Áfallateymi boðað til fundar og fyrstu viðbrögð ákveðin. Skipti með sér verkum.
- Andlát tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi nemenda.
- Aðili úr áfallateymi ræðir við bekk viðkomandi nemanda ásamt umsjónarkennara.
- Allir starfsmenn skólans kallaðir saman á fund, þeim tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Farið yfir viðbrögð barna við áföllum og gagnleg ráð til að bæta líðan þeirra. (Bæklingur Landlæknisembættisins útg. sept. 1999. Sálræn eftirköst áfalla).
- Nemendum skólans sagt frá atburðinum á sal eða bekkjarstofu. Ef gert er á sal þurfa nemendur að fá stund með bekkjarkennara sínum til að ræða atburðinn og líðan sína. Mikilvægt er að gæta þess að allir fái fregnir samtímis.

Umsjónarkennarar láti bekkjarfulltrúa foreldra vita.

Andlát í skóla

Eigi andlát sér stað á skólatíma, þarf strax að hringja á Neyðarlínuna, 112

Andlátíð er staðfest og réttar upplýsingar um aðdraganda þess.

- Áfallateymi kallað saman af skólastjórnendum þeim til aðstoðar.
- Þess gætt að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf innan skólans hafi fengið fréttina áður en öðrum er tilkynnt um andlátíð.
- Starfsfólki skólans tilkynnt um andlátíð í næstu frímínútum og réttar upplýsingar gefnar um tildrög.
- Umsjónarkennarar flytja nemendum sínum fregnina og dreifa til þeirra bréfi skólastjórnenda til forráðamanna.
- Skólastjóri og prestur sjá um að aðstandendur fái réttar fréttir um málið áður en að fjölmiðlar fjalla um það.
- Skólastjórnendur sendi strax samúðarkveðjur til fjölskyldu hins látna
- Sýni fjölmiðlar áhuga er skólastjóri eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar sem gefa á.

Vegna andláts kennara

- Skólastjóri leita staðfestingar á andláti hjá aðstandendum.
- Áfallateymi boðað til fundar og fyrstu viðbrögð ákveðin. Skipti með sér verkum.
- Ef sá látni var umsjónarkennari tilkynnir skólastjórn og ef til vill aðili úr áfallateymi nemendum andlátíð. Öðrum bekkjum sem viðkomandi kenndi tilkynnir umsjónarkennari ásamt skólastjóra um andlátíð.
- Allir starfsmenn skólans kallaðir á fund, þeim tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum.
- Nemendum skólans sagt frá atburðinum á sal eða bekkjarstofu. Ef gert á sal þurfa nemendur að fá stund með bekkjarkennara sínum í sinni stofu til að ræða atburðinn og líðan sína. Mikilvægt er að gæta þess að allir fái fregnir samtímis.
- Skólastjóri og aðili úr áfallateymi fari heim til nemanda.
- Umsjónarkennarar láti bekkjarfulltrúa foreldra vita.

Vegna andláts aðstandanda nemenda

- Skólastjóri leita staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum.
- Áfallateymi boðað til fundar og fyrstu viðbrögð ákveðin. Skipti með sér verkum.
- Andlát tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi nemanda.
- Umsjónarkennari tilkynnir nemendum bekkjarins um andlátíð að nemanda fjarstöddum.
- Allir kennarar bekkjarins og starfsmenn sem tengjast þjónustu viðbekkinn látnir vita um hvað gerst hefur.
- Skólastjóri og umsjónarkennari fari heim til nemanda.
- Umsjónarkennari láti bekkjarfulltrúa foreldra vita.
- Endurkoma nemanda í bekk undirbúin. Nemendur hvattir til að umgangast viðkomandi á sem eðlilegastan hátt, sýni virðingu, tillitssemi og hlýju.
- Hlúð að nemendum og starfsfólki. Gefið gaum að áfallastreitu meðal nemenda og kennara. Boðið upp á hópvinnu og einstaklingsviðtöl eftir þörfum.
- Utanaðkomandi aðstoð kölluð til eftir þörfum í samráði við miðstöð áfallahjálpar Sjúkrahúss Reykjavíkur.
- Sameiginleg athöfn í skóla eða kirkju.

Stefna í stærðfræðikennslu

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á að styrkja jákvætt viðhorf nemenda til stærðfræði með fjölbreyttum verkefnum og að efla sjálfstraust nemenda. Nemendur fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast veruleika þeirra og daglegu lífi, með þeim hætti þróa þeir skilning sinn á stærðfræðihugtökum og notkun

þeirra. Á fyrstu námsárunum er mikilvægt að hafa stærðfræði sýnilega og að nemendur fái tækifæri til að vinna hlutbundið með viðfangsefni hennar og leggur Laugarnesskóli metnað sinn í að styðja við það. Kennsluaðferðir í stærðfræði eru fjölbreyttar til að styðja sem best við nám nemenda og koma til móts við mismunandi þarfir þeirra. Fyrst er að nefna orðabók, nemendur skrá stærðfræðihugtök og skýringar í tiltekna bók sem fylgir nemendum í tvö ár í senn (1. – 2. bekk, 3. – 4. bekk og 5. – 6. bekk). Fleiri kennsluaðferðir eru m.a. innlögn eða bein kennsla, para- og/eða hópverkefni, námsleikir og spil, þrautir, vinnubókarvinna, útikennsla, verklegar æfingar og þjálfunarforrit.

Stefna Laugarnesskóla í upplýsingatækni og miðlalæsi

Umbætur í tölvu- og upplýsingamennt

Markmið:

- Að kennarar og nemendur líti á tölvur og jaðartæki sem sjálfsgöð verkfæri í dagsins önn
- Að kennarar og nemendur verði færir um að nýta sér upplýsingatækni og tölvukost við öll dagleg störf
- Að kennarar og nemendur verði færir um að nota tölvukost og net í námi og kennslu

Áætlun 2016-2020

- Bæta þráðlausa tengingu í skólanum
- Veita starfsfólki þjálfun með ýmsum námskeiðum (7 klukkustundir fyrir starfsmann í fullu starf) Grunnnámskeið á iOS stýrikerfi, þráðlausum tengimöguleikum, Windows og samhfæingu við iOS.
- Kenna kennurum að færa gögn úr spjalddölvum og sínum yfir á geymslusvæði skólans/kennarans
- Kenna kennurum að búa til og nota bekkjarvefsíður með Google
- Halda Smart töflu námskeið fyrir kennara
- Kenna á möguleika iPad í kennslu með Air server
- Þjálfa kennara í að nota spjalddölvur í kennslu (ýmis forrit sem gagnast við það)
- Kenna kennurum að nota fjarfundarbúnað til að eiga í samskiptum við aðra skóla og bekk
- Innleiðing Microsoft 365 reikninga og notkun þeirra. Veita starfsfólki fræðslu um möguleika og notkun þessara kerfa.

Markmið	Tilgangur	Rökstuðningur	Framkvæmd	Ábyrgð	Mat
Aukin þekking kennara á tækjum sem tengjast upplýsingatækni og möguleikum þráðlauss sambands við jaðartæki og ský.	Aukið tæknilæsi gerir kennara færa um að búa til og fylgja eftir hæfnimiðuðu m verkefnum þar sem tæknilæsi kemur við sögu Umfram allt þarf skólafólk að vera með það alveg á hreinu	Með þekkingu á möguleikum tækninnar eiga kennarar auðveldara með að setja sig inn í þann tækniheim sem nemendur þeirra lifa og hrærast í. Þekkingin eykur að öllum líkindum áhuga kennara á að nýta sér allt sem þeir koma auga á	Námskeið í virkni þráðlauss nets. Grunnfærni í að nýta sér þráðlausa tækni til miðlunar s.s. tengingu við net, vistun á neti eða skýi,	Skólastjórnendur	Starfsmannaviðtöl, vorskýrslur.

	hvernig tækin og tæknin nýtist í skólastarfi.	til að bæta nám nemenda sinna	notkun jaðartækja s.s. prentara, skjávarpa með eða án aðstoðar borðtölvu		
Aukin notkun nemenda á spjöldum og tölvum í námi sínu	Aukið tæknilæsi nemenda og vikkar sýn þeirra á tæknilegar lausnir verkefna	Vegna tækifæra sem tölvur gefa til fjölbreyttrar miðlunar hafa orð eins og stafrænt læsi/tæknilæsi (e. digital literacy/computer literacy), miðlalæsi (e. 16 media literacy) og upplýsingalæsi (e. information literacy), orðið til. Í þeim felst kunnáttan til að nýta sér tæknina til samskipta og efnissköpunar, þekkingin um notagildið, áhrif tækninnar á menningu og lýðræði og færnin sem ávinnst með því að læra á tæknina. Með stafrænu læsi/tæknilæsi er átt við getu til að nýta upplýsingatækni (e. computer technology) til að búa til efni af ýmsum toga og til samskipta	Kennarar búa til hæfnimiðuð verkefni sem nemendur leysa meðhjálp tækni.	Kennarar	Verkefnamat
		Tæknilæsi felur			

Því í sér
þekkingu og
skilning á þeirri
tækni sem notuð
er hverju sinni
og kunnáttu til
að nota hana,
bæði til að ná í
upplýsingar en
einnig til að
vinna með þær
og miðla efni til
annarra. Það má
því segja að
tæknilæsi
einstaklingur
skilji hvernig
tæknin virkar og
kunni að nýta
sér fjölbreytta
möguleika
tækjanna í
samspili við
viðfangsefni í
námi sínu eða
vinnu

Námsmarkmið nemenda:

Með notkun þessarar tækni og verkfæra vonumst við til að auka möguleika til á að ná fjölbreyttum árangri:

1. Stuðla að skilvirkara námi á öllum sviðum lestrar, skrift, vísinda, stærðfræði, samskiptahæfni, o.fl.

Tungumál:

· Nemendur nota ritvinnslu til að búa til ritgerðir, skýrslur, fyrirlestra, o.fl.

· Nemendur fá aðgang að gögnum á Netinu og undirbúa margmiðlunarkynningar.

(<https://www.google.is/webhp?sourceid=chrome-instant&ion=1&espv=2&ie=UTF-8#q=skjalasafn%20reykjav%C3%ADkur>)

· Nemendur taka þátt í gagnvirkum kennslustundum nota til þess Skype, Facetime, vefmyndavélar og fjarfundabúnað.

· Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum

Stærðfræði:

· Nemendur nota töflureikna til að greina línurit og gögn.

· Nemendur nota tölvuforrit og annan kennsluhugbúnað tengdan stærðfræði.

· Nemendur fá aðgang að gögnum á Netinu og undirbúa margmiðlunarkynningar.

· Nemendur taka þátt í gagnvirkum kennslustundum nota til þess Skype, Facetime, vefmyndavélar og annan fjarfundabúnað.

· Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum

Náttúrufræði:

- Nemendur fylgjast veðrinu í rauntíma í gegnum veðuröpp og vefmyndavélar (<http://www.vedur.is/vedur/athuganir/vefmyndavelar>)
- Nemendur nota Google Maps til að kanna plánetuna okkar (<https://www.google.is/maps>)
- Nemendur nota Google Sketchup til að búa 3D módel og gera tilraunir (http://www.sketchup.com/?gclid=CjwKEAajwsr-6BRCLVrj785rbhTsSJADjUxakyqF7lxNnt-UsKWHNE76mz_e0ND9DY0hqpsPuODuIOhoCstLw_wcB)
- Nemendur stunda og greina tilraunir með gagnvirkri smásjá og Pasco hugbúnaði (<https://www.pasco.com>) ?????????
- Nemendur nota tölvulíkön fyrir líffræði og jarðvísindi. (<https://www.pasco.com>) ?????????
- Nemendur fá aðgang að gögnum á Netinu og undirbúa margmiðlunarkynningar (<https://www.youtube.com/user/NatureVideoChannel>)
- Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum

Samfélagsfræði:

- Nemendur nota Google Maps til að kanna alla plánetuna okkar (<https://www.google.is/maps>)
- Nemendur birta skýrslur á neti með Podcasts (<https://en.wikipedia.org/wiki/Podcast>), Youtube og iMovies
- Nemendur stunda rannsóknir og fræðasd með aðgangi að rafrókum á neti
- Nemendur nota Internetið og gagnabanka til að safna upplýsingum (<https://www.google.is/webhp?sourceid=chrome-instant&ion=1&espv=2&ie=UTF-8#q=skjalasafn%20reykjav%C3%ADkur>)
- Nemendur fá aðgang að netinu og undirbúa margmiðlunarkynningar með Keynote, Powerpoint, iMovie og kvikmyndum
- Nemendur taka þátt í gagnvirkum kennslustundum nota til þess Skype, Facetime, vefmyndavélar og fjarfundabúnað.
- Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum (etwinning, Erasmus o.fl.)

Erlend tungumál:

- Nemendur nota hugbúnað til að auðvelda lestur og orðaforða í öðru tungumáli.
- Nemendur nota margmiðlun til að læra um mismunandi menningarheima.
- Nemendur fá aðgang að gögnum á Netinu og undirbúa margmiðlunarkynningar.
- Nemendur taka þátt í gagnvirkum kennslustundum nota til þess Skype, Facetime, vefmyndavélar og fjarfundabúnað.
- Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum

Sérgreinar:

- Nemendur nota ókeypis hugbúnað til Scratch til að læra tölvuforritun (<https://scratch.mit.edu/>)
- Nemendur nota ýmis smáforrit til tónlistarsköpunar og gera hljóðupptökur í tónmennt
- Nemendur nota ýmis smáforrit og önnur ókeypis forrit til myndsköpunar í myndmennt
- Nemendur nota tölvutæknina til að gera matreiðslubækur í heimilisfræði

2. Auka landfræðilega, menningarlega og pólitíska þekkingu á öðrum löndum.

Tungumál:

- Nemendur nýta sér þær bjargar sem í boði eru á bókasafni og í tölvuveri til þess að þjálfar lestur á erlendum málum um þjóðir og heimkynni þeirra.
- Nemendur nota Internetið sem tæki til að auka menningarlega vitund.
- Nemendur upplifa mismunandi menningarheima í gegnum vettvangsferðir á neti.
- Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum

Samfélagsfræði:

- Nemendur læra að leita að gögnum um lönd og þjóðir og nýta þau.
- Nemendur upplifa mismunandi menningarheima með vettvangsferðum á neti.
- Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum

Náttúrufræði

- Nemendur vinna með öðrum skólum/hópum með fjarfundabúnaði og kynnast náttúrunni með vettvangsferðum á neti.
- Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum

Erlend tungumál:

- Nemendur fá aðgang að erlendum fréttaveitum í gegnum Internetið og fara í vettvangsferðir á neti.
- Nemendur vinna með öðrum skólum með fjarfundabúnaði og ýmsum smáforritum

3. Efla miðlum þekkingar, upplýsinga, reynslu, og hugmynda með fjarskiptum og fjarnámi eins og fram kemur hér að framan.

Nota tækni til úrbóta, styrkingar, og auðgunar. Nemendur nota tölvu til að:

- Samþætta notkun á forritum í tölvu (ritvinnsla, gagnagrunnur, og töflureiknir)
- Öðlast grunnfærni færni í vírushreinsun með Avast (<https://www.avast.com>), Eusing (<http://www.eusing.com/>) og fl. ókeypis hugbúnaði
- Gera stuttmyndir (<http://www.apple.com/ios/imovie/>) og hljóðupptökur (<http://www.audacityteam.org/>)
- Nota leiðbeiningar og kennslu á neti

5. Skilja félagsleg og siðferðileg álitamál á sviði tækni.

Nemendur skilji og virði siðferðisviðmið og álitamál í tölvunotkun og skilji málefni svo sem friðhelgi, notendaleyfi, vírusa, opna tengipunkta (þráðlaust), o.fl. Nemendur virða höfundaréttarlög, friðhelgi, og afleiðingar ritstuldar.

6. Færni til nota tækni til að þróa og leysa vandamál.

- Nemendur þróa gagnrýna hugsun, færni og vinnu, túlka og meta gögn.
- Nemendur nota stafræna tækni til að finna, skipuleggja og miðla upplýsingum.

Stuðningur og starfsþróun

Allir kennarar og nemendur munu fá stuðning og þjálfun til þess að gera þeim kleift að kenna og læra með hjálp tölvu og internetsins. Skólinn mun veita kennurum fræðslu í starfsþróunartíma til að gera þá færari til að þjálfar nemendur í tölvufærni.

13. Agamál

Skólareglur

Skólareglur Laugarnesskóla eru unnar með hliðsjón af og í samræmi við 14. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og verklagreglur Reykjavíkurborgar um þjónustu við grunnskólanema með fjölpættan vanda.

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á samvinnu allra sem þar starfa við að byggja upp jákvæðan starfsanda og leysa ágreining friðsamlega, af umburðarlyndi og virðingu við alla. Undanfarin ár hefur verið innleitt heildstætt agakerfi PBS, sem miðar að því að allir starfsmenn skólans komi að mótun og viðhaldi æskilegri hegðun í skólanum. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að hver og einn virði náunga sinn sem sjálfan sig og trufla ekki aðra við vinnu sína.

Laugarnesskóli vill í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Í skólanum er unnið eftir einkunnarorðunum **lífsgleði, nám, samvinna, kærleikur**, og **ósk** eru skólareglur tengdar þessum meginstöðum. Til að tryggja gott skólastarf setjum við í Laugarnesskóla okkur starfsreglur sem gilda á skólatíma. Kennarar kynna nemendum skólareglurnar og ræðir mikilvægi þeirra í skólasamfélaginu. Að hausti er farið vel yfir reglurnar en jafnframt eru þær rifjaðar upp síðar eftir efnum og aðstæðum. Í samvinnu við heimilin vill starfsfólk skólans leitast við að vera nemendum góðar fyrirmyndir og leggja áherslu á að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun þeirra.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

Laugarnesskóli er Réttindaskóli UNICEF. Það þýðir að skólinn hefur Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu starfi og stefnumótun en samkvæmt 3. grein Barnasáttmálans eiga allar ákvarðanir byggjast á því sem er börnum fyrir bestu.

3. grein *Það sem barninu er fyrir bestu*

Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

12. grein *Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif*

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

13. grein *Tjáningarfrelsi*

Börn eiga rétt á að tjá sig nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Börn eiga rétt á að leita sér upplýsinga, taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri.

18. grein *Uppeldi og þroski*

Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna sinna og skulu taka mið af því sem börnunum er fyrir bestu. Stjórnvöldum ber að veita foreldrum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og þjónusta veitt til umönnunar barna.

19. grein *Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu*

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illri meðferð og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning.

Samskipti og framkoma

Grunnskóli er vinnustaður nemenda og þeirra annað heimili. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og

almennti vellíðan. Allir nemendur eiga rétt á að fá að stunda nám við skólann í friði og öryggi. Allir nemendur eiga rétt á að koma skoðunum sínum á framfæri.

Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skólans í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

- Við hrósum fyrir það sem vel er gert og hjálpumst að við að laga það sem miður fer.
- Við komum fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur.

Góð umgengni innandyra

Nemendum ber að ganga vel um húsnæði og skólalóð, virða þær reglur sem settar eru og fara að fyrirmælum starfsfólks. Nemendum og starfsfólki ber að sýna þrúðmannlega framkomu og bera virðingu fyrir öllu umhverfi sínu

- Við heilsum og kveðjum á hæverskan hátt og sýnum hvert öðru virðingu í orðum og gerðum.
- Við göngum ávallt hægra megin í stigum og á göngum
- Við göngum hljóðlega um skólahúsnæðið
- Við gætum þess að það ríki vinnufriður á sameiginlegum vinnusvæðum.
- Við bíðum í röð þangað til kemur að okkur
- Við hengjum yfirhafnir á snaga og röðum skóm snyrtilega.

Góð hegðun í matsalnum

- Við göngum í röð frá skólastofu í matsal
- Við bíðum í röð eftir því að komi að okkur
- Við sitjum þrúð á meðan við mötumst
- Höfum hljótt meðan borðað er.
- Við göngum snyrtilega frá þegar við erum búin að borða og förum aftur í stofuna eða í frímínútur.

Góð hegðun utandyra

Samskipti nemenda í útivist skulu einkennast af félagsanda, tillitssemi og virðingu fyrir umhverfi, skólafélögum og starfsfólki.

- Við tökum tillit til annarra í frímínútum.
- Við göngum vel um trjágróður og leiktæki.
- Ef við verðum vör við að einhverjir eru að brjóta skólareglur snúum við okkur til starfsmanna
- Við virðum rétt annarra til að fá að vera í friði.
- Við komum inn strax og skólabjallan hringir.
- Við köstum einungis snjó á afmörkuðu leiksvæði.
- Við látum hjól, hlaupahjól eða línuskauta vera kyrr í frímínútum.

Nemendur eiga að vera á skólalóð í frímínútum og halda sig á fyrirfram ákveðnum svæðum. Boltavöllum er úthlutað eftir ákveðnu kerfi og ber nemendum að virða rétt annarra til notkunar þeirra. Hætta skal leikjum þegar skólabjalla hringir og fara inn. Nemendum ber að fara í útivist í frímínútum.. Ef nemandi þarf að vera inni af einhverjum orsökum geta foreldrar óskað þess og þurfa að senda skriflega beiðni um slíkt til umsjónarkennara.

Góð hegðun í ferðum á vegum skólans

Skólareglur Laugarnesskóla gilda í öllum ferðum. Nemendur eru fulltrúar skólans í þeim ferðalögum sem farin eru á vegum hans. Þeim ber að hlíta sömu reglum á ferðalögum sem í skólanum. Komist nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagðar vettvangs- eða nemendaferðir er honum ætlað að mæta í skólann

til annars skólastarfs. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um fyrirhuguð ferðalög/vettvangsferðir tímanlega. Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt þarf skriflegt leyfi foreldra/forráðamanna. Hafi málum nemanda verið vísað til skólastjórnenda vegna brota á skólareglum er það ákvörðun skólastjórnar í samráði við umsjónarkennara hvort viðkomandi nemandi fær heimild til þátttöku í ferð á vegum skólans. Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að nemandinn fái umönnun eða kennslu á meðan á ferðinni stendur og tilkynna foreldrum/forráðamönnum ástæður og tilhögun. Gerist nemandi sekur um brot á skólareglum eða landslögum þar sem hann er á vegum skólans verður hann sendur heim á kostnað foreldra / forráðamanna sinna.

Verklagsreglur um líkamlegt inngrip

Verklagsreglur skólans um líkamlegt inngrip í mál nemenda eru byggðar á leiðbeiningum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um túlkun 13. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Nemendur og foreldrar skulu upplýstir um verklagið í upphafi hvers skólaárs um leið og aðrar skólareglur eru kynntar.

Starfsfólki skólans eða öðrum sem koma fram fyrir hans hönd er bannað að beita nemendur líkamlegum refsingum

Líkamlegt inngrip í aðstæður er einungis er leyfilegt verði að grípa inn í atburðarás sem valdið gæti líkamstjóni eða skaða, eða stórfelldu eignatjóni. Því skal einungis beitt í ítrustu neyð þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til.

Áður en gripið er inn í aðstæður skal reyna af fremsta megni að aðvara þann sem fyrir því verður og gefa honum kost á að láta af óæskilegri hegðun sinni. Gerist það ekki má grípa inn í. Sjái starfsmaður fram á að hann ráði ekki við aðstæður einn síns liðs skal hann kalla til aðstoð annarra starfsmanna.

Láta skal af inngripi þegar hætta er liðin hjá.

Þurfi að beita nemanda líkamlegu inngripi skal það tilkynnt umsjónarkennara tafarlaust og foreldrar upplýstir um málið. Einnig ber að upplýsa skólastjórnendur um málið

Umsjónarkennari skráir atvikið í dagbók nemanda í Mentor í samvinnu við þann sem greip inn í atburðarás.

Atvik sem leiðir til líkamlegs inngrips telst að öllu jöfnu vera 3. stigs agabrot samkvæmt skólareglum nema ef um sérstaklega alvarleg mál en þá telst það 4. stigs brot og skal fara með það sem slíkt.

Öryggisatriði

Af öryggisástæðum er þess óskað að reiðhjól séu búin nagladekkjum þegar hálka er eða snjór. Samkvæmt umferðalögum á allur búnaður á reiðhjólum að vera í lagi og að nemendur séu með hjálma. Það sama gildir um hjólabretti, hlaupahjól og línuskauta.

Reiðhjól, hlaupahjól, línuskautar og hjólabretti eiga að vera læst og ónotuð á skólatíma nema með leyfi kennara eða skólastjórnenda.

Peningar, tæki og önnur verðmæti

Nemendum er óheimilt að koma með peninga í skólann að þarflausu. Verðmæti skulu ekki skilin eftir í fatnaði á göngum eða í búningasklefum. Verðmæti sem nemendur taka með sér í skólann eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna. Valdi nemandi skemmdum á búnaði og tækjum skólans, starfsfólks eða skólafélaga skulu forráðamenn bæta tjónið. Skólinn ber ekki ábyrgð á reiðhjólum né hlaupahjólum sem nemendur koma á í skólann. Öll mál sem tengjast skemmdum verða foreldrar að gera upp sín í milli. Nemendum ber að fara vel með námsgögn sem þeim eru fengin. Týni nemandi bók eða kennslutæki sem hann ber ábyrgð á eða skemmi af ásettu ráð, ber forráðamönnum að bæta skaðann.

Reglur um tækjanotkun

Nemendur í 3.-6. bekk hafa spjaldtölvu til afnota í skólanum en yngri nemendur hafa aðgang að slíkum tækjum endrum og sinnum. Notkun tækjanna er undir verkstjórn kennara.

Síma og önnur raftæki nemenda á að geyma í skólatösku og stilla þannig að þau gefi ekki frá sér hljóð, hvort sem er á kennslutíma eða í frímínútum.

Hollusta og næring

Nemendur eiga þess kost að kaupa heita máltíð í hádeginu en greiðsla fyrir matinn er innheimt mánaðarlega fyrirfram. Þeir sem ekki eru í mataráskrift hafi með sér hollt nesti sem þeir neyta í matsal.

Nemendur skulu koma með hollt morgunnesti og mælst er til að þeir komi með ávexti og grænmeti.

Sælgæti, sætabrauð og gosdrykkir eru ekki leyfðir í skólanum eða í ferðum á vegum hans nema við sérstök tækifæri. Neysla matar og drykkjar er óheimil á göngum skólans.

Reglur um skólasókn

Stundvísi

Nemendum er skylt að sækja grunnskóla sbr. 3. gr. grunnskólalaga. Góð skólasókn er nemandanum mikilvæg ef námið á að skila árangri. Foreldrum/forráðamönnum ber skylda til þess að börn þeirra stundi skólann af alúð og samviskusemi. Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi og sýni námi sínu virðingu. Skólasóknareinkunn birtist í Mentor og eru foreldrar/forráðamenn hvattir til að skoða hana reglulega. Yfirlit yfir skólasókn nemenda eru send í tölvupósti mánaðarlega.

Ástundun

- Við upphaf hverrar annar byrjar hver nemandi með skólasóknareinkunnina 10. Komi nemandi til kennslustofu á eftir kennara og kennsla er hafin telst hann seinn.
- Hvert sinn sem nemandi mætir of seint dragast 0,2 frá skólasóknareinkunn.
- Við hverja óheimila fjarvist eru 0,4 dregnir frá einkunninni og komi nemandi **15 mínútum of seint** eða meira skráist það sem óheimil fjarvist.
- Sé nemanda vísað úr tíma dragast 0,7 frá einkunninni. Sé mætingum ábótavant, nemandi óstundvís eða skrópar, verður gripið til aðgerða sem hér segir:
- Strax og einkunn fyrir ástundun fer niður fyrir 9,0 sendir umsjónarkennari foreldrum sent bréf og síðan aftur ef einkunn fer niður fyrir 7,0.
- Fari einkunn niður fyrir 6,0 eru foreldrar boðaðir á fund umsjónarkennara og deildarstjóra.
- Ef einkunn í ástundun fer niður fyrir 5,0 eru foreldrar boðaðir á fund umsjónarkennara og skólastjórna.

Beri þessar aðgerðir ekki tilætlaðan árangur er ástundun nemandans lögð fyrir Nemendaverndarráð skólans þar sem ákvörðun er tekin um framhald.

Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða foreldrar eftir ráðgjöf og

þjónustu frá þjónustumiðstöð hverfisins.

- Fulltrúi þjónustumiðstöðvar vinnur með skólastjóra og foreldrum að lausn málsins.
- Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann þá er málið tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.
- Teymi stofnað um málið. Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess.

Forföll og leyfi

Forföll nemenda þarf að tilkynna strax að morgni. Ef misbrestur verður á því er hringt heim til nemenda til að kanna ástæðu fjarveru. Forföll sem ekki eru tilkynnt samdægurs verða skráð sem óheimil fjarvist.

Forföll nemanda sem skráður er veikur þarf að tilkynna daglega. Umsjónarkennari getur veitt leyfi í einn dag en ef um fleiri daga er að ræða skal sækja um það í gegnum Mentor og er leyfið þá háð samþykki

skólastjórnenda. Sé sótt um leyfi í fleiri en 10 kennsludaga skal nemendaverndarráð skólans fjalla um umsóknina. Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að nemandi vinni upp það nám sem þeir verða af í leyfum.

Viðbrögð við agabrotum

Ávallt skal tekið á agabrotum af fyllstu alvöru í samvinnu allra starfsmanna skólans. Áhersla er lögð á að umsjónarkennari ræði brotið við nemandann og hjálpi honum að leysa farsællega úr málum sínum um leið og þau koma upp. Ef mál koma upp hjá sérgreinakennara þá ræðir hann við nemandann og gerir umsjónarkennara grein fyrir því. Sama gildir um mál sem upp koma í frímínútum, þau ber að tilkynna umsjónarkennara. Komi til þess að víkja þurfi nemanda úr tíma skal honum komið í umsjá starfsmanns skólans. Sé nemanda vísað úr tíma eru forsjáraðilar upplýstir um ástæður þess.

1. stigs agabrot.	
Ef nemandi:	Viðbrögð
• ögrar, þrasar og lendir í rifrildi • truflar athafnir, leiki eða vinnu annarra • gengur illa um • notar særandi, niðrandi orðbragð eða hæðni	• Starfsmaður ræðir við nemandann, honum er leiðbeint og lögð áhersla á að hann skilji hvaða reglu hann braut. • Nemandinn endurtekur regluna • Sé um ítrekað brot að ræða lätur umsjónarkennari foreldra vita símleiðis.

2. stigs agabrot	
Ef nemandi:	Viðbrögð
• neitar að fylgja fyrirmælum • er ókurteis • hrekkir og stríðir öðrum • lendir í stimpingum	• Starfsmaður ræðir við nemandann og lätur umsjónarkennara vita. • Umsjónarkennari upplýsir forsjáraðila. • Sé um ítrekað brot að ræða boðar umsjónarkennari foreldra til fundar

3. stigs agabrot	
Ef nemandi:	Viðbrögð
• sýnir ógnandi hegðun • lendir í slagsmálum • skemmir eigur annarra eða skólans • sýnir ítrekuð 2. stigs brot	• Nemandi er færður til deildarstjóra og rætt við hann. • Umsjónarkennari/deildastjóri boðar foreldra til viðtals. • Málinu vísað í lausnateymi

4. stigs agabrot	
Ef nemandi:	Viðbrögð
• sýnir alvarlegt ofbeldi • stelur • fremur innbrot í skóla • fremur alvarleg skemmdarverk	Þegar 4. stigs agabrot koma upp metur skólastjóri hverja af neðangreindum leiðum hann velur að fara:

Leið 1 Lausnarleið skóla:

- Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
- Nemandi sendur heim í samráði við foreldra á meðan málið er til frekari skoðunar.
- Ef um ofbeldi er að ræða hefur skólastjóri samband við foreldra þolanda. Ef ekki er um kæruforskið að ræða leitar skólastjóri heimildar foreldra til lausnar málsins innan skólans.
- Skólastjóri hefur samband við þjónustumiðstöð hverfisins og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.
- Fundað með geranda og foreldrum hans um framhald málsins. Ráðgjöf og þjónusta boðin frá þjónustumiðstöð hverfisins.
- Tilkynning send til Barnaverndar Reykjavíkur ef talin er þörf á.
Lausnarleið ákveðin í samráði við aðila.

Finnist ekki viðunandi lausn er málinu vísað til Barnaverndar Reykjavíkur sem heldur utan um málið á meðan leitað er frekari lausnar

Leið 2 Lögregla:

- Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
- Skólastjóri tilkynnir lögreglu um málið og fer fram á rannsókn málsins.
- Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda. Það tilkynnt foreldrum og skólamefnd.
- Lögregla rannsakar málið. Um framhald máls fer samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar.
- Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um minniháttar mál er að ræða fer framhald málsins samkvæmt lausnarleið skóla.
- Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um alvarlegt lögbrot hefur verið að ræða fer um framhald málsins samkvæmt eftirfarandi ferli:
- Lögregla tilkynnir Barnavernd Reykjavíkur um málið, sem vinnur í málinu. Fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur kallar til fundar fulltrúa þjónustumiðstöðvar hverfisins, Menntasviðs Reykjavíkur, skóla og foreldra viðkomandi nemanda. Aðilar vinna að lausn málsins.
- Teymi stofnað um málið þar sem Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, tímabundinni brottvísun eða í öðru sérúrræði.

Finnist ekki viðunandi lausn geta aðilar vísað ágreiningi til úrlausnar og úrskurðar til Mennta-og menningarmálaráðuneytisins.

PBS

PBS (Positive behavior support) er heildstætt vinnulag þar sem hvatt er til jákvæðrar hegðunar með kerfisbundnum hætti í stað þess að einblína á neikvæða hegðun og refsingar. PBS er þríþætt kerfi sem nær til alls skólasamfélagsins. Það felur í sér stuðningskerfi fyrir skólann í heild, bekk/hópa og einstaka nemendur.

Vinnulagið miðar að því að allir starfsmenn skólans fái þjálfun í að móta og viðhalda æskilegri hegðun hjá nemendum. Væntingar til hegðunar eru gerðar mjög skýrar og aðgengilegar.

Markmið með PBS

- Auka félagsfærni og námsárangur með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun.

- Draga úr óæskilegri hegðun með því að búa til skýrar reglur um samskipti. Áhersla er lögð á að sjá fyrir og fyrirbyggja hegðunarvanda með skýrum agaferli
- Samræma aðferðir og vinnulag starfsfólks skóla til þess að auka æskilega hegðun og koma í veg fyrir óæskilega hegðun.

Allt starfsfólk skólans fær kennslu og þjálfun í að þekkja æskilega hegðun nemenda í öllum skólaaðstæðum. Síðan er nemendum kennt hvaða væntingar eru gerðar til þeirra. Hegðun er æfð og með notkun markviss hróss, viðurkenningar og hvatningarkerfis (t.d. með notkun smella) eru nemendur hvattir til að sýna jákvæða hegðun. Í skólabyggingunni eru hengdar upp myndir í augnhæð nemenda sem sýna margar af þeim reglum og væntingum sem gilda og sem hjálpa nemendum að muna hvernig þeir eiga að haga sér.

Óæskileg hegðun nemenda er skilgreind og hún stöðvuð markvisst skv. fyrirfram gerðum agaferli skólans. Lögð er áhersla á að kenna nemendum aðferðir til að leysa vanda sem upp kemur.

Náin samvinna við foreldra og aðstandendur er mikilvæg til að stuðla að góðri hegðun hjá nemendum, sem skilar sér í bættum námsárangri, félagsþroska og góðri líðan.